


26 kjörstaðir til vinstri og hægri



Valdir kjörstaðir á 20% afslætti

Við hjá **PLAY** leggjum áherslu á að bjóða glæsilegt úrval áfangastaða vítt og breitt um Evrópu og Bandaríkin. Við setjum ferðamálin í forgang og mætum ört vaxandi ferðalöngun fólks með því að bjóða valda áfangastaði á 20% afslætti. Með ódýrum fargjöldum höldum við uppi virkri samkeppni, okkur öllum til heilla. Hvert kýst þú að fljúga með okkur?

Bókaðu þína ferð á flyPLAY.com

PLAY

Kjóstu rétt og kíktu út að leika

Veldu þinn áfangastað

Langar þig að drekka í þig list og hönnun, flatmaga á sólríkri strönd, njóta matar og menningar, fara á skíði í fersku Alpalofti eða spóka þig á sögufrægum strætum? Þitt er valið – kjóstu með hjartanu!



20%
afsláttur

Barcelona



20%
afsláttur

New York

FYRSTA FLUG: 9. JÚNÍ



Alicante



Genf

FYRSTA FLUG: 1. FEBRÚAR 2023



20%
afsláttur

Dublin



20%
afsláttur

París



20%
afsláttur

Bråndheimur

FYRSTA FLUG: 31. MAÍ



Orlando

FYRSTA FLUG: 30. SEPTEMBER



Gran Canaria

Óttast að hann lifi foreldrana

Foreldrar þroskahlaðs manns segja úrræðaleysi í húsnæðismálum átakanlegt. > 36



Finnst lagið vandað og ljúft

Erlendir blaðamenn í Tórinó virðast hrifnir af íslenska framlaginu í Eurovision > 34



Láttu áhyggjuleysið elta þig í sumar

Kynntu þér enn betri húsvagnatryggingu

vís

FRÉTTABLAÐIÐ

99. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 14. MAÍ 2022

Kvöldið er heilagt

Fáir elska Reykjavík jafn heitt og Gísli Marteinn Baldursson. Hann færir okkur Eurovision frá Tórinó í kvöld og vakir svo yfir Reykjavík þar til úrslit kosninganna liggja fyrir. Hann er einn forvitnasti maður landsins og skammast sín ekki fyrir að skipta um skoðun. > 30

MYND/GÍSLI BERG

GRÆJADU ÞIG FYRIR
EUROVISION PARTÍÐ MEÐ
PIZZAOFNI FRÁ OONI

Fjölbreytt úrval pizzaofna í boði

BAKAÐU
ÍTALSKAR PIZZUR
Á 60 SEK.

ELKO

Kosningavakt á vef Fréttablaðsins um helgina

lovisa@frettabladid.is

KOSNINGAR Á vef Fréttablaðsins verða alla helgina fluttar fréttir af sveitarstjórnarkosningum sem fara fram í dag.

Fjallað verður um kjörsókn og kosningabaráttu flokkanna allt til enda, auk þess sem allar helstu tölur verða birtar um leið og þær berast. Rætt verður við frambjóðendur meðan kosning fer fram og eftir að henni lýkur. Og viðbrögð fengin eftir því sem talningu vindur fram.



Kosningavökur og Eurovision-partí verða heimsótt til að taka púlsinn á stemningunni

Rætt verður við sérfræðinga og frambjóðendur um allt land á meðan beðið er eftir síðustu tölum. Kosningavökur og Eurovision-partí verða heimsótt til að taka púlsinn á stemningunni.

Hægt er að senda inn ábendingar á ritstjorn@frettabladid.is um efni sem gæti nýst kosningavaktinni. ■

Síðasti sénsinn



Það neistaði af og til milli oddvita í kappræðum Ríkisútvarpsins í gær enda einn síðasti sénsinn til að láta ljós sitt skína fyrir kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meirihlutinn hangir á blápræði

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Útlit er fyrir spennandi borgarstjórnarkosningar miðað við tvær kannanir sem birtar voru í gær. Annars vegar könnun Maskínu sem sýnir meirihlutann halda með einum manni og hins vegar könnun Gallup sem sýnir hann fallinn með einum.

Samfylkingin er stærst í báðum könnunum, fær 22,8 prósent hjá Maskínu en 24 hjá Gallup. Það myndi þýða 6 borgarfulltrúa. Þá kemur Sjálfstæðisflokkurinn með 20,5 hjá Maskínu og 21,5 hjá Gallup, sem sagt 5 eða 6 fulltrúa.

Framsóknarflokkurinn mælist með 4 borgarfulltrúa inni í báðum könnunum. Hjá Gallup fær hann 17,5 prósent. Skammt undan eru Píratar sem mælast með 3 til 4 fulltrúa.

Fjórir listar, Viðreisn, Vinstri græn, Flokkur fólksins og Sósíalista-



Fjórir flokkar mælast með einn borgarfulltrúa í báðum könnunum.

flokkurinn, mælast með 1 borgarfulltrúa í báðum könnunum. Mest fylgi fær Sósíalistaflokkurinn, á sjöunda prósent í báðum könnunum. En minnst Vinstri græn, sem hafa rúmlega 4 prósent.

Miðflokkurinn mælist með innan við 4 prósent sem myndi ekki duga til að halda sínum borgarfulltrúa. Ábyrg framtíð og Reykjavík, besta borgin eru enn lengra frá því að ná inn manni. ■

Kosningasjónvarpið hefur Eurovision af Ólafi Harðar

Stjórnmálafræðingurinn Ólafur Þ. Harðarson telur ekki endilega víst að skörun Eurovision-keppninnar við kosningarnar í dag muni hafa áhrif á kjörsókn. Hitt er hins vegar víst að hann mun, sem önnur kjölfestan í kosningasjónvarpi RÚV, missa af keppninni þetta árið.

odduraevar@frettabladid.is

KOSNINGAR „Við vonum að við vinnum í Eurovision og að það verði 90 prósent kjörsókn,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor emeritus, þegar kenningar um að hætt sé við því að söngvakeppnin muni draga úr kjörsókn í borgar- og sveitarstjórnarkosningum dagsins eru viðraðar.

„En þetta er skemmtileg tilgáta og skemmtileg þæling. Auðvitað getur það gerst að fólk er bara einfaldlega með hugann við annað, en sem betur fer er það nú þannig að það eru ennþá til Íslendingar sem geta bæði gengið og tuggið tyggigúmmi á sama tíma.“

„En ætlar þú að horfa á Eurovision?“ „Ég á mjög erfitt með það því við verðum uppi í stúdíói með svona rennsli og æfingar á Eurovision-tímanum en annars horfi ég alltaf á Eurovision,“ segir Ólafur sem verður sem fyrr kjölfestan í kosningasjónvarpi RÚV ásamt Boga Ágústssyni.

„Ég horfði á stelpurnar komast áfram og hafði nú verið hallur undir hitt lagið, með Reykjavíkurdætrum, en þetta er lag sem venst vel og sumum finnst þetta öðruvísi og halda að þetta eigi séns. Það er vonandi, því það er svo breytilegt í Eurovision hvers konar lög eru í tisku þetta og þetta árið.“

Lítill Eurovision-áhrif

Kjörsóknin virðist síðan sveiflast eftir svipuðum lögmálum milli ára,



Ólafur Þ. Harðarson er í klemmu milli Eurovision og sveitarstjórnarkosninganna en hefur litlar áhyggjur af Eurovision-áhrifum á kjörsóknina í dag.

SKJÁSNOT/RÚV



2014 hélt kjörsóknin áfram að minnka og þá var ekkert Eurovision, þannig að kannski voru áhrifin 2010 ekki Eurovision-áhrif.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor emeritus

óháð tiskusveiflum í söngvakeppninni. „Í síðustu tvennum sveitarstjórnarkosningum hefur hún verið lægri en í áratugi, eða í kringum tvo þriðju,“ segir Ólafur þegar hann er spurður hvort hafa þurfi áhyggjur af dræmri kjörsókn í dag.

„Hún hafði lengi verið í kringum 80 prósent í sveitarstjórnarkosningum en hefur lækkað síðan. Hún var lengi um í kringum 90 prósent í

alþingiskosningum en hefur undanfarið verið í kringum 80.

Þessi kjörsókn hefur farið minnkandi á Íslandi, bæði í þingkosningum og í sveitarstjórnarkosningum en hún er miklu lægri víðast annars staðar.“

Hefði verið betra ef Eurovision væri ekki í dag?

„Það er hugsanlegt en þetta hefur nú ekki breytt mjög miklu. Það var Eurovision á kjördag í alþingiskosningum 2007 og þá fór kjörsóknin örlítið niður, um 1 til 2 prósent, en svo fór hún aftur upp í næstu kosningum. Þannig að ef það voru einhver Eurovision-áhrif þá voru þau lítil.“

Í sveitarstjórnarkosningunum 2010 var kjörsóknin síðan mun minni en hún hafði verið 2006 og þá sögðu sumir: „Heyrðu þetta eru bara Eurovision-áhrif.“ En svo í kosningunum 2014 hélt kjörsóknin áfram að minnka og þá var ekkert Eurovision, þannig að kannski voru áhrifin 2010 ekki Eurovision-áhrif heldur bara almenn tilhneiging kjörsóknar í sveitarstjórnarkosningum til að fara minnkandi.“ ■



DÓRÐÍS LÓA - 1. SÆTI

BETRI ÞJÓNUSTA EINFALDARI BORG



Páll Óskar & Toyota kynna:

JÓNUSTUDAGUR DÓROTA

(ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA)

Í DAG 14. MAÍ KL. 11-15

Jón Jónsson og Frikki Dór í 10 ár

Stuð og stemning fyrir alla fjölskylduna og sápuþvottur fyrir bílinn hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Stilltu á K100 – FM 100,5.
Páll Óskar sér um stuðið.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabær

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær

Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bæjarflöt 13
Reykjavík

Arctic Trucks
Kletthálsi 3
Reykjavík

Nethamar
Garðavegi 15
Vestmannaeyjar

Bilageirinn
Grófinni 14a
Reykjanesbær



Börn í Rimaskóla

Samræmd próf til endurskoðunar

benediktarnar@frettabladid.is

SKÓLAMÁL „Já, og málin eru bara í vinnslu,“ segir Þorsteinn Sæberg, formaður Skólalögfræðingafélags Íslands, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort samræmd próf verði haldin í haust.

„Samræmd próf eru í endurskoðun á vegum ráðuneytisins og Menntamálastofnunar,“ segir Þorsteinn, en nú liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á samræmdu prófunum. Með þessu sé verið að vinna í að nútímavæða prófin.

„Það má segja að við síðustu tvær samræmdu próftökur hafi ýmislegt farið úrskeiðis og þá var ákveðið að endurskoða prófafyrirkomulagið,“ segir Þorsteinn og telur að það sé ánægja hjá skólafólki með þá ákvörðun. ■

Grunur um fleiri brot gegn börnum

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mál karlmanns sem ákærður er fyrir fjölda alvarlegra kynferðisbrota gegn fimm ólög-ráða stúlkum, virðist mun umfangs-meira en upphaflega var talið.

Samkvæmt heimildum RÚV rannsakar lögreglan tugi meintra brota mannsins til viðbótar og þurfti að fjölga í starfslíði Barnahúss vegna málsins.

Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan í nóvember síðastliðnum og er elsta málið sem ákæran snýr að fjögurra ára gamalt. Stúlkurnar fimm sem hann er talinn hafa brotið á eru á grunnskólaaldri og er hann ákærður fyrir sautján brot gegn þeim, þar á meðal kynferðislega áreitni, kynferðisbrot og nauðgun.

Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í síðasta mánuði og er gert ráð fyrir að dómur falli á næstu dögum. ■

Yfir helmingur íbúða seldur yfir ásettu verði

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í fyrsta sinn seldist meira en helmingur íbúða yfir ásettu verði samkvæmt mánaðarskýrslu hagdeildar HMS fyrir maímánuð sem birtist í gær.

Í febrúar hafði hlutfallið í fyrsta sinn farið yfir 40 prósent. Samkvæmt skýrslunni er sérstaklega mikil ásókn í íbúðir í fjölþýli á höfuðborgarsvæðinu en í mars seldust 61,2 prósent þannig íbúða yfir ásettu verði miðað við þriggja mánaða meðaltal.

Mikil eftirspurn eftir íbúðarhús-



Meðalsölutími í mars var 35,8 dagar á höfuðborgarsvæðinu og hefur aldrei verið styttri.

næði á sama tíma og framboð er af skornum skammti hefur leitt til þess að oft er bitist um íbúðir til sölu, segir í skýrslunni. Þar kemur einnig fram að rúmlega þúsund íbúðir voru auglýstar til sölu á landinu öllu í byrjun aprilmánaðar, sem er mjög svipað og verið hefur frá því í byrjun febrúar.

Meðalsölutími íbúða í mars var 35,8 dagar á höfuðborgarsvæðinu og hefur aldrei verið styttri. Í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins var einnig um met að ræða þar sem meðalsölutíminn var 44,1 dagur.



7.260 íbúðir voru í byggingu í mars.

Í mars voru 7.260 íbúðir í byggingu samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins og HMS sem er um 21,3 prósentu aukning frá síðustu talningu í september 2021 þegar 5.984 íbúðir voru í byggingu. ■

Óvissa vegna skorts á nýjum bílum

Bróðurpartur þeirra bíla-leigubíla sem pantaðir voru fyrir sumarið hefur ekki skilað sér til landsins. Forstjóri Bílaleigu Akureyrar segir stefna í algjört metsumar en óvissa tengd afhendingum geti sett strik í reikninginn.

ggunnars@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Frá því að Covid-19 faraldurinn braust út hafa bílaframleiðendur átt erfitt með að afhenda nýja bíla á tilsettum tíma. Hnókrar í framleiðslu og vöruflutningum hafa valdið miklum töfum og erfitt hefur reynst að vinna upp uppsafnaða eftirspurn.

Eftir að stríð braust út í Úkraínu hefur enn sigið á ógæfuhliðina hjá öllum stærstu framleiðendum. Stórar stálverksmiðjur í Úkraínu standa tómar og framleiðsla á ýmiss konar aukahlutum í bíla liggur niðri. Nýir bílar skila sér því bæði seint og illa inn á alla helstu markaði.

Vandamál þessu tengd eru farin að gera vart við sig í auknum mæli hér á landi nú þegar ferðaþjónustan er aftur að taka við sér eftir faraldurinn. En stór hluti þeirra erlendu gesta sem sækja Ísland heim reida sig á bílaleigubíla á ferðum sínum um landið.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar, segir þessar tafir skapa mikla óvissu inn í sumarið. „Eins og staðan er hjá okkur núna þá erum við búin að panta liðlega 1.500 nýja bíla fyrir sumarið en enn sem komið er hafa ekki nema 500 bílar skilað sér til landsins.“

Það er engin leið að vita hvenær þeir þúsund bílar sem upp á vantar skila sér til landsins, segir Steingrímur. „Við vinnum þetta bara frá einni viku til annarrar. En það eru



Engin leið er að vita hvenær nýir bílar skila sér til landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Við erum bara á fullu að reyna að kaupa bíla. Nýta allar þær leiðir sem eru færar.



Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar

allir í myrkrinu hvað þetta varðar. Bílaleigur, umboðin og framleiðendurnir sjálfir. Þetta er alþjóðlegt vandamál í bransanum sem við erum að reyna að ráða fram úr.“

Steingrímur nefnir sem dæmi húsbíla. Þegar sé orðið ljóst að þeir bílar sem fyrirtækið pantaði á síðasta ári muni ekki berast í tæka tíð og því hafi verið brugðið á það ráð að taka ákveðna leiguflokka úr sölu.

„Við erum bara á fullu að reyna að kaupa bíla. Nýta allar þær leiðir sem eru færar. En þetta er alþjóðlegt vandamál. Það eru allir að reyna að fóta sig í þessu ástandi,“ segir Steingrímur.

Staðan er samt sem áður nokkuð góð hjá bílaleigum miðað við mörg önnur íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu. Bílaleiga Akureyrar reiknaði



Stórar stálverksmiðjur í Úkraínu standa tómar og framleiðsla á ýmiss konar aukahlutum í bíla liggur niðri.

með að vera með um 6 þúsund bíla í umferð í sumar, sem er talsverð aukning frá árunum fyrir faraldur. „Það stefnir í algjört metsumar ef mið er tekið af bókunum. Vandamálið er að við vitum ekki hvenær bílarnir sem við höfum pantað skila sér til landsins.“ ■

100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.





Reykjavík á réttri leið

Kæru Reykvingar.

Í dag eru mikilvægar kosningar.

Borgin okkar hefur aldrei verið kraftmeiri, fjölbreyttari og skemmtilegri. Það er mikilvægt að við höldum áfram að þróa Reykjavík í græna átt með áherslu á jöfnuð og velferð, fjárfestingar í leik- og grunnskólum og uppbyggingu húsnæðis fyrir alla.

Í dag kjósum við líka um það hvort Borgarlína verði að veruleika og hvort Miklabraut fari í stökk. Við kjósum um græna borg, loftslagsmál, um skýra framtíðarsýn og lífsgæði fyrir okkur öll.

Til að þessi spennandi og jákvæða umbreyting á borginni haldi áfram þarf skýra framtíðarsýn og útsjónarsemi – en líka úthald, festu og seiglu.

Reykjavík er á réttri leið og ég bið um þinn stuðning til að halda áfram.

XS

Ísland mengaði meira en í fyrra

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2021 var 7 prósentum meiri en 2020 í CO2 ígildum. Allir íslenskir þátttakendur í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) hafa skilað inn CO2 ígildum.

Uppgerðar losunarheimildir flugrekenda jukust um 42 prósent. Losunin í iðnaði jókst um 3,6 prósent. Helsta ástæða þessarar aukningar er að PCC Bakki jók við framleiðsluna.

Flugrekendur um Evrópu losuðu 26,7 milljón tonn af CO2 ígildum út í andrúmsloftið í fyrra en iðnaðurinn spúði út 1,311 milljörðum tonna af CO2 ígildum sem var 7,3 prósent aukning milli ára. ■

Næg sumarstörf fyrir námsmenn

birnadrofn@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Ekki verður farið í sérstakt sumarátak fyrir námsmenn í atvinnuleit hjá Vinnuálastofnun (VMST) í ár líkt og gert var á síðasta ári. Unnur Sverrisdóttir, forstjóri VMST, segir ástæðuna fyrst og fremst gott atvinnuástand.

„Atvinnulífið hefur tekið hratt við sér og atvinnuleysi lækkar hratt milli mánaða. Ferðaþjónustan alveg hreint æpir á starfsfólk,“ segir Unnur.

Hún segir námsmenn í atvinnuleit geta leitað til Vinnuálastofnunar VMST eftir upplýsingum og þar sé einnig hægt að sækja um hin ýmsu störf. „Kannski þarf fólk þá að taka einhverju starfi á meðan það leitar að sínu draumastarfi,“ segir Unnur.

Vinnuálastofnun tekur um þessar mundir upp nýtt tölvukerfi. Ekki verður hægt að fara inn á Mínar síður á vef VMST fram á þriðjudag vegna þessa. Þá verður skrifstofan lokuð á næsta mánuðag. ■

Fatlað fólk átt í vanda með að nýta kosningarétt sinn vegna hindrana

Réttindagæsla fatlaðs fólks verður til stuðnings og aðstoðar á öllum kjörstöðum í dag. Það getur verið ógnvænlegt og kvíðavaldandi fyrir fatlað fólk að mæta á kjörstað. Viðmót og aðgengi skiptir miklu máli.

birnadrofn@frettabladid.is

KOSNINGAR Réttindagæsla fatlaðs fólks verður til stuðnings og aðstoðar á öllum kjörstöðum í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara í dag. Réttargæslan verður á kjörstöðum frá því klukkan níu í dag til klukkan tíu í kvöld þegar kjörstöðum verður lokað.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá Proskahjálpi, segir ástæðu þess að réttargæslan verði á svæðinu þá að fatlað fólk hafi átt í miklum vanda með að nýta kosningarétt sinn.

„Það er bæði vegna fordóma í samfélaginu og hindrana á kjörstöðum,“ segir Inga. Hún segir hindranirnar geta verið af ýmsum toga. „Þær geta snúið að því að dregið sé úr einstaklingunum, að aðgengi sé ekki nægilega gott, að þau fái ekki nægar upplýsingar um kosningarnar eða næga aðstoð á kjörstað, svo dæmi séu tekin,“ segir hún.

Inga segir að um áramót hafi tekið gildi lagabreyting sem heimili fólki með þroskahömlun eða skyldar fatlanir að nýta sér aðstoð á kjörstað. Áður hafi aðstoð á kjörstað verið bundin við tvær tegundir fatlana, fólk sem gat ekki notað hendur sínar og blinda og sjónskerta.

„Með breytingunni geta allir fatlaðir nýtt sér aðstoð á kjörstað sem felst til dæmis í því að komast á kjörstað, fara inn í kjörklefann, merkja við, setja atkvæðið í kjörkassann eða bara hvað það sem fólk þarf aðstoð með,“ útskýrir Inga.

Þá segir hún að í breytingunum felist einnig meira frelsi til fatlaðra



Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri



Anna Lára Steindal, verkefnastjóri

kjösenda þegar kemur að aðstoð á kjörstað. „Fólk getur valið hvort það nýtir sér aðstoð réttindagæslunnar eða það getur tekið með sér aðstoðarfólk sem það þekkir og treystir,“ segir Inga.

Inga segir að fyrir fjölda einstaklinga með fötlun geti það eitt að fara á kjörstað verið ógnvænlegt, erfitt og jafnvel kvíðavaldandi. „Við vitum um dæmi þess úr síðustu kosningum þar sem það tók einstakling tvær klukkustundir að kjósa. Það eru margir sem þurfa að

hafa mikið fyrir því að kjósa og þess vegna er réttindagæslan á vaktinni. Til þess að tryggja það að fólk fái að nýta kosningaréttinn sinn, sem er einn dýrmætasti réttur sem við eigum.“

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar, segir viðmót á kjörstað sérlega mikilvægt þegar kemur að fötluðum kjósendum. „Ekki bara aðgengið heldur móttökurnar og framkvæmdin öll,“ segir hann.

„Félagsmálaráðherra sendi kjör-

stjórnunum sérstaka hvatningu um að vanda sig í öllu sem lýtur að upplýsingagjöf og viðmóti. Okkur þykir mjög vænt um það og við vonum að þetta hafi áhrif vegna þess að við höfum fengið ábendingar um að fólki finnst ekki hafa verið tekið á móti því eins og því þætti eðlilegt,“ segir Árni.

Proskahjálpi hefur undanfarið boðið einstaklingum upp á sýndarveruleikajálfun sem ætlað er að draga úr kvíða fyrir kosningunum og til að hjálpa fólki að undirbúa sig. Um er að ræða sýndarveruleika sem sýnir alvöru kjörstað þegar einstaklingurinn setur upp tölvugleraugu.

„Það hafa margir nýtt sér þetta en einstaklingum með fötlun getur þótt erfitt að fara á kjörstað og þetta er ein leið til að auðvelda þeim það,“ segir Anna Lára Steindal, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá Proskahjálpi. ■

Inga segist vita dæmi þess að tekið hafi fatlaðan einstakling tvær klukkustundir að kjósa. Proskahjálpi hefur boðið upp á sýndarveruleika þar sem fólk getur undirbúið sig fyrir kosningar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Sjálfstæðisflokkurinn lætur verkin tala.

ÞAD
BESTA FYRIR
HAFNARFJÖRD

XD

Kjósum framfarir, farsæld og fagran bæ.
Setjum X við D.

Tryggjum áfram árangur og ábyrga stjórnun í Hafnarfirði með góðri kosningu Sjálfstæðisflokksins!

Það er ekki tilviljun að um 90% Hafnarfirðinga eru ánægð með bæinn sinn. Síðan Sjálfstæðisflokkurinn komst í meirihlutasamstarf fyrir 8 árum hefur verið tekið til í fjármálum sveitarfélagsins og nú blómstrar bærinn, íbúum fjölgar og mikið uppbyggingarskeið er hafið.



Göngum lengra – um allt land á kjördag

Kosningakaffi

Akureyri

Brekkugata 7, 600 Akureyri – 12.00-17.00

Árborg

Kosningaskrifstofa VG, Fagrabæ – Frá kl. 10.00

Borgarbyggð

Hótel B59, Borgarbraut 59, Borgarnes – 11.00-18.00

Fjarðabyggð

Kosningamiðstöð VG, Molanum, Reyðarfirði
Frá kl. 14.00

Hafnarfjörður

Fjaran (við Fjörukrána), Víkingastræti 1-3,
Hafnarfirði – 11.00-17.00

Kópavogur

Kosningaskrifstofa VG, Bæjarlind 2 – 12.00-17.00

Mosfellsbær

VG Stofan, Kjarna, Þverholti 2,
Mosfellsbæ – 13.00-16.00

Múlaþing

Vesturvegi 8, Seyðisfirði – 11.00-12.00
Nían, Miðvangi 1-3, Egilsstöðum – 13.00-18.00
Löngubúð, Djúpaþingi – 16.00-17.00

Norðurþing

Hvalasafnið á Húsavík – Frá kl. 14.00

Reykjavík

VG Portið, Bankastræti 2, 101 Reykjavík
Frá 12.00-17.00

Skagafjörður

Saudá, Sauðárhlið 70, 550 Sauðárkrúkur
Frá 14.00-17.00

Kosningavökur

Akureyri

Kosninga- og Eurovisionvaka,
Brekkugötu 7, Frá kl. 19.00

Árborg

Kosninga- og Eurovisionvaka,
kosningamiðstöð VG, Fagrabæ – Frá kl. 19.00

Borgarbyggð

Kosninga- og Eurovisionvaka, Hótel B59,
Borgarbraut 59, Borgarnes – Frá kl. 18.30

Fjarðabyggð

Kosninga- og Eurovisionvaka, kosningamiðstöð VG,
Molanum, Reyðarfirði – Frá kl. 18.00

Norðurþing

Hvalasafnið á Húsavík – Frá kl. 21.00

Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur og Mosfellsbær

Kosninga- og Eurovisionvaka, Ægisgarður,
Eyjarlóð 5, Granda – Húsið opnar 18.30

Skagafjörður

Kosninga- og Eurovisionvaka, Sauða,
Sauðárhlið 70 – Frá 19.00

Akstur á kjörstað

Akureyri	844 1555
Árborg	696 6235
Borgarbyggð	616 7417
Fjarðabyggð	662 8526
Hafnarfjörður	690 1800
Kópavogur	557 2022
Mosfellsbær	820 0320
Múlaþing	662 8526
Norðurþing	864 0759
Reykjavík	893 7861
Skagafjörður	842 6033



x22.vg.is



Hjólhýsafólk á Laugarvatni í óvissu fram yfir kosningar

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Ósk eigenda eigna á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni um að fá að vera þar áfram gegn því að fjármagna sjálfir brunavarnir á svæðinu, var ekki svarað á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á þriðjudag eins og til stóð.

Formaður og gjaldkeri Samhjól, félags hjólhýsaeigenda á Laugarvatni, mættu til fundar við sveitarstjórnina og sögðu mikla samstöðu með félögum í Samhjól um málið.

Á fundinum var lagt fram minnisblað frá lögmanni þar sem farið var yfir breytingar sem hafa orðið á byggingarreglugerð varðandi svokölluð stöðuhýsi. Segir í fundargerð sveitarstjórnar að samkvæmt nýjum reglum þurfi ekki lengur byggingarleyfi fyrir stöðuhýsum, sé staðsetningin í samræmi við deiliskipulag.

„Einnig eru reifuð ýmis atriði sem varða möguleika sveitarfélagsins á að taka boði Samhjól um að kosta



Sveitarstjórn Bláskóga- byggðar svaraði ekki tilboði hjólhýsafólks.

uppbyggingu á svæðinu gegn því skilyrði að félagið fái samning til að minnsti kosti tíu ára með fram- lengingarheimild,“ segir nánar um innihald minnisblaðsins.

Meirihluti sveitarstjórnarinnar ákvað að taka ekki afstöðu í málinu að sinni.

„Í ljósi þess að sveitarstjórnar- kosningar fara fram eftir fjóra daga og ný sveitarstjórn mun taka við hinn 29. maí næstkomandi, samþykkir sveitarstjórn að fresta afgreiðslu málsins og vísa því til nýrrar sveitarstjórnar,“ segir í fund- argerð sveitarstjórnarinnar. ■



Eldur kom upp á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni í september 2018.

MYND/BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU





COSTA DEL SOL

9 EÐA 11 DAGAR - FLUG, GISTING OG FARARSTJÓRN

VIÐ STRÖND

21. -30. MAÍ

FIRST FLATOTEL 3*

ÍBÚÐ MEÐ HLIÐARSJÁVARSYN

VERÐ FRÁ **93.500 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

09. - 20. JÚNÍ

HOTEL PALMASOL 4*

TVÍBÝLI

VERÐ FRÁ **99.900 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á U.U.IS

Skýlaus játning Gísla til refsimildunar

urduryrr@frettabladid.is

DÓMSMÁL Saksóknari í máli Gísla Haukssonar athafnamanns lagði til sextíu daga skilorðsbundið fangelsi til refsingar, við meðferð máls gegn honum í héraðsdómi á mánudag. Gísli hefur játað brot í nánu sambandi gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni, en samkvæmt almennum hegningarlögum getur slíkt brot varðað allt að sex ára fangelsi.

Í ákæru er Gísli gefið að sök að hafa ítrekað tekið fyrrverandi sambýliskonu sína kverkataki, skellt henni utan í vegg og þrengt að hálsi hennar svo hún átti erfitt með andardrátt og féll í gólfid. Þegar hún reyndi að flýja inn í herbergi er hann sagður hafa farið á eftir henni, gripið ítrekað í handleggi hennar og fleygt henni í rúmið.

Við árásina hlaut brotaþoli tognun og ofreynslu á hálshrygg og brjósthrygg auk margra yfirborðs- áverka á hálsi, öxl og upphandlegg.

Samkvæmt Huldu Elsu Björgvinsdóttur, sviðsstjóra ákærusviðs Lög- reglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, var farið yfir dómaframkvæmd í sambærilegum málum með hlið- sjón af atriðum sem gætu haft áhrif á refsingu. Nefnir hún til dæmis að skýlaus játning Gísla á brotinu hafi áhrif til refsimildunar.



Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfir- maður ákærusviðs Lög- reglunnar á höfuðborgar- svæðinu



Inga Lilly Brynjólfss- dóttir, lögmaður

Inga Lilly Brynjólfssdóttir lögmaður segir refsingar í heimilisofbeldis- málum oft léttari en tilefni gefur til. Ofbeldi innan veggja heimilisins sé nú skilgreint sem alvarlegt brot, en Inga segir það leitt að refsingar skuli ekki endurspeglja það.

„Þessi brot eru með alvarlegustu brotum sem þú fremur, gegn þínum nánustu, og almennt eru brot í hegningarlögum talin alvarlegri ef þau beinast gegn nákomnum,“ segir hún.

Dómsuppsaga í máli Gísla var á dagskrá héraðsdóms í gær en henni var frestað fram yfir helgi. ■



ENDURMENNTUN^{HI}

VÍKKAÐU SJÓNDEILDARHRINGINN

Fjöl margar spennandi námsbrautir hefjast í haust. Persónulegt og metnaðarfullt nám með framúrskarandi kennurum, góðum tengslum milli nemenda og raunhæfum verkefnum úr atvinnulífinu.

Skoðaðu nánar á endurmenntun.is
Umsóknarfrestur til 16. maí



Framsókn



NÚNA ER TÆKIFÆRI ÞITT TIL AÐ KJÓSA BREYTINGAR Í BORGinni

Kæri Reykvingur.

Sterk Framsókn í borginni er lykill að breytingum. Lykill að breyttum stjórnámum í borginni, lykill að meiri uppbyggingu, meiri sátt og meira samtali við borgarbúa. Atkvæði þitt í dag getur brotið upp meirihlutann í borginni og haft úrslitaáhrif um stjórn borgarinnar næstu fjögur árin.

Ég bið um þinn stuðning í kjörklefanum í dag.

Án sterkrar Framsóknar verða engar breytingar í borgarstjórn.

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsókna 45 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, 6 leyfi á Akureyri og 1 leyfi í Árborg.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

Samgöngustofa 
Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Kuldatíð og fuglaflensa hefur áhrif á eggjatökuna

Þúsundir andareggja í Mývatnssveit verða soðin, spæld, kæst eða nýtt í bakstur næstu vikur. Sælkerar þurfa þó að bíða vegna kulda og rifja upp Covid-sóttvarnir.

bth@frettabladid.is

VEÐURFAR Kuldatíð hefur ríkt norðan heiða undanfarið, sem leiðir til þess að endurnar í fuglaparadísinni Mývatnssveit halda í sér eggjunum. Dráttur verður á að sælkerar með rétt til hlunnindanýtingar fái notið andareggjana, sem alla jafna eru bragðmeiri en hænuegg.

Eggin eru að mestu tekin úr hreiðrum í varphólmum í vatninu og hefur eggjatakan numið þúsundum, jafnvel tugþúsundum, enda skarta fáir staðir eins miklum og fjölbreyttum hópi anda og Mývatnssveit. Sólveig Pétursdóttir, sem þekkir vel til varps í Vogum við austurbakka vatnsins, segir að þegar kalt sé í veðri eins og nú og gróður skammt á veg kominn fresti endurnar varpi. Horfir nú í að fyrsta varpferðin verði farin upp úr næstu mánaðamótum, nokkru seinna en í venjulegu árferði.

„Það er hvönnin sem skýlir hreiðrunum best, endurnar leita í að verpa undir hvönn eða í sinu. Svo fer húsöndin inn í holur hér og þar,“ segir Sólveig.

Húsöndin er friðuð sem og fleiri tegundir og gæta Mývetningar þess að skilja eftir nóg af eggjum í hverju hreiðri hjá tegundum sem ekki eru friðaðar. Dæmi eru um að margar endur verpi í sama hreiður, jafnvel 40 eggjum. Engin önd getur haldið hita á svo mörgum eggjum, hvað þá komið mjög stórum unghópi á legg. Þess vegna líta Mývetningar sem ganga andavarp í sveitinni svo á sem þeir séu ekki aðeins að færa björg í bú með nýtingu auðlindar, heldur gengur fólk varpið til hagsbóta fyrir andastofninn. Eggin eru



Sérstök stemmning fyrir því að ganga varp að sögn heimafólks.



Margar hendur vinna létt verk, segja heimamenn í Vogum sem finnst skemmtilegast að ganga varp margir saman.

MYND/ADSEND



Það er mjög sérstök stemmning, sérstaklega þegar margir ganga varp saman.



Sólveig Pétursdóttir, Mývetningur

sem dæmi soðin, steikt, kæst eða nýtt í bakstur.

„Það er mjög sérstök stemmning, sérstaklega þegar margir ganga varp saman,“ segir Sólveig.

Matvælastofnun hefur gefið út vegna fuglaflensunnar sem borist hefur til landsins að þeir sem nýti egg villtra fugla ættu að spritta heldur sínar vandlega eftir að hafa farið í hreiðrin og meðhöndlað eggin. Þá sé gott að þvo egg að lokinni töku og varast beri fuglahræ. Sólveig telur að flestir muni haga eggjatöku í samræmi við þessi tilmæli.

Einn síður varpgöngu er að snæða glæný og hrá andaregg í njóla. Í ljósi fuglaflensunnar er fremur líklegt, að sögn Sólveigar, að neyslu hráu eggjana verði skotið á frest. ■

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að meirihlutinn keppist við að senda alla starfsemi sem ekki er á skrifstofu upp á Esjumela.

ÓSTJÓRN

Reykjavík fyrir ~~alla~~ (borgarstarfsmenn og skrifstofufólk).

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG

Töfrar vatnsins taka á móti þér

Við höfum rannsakað krafta náttúrunnar í þrjátíu ár.
Við höfum lært að beisla töfra hennar og notið þess
að upplifa í sátt við umhverfi og móður náttúru.

Við tökum vel á móti þér.

30
ÁRA
BLUE LAGOON
ICELAND



VG lagði til að íbúar Skagafjarðar myndu kjósa um menningarhúsið samhliða sveitarstjórnarkosningunum.

Fá ekki að kjósa um menningarhús

kristinnpall@frettabladid.is

SKAGAFJÖRDUR Byggðarráð Skagafjarðar hafnaði tillögu VG um að leggja fyrir íbúa sveitarfélagsins spurningar um staðsetningu og notkun á væntanlegu menningarhúsi í komandi kosningum.

Byggðarráðið samþykkti samninginn með tveimur atkvæðum einn sat hjá í atkvæðagreiðslunni.

Áætlaður framkvæmdakostnaður er rúmlega 1,4 milljarðar og er hlutur sveitarfélagsins 40 prósent og

ríkisins 60 prósent. Álfhildur Leifsdóttir, fulltrúi VG í byggðarráðinu, lagði til að afstaða íbúanna yrði könnuð í kosningunum þar sem langt er liðið frá því að ákvörðunin var tekin.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar greiddu atkvæði gegn tillögu Álfhildar og sögðu að það væri fagnaðarefni að loks væri búið að finna varanlega lausn í málinu enda væru drög samningsins frá 2019. Áætlað er að húsið verði tilbúið 2025. ■



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir nýsköpunarráðherra og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri hafa stutt verkefnið frá hugmyndastigi. Hér eru þær ásamt þeim Helgu Margréti, Hafðísi og Edit við formlega opnun þjónustunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Taka gagnvirkan dómsal í sýndarveruleika í gagnið

Sýndarverkuleikadóm-salur getur hjálpað þolendum ofbeldis, að sögn verkefnisstjóra hjá Origo. Hugmyndin að verkefninu kviknaði fyrir þremur árum í HR.

erlamaria@frettabladid.is

TÆKNI Hafðís Sæland, verkefnastjóri hjá Origo, segir nýjan sýndarverkuleikadóm sal geta hjálpað þolendum ofbeldis. Dómsalurinn var hannaður sem lokaverkefni í tölvunarfræði, en hann er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Hafðís segir búnaðinn góðan undirbúning fyrir þolendur er komi að skýrslutöku fyrir dómi.

„Við erum ótrúlega ánægðar með að þetta úrræði sé komið í gagnið og vonum að það verði hluti af undirbúningi þolenda seinna meir þegar kemur að skýrslutöku fyrir dómi,“ segir Hafðís um dómsalinn sem hún, ásamt Edit Ómarsdóttur og Helgu Margréti Ólafsdóttur, hannaði og kynnti á formlegri opnun í vikunni.

Hafðís segir hugmyndina hafa kviknað fyrir tæpum þremur árum þegar þær voru í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík.

„Við vildum gera lokaverkefni sem skipti máli og gæti hjálpað lög-reglunni. Við funduðum með lög-reglunni og ríkislögreglustjóra og eftir mikla hugmyndavinnu sáum við að það var ótrúlega mikil þörf á



Svona lítur dómsalurinn út með sýndarverkuleikagleraugunum, en fyrirmyndin er dómsalur 402 í Héraðsdómi Reykjavíkur.

sviði kynferðisbrota,“ segir Hafðís.

Hún leggur áherslu á að það hafi verið þeim mikilvægt að leggja sitt af mörkum og því hafi þær ákveðið að búa til dómsal í sýndarverkuleika. „Við ræddum við ýmsa aðila, dómara, saksóknara, sálfræðinga og lögfræðinga, til að athuga hvort það væri grundvöllur fyrir slíku verkefni. Allir voru sammála um að við ættum að láta verða af þessu,“ segir Hafðís.

Spurð hvernig dómsalurinn virki segir hún þetta í formi hefðbundinna sýndarverkuleikagleraugna. „Um leið og þú setur þau á þig birtist hurð á dómsal 402 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar gengið er inn sérðu réttargæslumanninn, saksóknarann, dómarrann, sakborninginn og verjanda hans, þá sem venjulega eru þarna. Þá er hægt að átta sig á fjarlægðunum og þú getur gengið

að vitnastúkunni, alveg eins og þú værir raunverulega stödd í salnum,“ segir Hafðís.

Til þess að gera þetta eins líkt raunveruleikanum og hægt er höfðu þær samband við dómara, sem sendi þeim upplýsingar um það orðfæri sem notað er í dómsal. „Þá er hægt að æfa sig, hvort sem það er að tala upphátt, tala við dómarrann eða álika. Svo er líka hægt að skoða sig um, eða þá fá að gera þetta nokkrum sinnum til að venjast umhverfinu. Þetta fer í raun bara eftir því hvað fólki finnst best.“

Hafðís telur að það að mæta í skýrslutöku geti valdið miklum kvíða hjá þolendum. Því sé þetta úrræði mikilvægt. „Ég hef sjálf lent í kynferðisofbeldi og þurfti að fara í gegnum dómsmál þegar ég var 15 ára. Ég var ofsalega stressuð og hugsaði um það á hverjum einasta degi, hvernig þetta yrði, hverjir yrðu þar og hvað ég þurfti að segja. Það var bara ótrúlega kvíðavaldandi,“ segir hún.

Þjónustan sjálf kemur til með að fara fram hjá ríkislögreglustjóra, en búnaðurinn er staðsettur þar. „Við höfum fengið fjölda fyrirspurna um bókanir og erum í samtali við ýmsa samstarfsaðila. Við vonum bara að fólk taki vel í þetta og að þjónustan nýtist sem flestum,“ segir Hafðís.

Hægt er að kynna sér þjónustuna á heimasíðunni statum.is. ■

Jákvæðni gagnvart ferðamönnum

benediktboas@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Nær 85 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins eru jákvæð gagnvart ferðamönnum og yfir 93 prósent segjast aldrei eða sjaldan hafa orðið fyrir ónáði frá ferðamönnum við heimili sitt. Nær 87 prósent telja erlenda ferðamenn fremur eða mjög vinsamlega í samskiptum við íbúa. Þetta er meðal niðurstaðna könnunar sem Maskína vann fyrir Höfuðborgarstofu nú í apríl og birt var í gær.

Könnunin fjallaði um viðhorf til ferðaþjónustu og ferðamanna og var lögð fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu 6. til 25. apríl síðastliðinn. Niðurstöðurnar sýna að íbúar telja jákvæðar hliðar ferðaþjónustu vega



þyngra en neikvæðar og telja hagsmuni sína og ferðamanna fara vel saman.

„Við fögnum þessum niðurstöðum enda leggur Reykjavíkurborg mikla áherslu á að ferða-

93 prósent segjast aldrei eða sjaldan hafa orðið fyrir ónáði frá ferðamönnum við heimili sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Verkefnisstjórn rammaáætlunar (5. áfangi) boðar til opins kynningarfundar um stöðu vinnunnar miðvikudaginn 18. maí, kl. 14–16.

Fundurinn verður haldinn í Öldu, Skúlagötu 4 og einnig í beinu streymi.

Rammaáætlun

VELDU C-VÍTAMÍN



KJÓSTU VIÐREISN

Kynningarfundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar

GLEÐILEGAN KJÖRDAG!

KJÖRFUNDUR HEFST KL. 9:00 OG LÝKUR KL. 22:00



KÆRU BORGARBÚAR,

KJÖRSTAÐIR Í REYKJAVÍK Í DAG ERU:

Álftamýrarskóli

Árbæjarskóli

Borgarbókasafn Kringlunni

Borgaskóli

Breiðagerðisskóli

Breiðholtsskóli

Dalskóli

Foldaskóli

Frostaskjól

Hagaskóli

Hlíðaskóli

Höfðatorg

Íþróttamiðstöðin Austurbergi

Ingunnarskóli

Kjarvalsstaðir

Klébergsskóli

Laugalækjarskóli

Menntaskólinn við Sund

Norðlingaskóli

Ráðhús Reykjavíkur

Rimaskóli

Vesturbæjarskóli

Ölduselsskóli

Á www.reykjavik.is/kosningar má fletta upp heimilisföngum í Reykjavík til að kanna hvar á að kjósa. Á vef Þjóðskrár Íslands, www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa, má fletta kjósendum upp eftir kennitölu til að kanna hvort og hvar þeir eru á kjörskrá.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur er símavakt í allan dag, s. **411 4915**, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru veittar upplýsingar um allt sem við kemur kosningunum.

Aðgengi fyrir hjólastóla er tryggt á öllum kjörstöðum. Ekki gleyma að hafa skilríki meðferðis.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur hefur aðsetur í Ráðhúsinu á kjördag og flytur sig í Laugardalshöll kl. 22:00. Hún svarar í síma 411 4910.

Á www.reykjavik.is/kosningar má fylgjast með þróun kjörsóknar yfir daginn og nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar sem tengjast kosningum.

Talning atkvæða fer fram í Laugardalshöll. Talning hefst kl. 22:00 og er opin almenningi meðan húsrúm leyfir.

Allar nánari upplýsingar má nálgast í s. **411 4915** eða gegnum netfangið kosningar@reykjavik.is.

Skrifstofa borgarstjórnar
Yfirkjörstjórn Reykjavíkur

Vinir við veginn

Fyrir **vinstrisveiflu**



A hand wearing an orange protective sleeve holds a black pen diagonally across the frame. The background is a solid green color, with a vertical yellow bar on the left side. The text 'Fyrir hægrisveiflu' is positioned near the pen.

Fyrir hægrisveiflu

olis

Íbúarnir munu fá rafdrifin salerni

benediktboas@frettabladid.is

SUÐURNES Vikið var frá hefðbundnum viðmiðum á einkabaðherbergjum íbúa á nýju hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ sem verður búið rafdrifnum salernum og vöskum.

Markmiðið með þessu er að stuðla að því að íbúar heimilisins verði meira sjálfbjarga og auðveldi þeim salernisferðir og persónulegt hreinlæti.

Áætlaður kostnaður við nýbygginguna er tæpir 2,6 milljarðar króna og fjármagnar ríkissjóður 85 prósent.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, formaður félags eldri borgara á Suðurnesjum og formaður ungmennaráðs Reykjanesbæjar tóku fyrstu skóflustunguna að hjúkrunarheimilinu þar sem aðstaða verður fyrir 60 íbúa. Áætlað er að það verði tilbúið til notkunar í lok árs 2024.

Þegar nýja heimilið er tilbúið verður hjúkrunarheimilinu Hlévangi lokað. Þar búa nú 30 manns en aðstæður þar eru ekki í samræmi við nútímakröfur sem gerðar eru til húsnæðis og aðbúnaðar á hjúkrunarheimilum. ■

Munaði fjögur þúsund tonnum

benediktboas@frettabladid.is

FISKVEIÐAR Heildaraflí í apríl var rúmlega 111 þúsund tonn sem er fjögur þúsund tonnum minna en í apríl á síðasta ári, samkvæmt tilkynningu Hagstofunnar. Botnfiskafli var rúmlega 45 þúsund tonn sem er tvö þúsund tonnum minni afli en í apríl í fyrra.

Af botnfisktegundum var þorskafllinn rúm 23 þúsund tonn. Af uppsjávartegundum veiddist nær eingöngu kolmunní, tæp 63 þúsund tonn. ■

Háskólinn í Reykjavík með stærsta námskeið landsins í nýsköpun

Í námskeiðinu Nýsköpun og rekstur fyrirtækja, sem haldið er á vegum Háskólans í Reykjavík, eiga nemendur að koma með frumgerð af fyrirtæki og fá þrjár vikur til að útfæra hana. Nemendur úr öllum deildum háskólans sækja námskeiðið.

magdalena@frettabladid.is

NÝSKÖPUN Undanfarnar þrjár vikur hefur stærsta nýsköpunarnámskeið landsins staðið yfir í Háskólanum í Reykjavík en námskeiðið ber heitið Nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Um 500 nemendur úr öllum deildum háskólans tóku þátt í nýafstöðnu námskeiði.

Ásgeir Jónsson, skipuleggjandi námskeiðsins, segir að námskeiðinu sé ætlað að efla nemendur til að hugsa eins og frumkvöðlar.

„Nemendum er skipt upp í 100 þverfagleg teymi. Það er að segja nemendur vinna með öðrum nemendum úr mismunandi deildum skólans. Þau eiga að koma með hugmynd að fyrirtæki, frumgerð af vöru eða leysa tiltekið vandamál,“ segir Ásgeir og bætir við að á meðan námskeiðið sé fái nemendur aðgengi að kennurum og mentorum úr atvinnulífinu.

„Nemendur fá fyrirlestra um hugarflug, áætlanagerð og allt sem tengist frumkvöðlastarfinu. Þau geta síðan varið hverjum degi í að taka viðtöl við sérfræðinga, máta sínar hugmyndir og prófa sig áfram.“

Ásgeir segir að í lok námskeiðs sé uppskeruhátíð sem haldin sé í Háskólanum í Reykjavík þar sem nemendur kynni hugmyndir sínar.

„Uppskeruhátíðin í ár fór fram í gær en þar kynntu 100 teymi 100 hugmyndir um hvernig breyta megi heiminum. Þetta er skemmtilegur kúrs og snýst um að planta fræjum, fá nemendur til að kynna þvi hvað felist í því að vera frumkvöðull og



Um 500 nemendur kynntu hugmyndir sínar í Háskólanum í Reykjavík í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.



Þetta er lifandi og skemmtilegt námskeið og nokkuð frábrugðið hefðbundnu háskólanámskeiði.



Ásgeir Jónsson, skipuleggjandi námskeiðsins

stofna fyrirtæki. Þetta er lifandi og skemmtilegt námskeið og nokkuð frábrugðið hefðbundnu háskólanámskeiði.“

Aðspurður hvort mörg fyrirtæki hafi sprottið upp úr þessu námskeiði segir Ásgeir svo vera.

„Það hafa þónokkur fyrirtæki verið stofnuð eftir þennan áfanga,“ segir Ásgeir. Námskeiðið sé hagnýtt þótt auðvitað sé langur vegur milli þess að koma með hugmynd og hrinda henni í framkvæmd.

„En við erum að bjóða upp á framhaldsnámskeið þannig að þeir sem hafa áhuga á að taka sína hugmynd lengra geta skráð sig á það námskeið og farið dýpra í vöruþróunina. Auk þess hafa teymi frá okkur keppt í keppnum á borð við Gulleggjð



Í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja er nemendum skipt upp í 100 þverfagleg teymi.

með góðum árangri. Einnig höfum við sent lið í alþjóðlegu keppnina Venture Cup sem er heimsmeistarátót háskólanna í nýsköpun. Lið frá okkur hafa fengið viðurkenningu í þeirri keppni.“ ■

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að kaup á byggingarrétti við Hverfisgötu af einkaaðila sé

TRÚNAÐARMÁL

Annars þyrfti meirihlutinn að réttlæta verðið.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG

Svo allt gangi smurt



N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Mobil Delvac XHP ESP 10W-40 208L

Syntetísk olía fyrir Euro IV, V og VI dieselvélar með sótkornasíur og útblástursheinsibúnað í flutningabílum, vinnuvélum, bátum o.fl.

Vnr. 100002641



Mobil Delvac MX ESP 15W-40 20L

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sótkornasíu (DPF) og heinsunarbúnað í útblásturskerfi.

Vnr. 3020 150775



Mobil Delvac 1 LE 5W-30 20L

Punn syntetísk olía fyrir vélar í flutningabílum sem sparar eldsneyti.

Vnr. 3020 152249



Mobilfluid 428 10W-30 20L

Mobilfluid 428 er drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar, hágæða fjölnota smurefni sem er hannað til að uppfylla hæstu kröfur framleiðanda, hámarkar afköst.

Vnr. 3020 155629



Q8 T 1000 STOU 10W-30 20L

Olía sem er notuð á mótora vökvakerfi og drifbúnað traktora.

Vnr. 7503 101272301451



AdBlue Air1 10L brúsi

AdBlue er hvarfavökvi sem notaður er í ökutæki með SCR (Selective Catalytic Reduction) tækni til að draga úr skaðlegum lofttegundum sem losna út í andrúmsloftið.

Vnr. 9740 7510

Verlanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 440 1462 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is


N1 ALLA LEIÐ

ICELANDAIR



Toronto kemur

sífelld á óvart



icelandair.is

Matur, menning
og náttúra

Viltu spóka þig í stórborg vestanhafs? Skoða söfn, borða góðan mat og jafnvel fara að Níagra-fossunum? Það er fátt meira hressandi en borgarlíf í Kanada, sérstaklega í góðu sumarveðri. Toronto stenst allar væntingar, enda eitthvað nýtt að sjá á hverju horni.

Bókaðu þína ferð til Toronto – strax í dag.

Á kjördegi



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Á kjördegi er vert að velta fyrir sér mikilvægi lýðræðisins, svo og skoðanafrelsisins, þeirrar gæfu að geta tjáð hug sinn án þess að fangelsið biði manns.

Skoðanafrelsið hefur verið á undanhaldi. Sömu sögu verður að segja af sannleikanum. Hann hefur líka látið undan. Í stað þessa hafa komið upphrópanir, útrúsnúningur og orðhengilsháttur. Og fyrir vikið er jörðin orðin flöt. Hún hefur líkast til aldrei verið flatari.

Og skipta þar engu vísindaaufrek síðari tíma, allar uppgötvanirnar og endurteknar sannanir á því sem hægt er að reyna og prófa. Hvítt skal vera svart – og svart skal vera hvítt.

En skoðanaskipti eru lífsnauðsynleg. Þau þroska og víkka hugann, svo og sjóndeildina. Fátt er í rauninni mikilvægara í mannlegum samskiptum en að skiptast á skoðunum, reifa hugmyndir og velta vöngum, kokka saman ráðgátuna um lífið sjálft.

Þess vegna er svo mikilvægt að umbera ólíkar skoðanir, njóta þeirra og læra af þeim, telja sig aldrei hafa höndlað sjálfan sannleikann heldur standa opinmynntur frammi fyrir gáfum annarra sem geta svo hæglega verið meiri og þroskaðri en manns eigin vitsmunir.

Og skoðanir þurfa að vera alla vega, hægra megin og vinstra megin og inn til miðjunnar – og ef því er að skipta, þar fyrir ofan og þar fyrir neðan. Og aðalatriðið er að gefa þeim rými, sýna þeim tillitssemi, hlúa að þeim í lífinu svo þær liti það, gefi því víddir og breikki samfélagið.

Það er á frelsisdegi eins og þeim sem nú líður sem Íslendingar þurfa að minna sig á að lýðræðið er verk sem er alltaf í vinnslu. Því er alltaf að þoka áleiðis – og vegferðin er og hefur verið mikilvæg, allt frá spilltu ofríki fámennrar karlaklíku til breiðrar og virkrar þátttöku alls almennings sem finnur til máttar síns í kjörklefanum, laus undan oki frændsemi og flokkshollustu.

Og hann getur hæglega skipt um skoðun, þessi eini og sami almenningur. Hann hefur til þess frelsi. Hann hefur til þess kerfi sem heitir lýðræði.

En að þessu öllu saman er sótt. Einræðisríki sem eru uppfyll af sjálfum sér – og jafnvel einræðistilburðir í svokölluðum lýðræðisríkjum – ætla sér að kveða niður plágu sannleikans og skoðanafrelsisins. Þeim stendur ógn af umburðarlyndi og mannréttindum.

Það er af þessum sökum – og þær eru stórar – sem það þarf áfram að berjast fyrir lýðræði. ■

”

Það er á frelsisdegi eins og þeim sem nú líður sem Íslendingar þurfa að minna sig á að lýðræðið er verk sem er alltaf í vinnslu.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Bjór með Bjarna



Sif Sigmarsdóttir

Pylsuskindall skekur þýskaland. Í síðasta mánuði afþökkuðu úkraínsk stjórnvöld heimsókn forseta Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, til Kænugarðs vegna tengsla hans við Pútín Rússlandsforseta. Kanslari Þýskalands, Olaf Scholz, kvaðst ekki mundu mæta ef Steinmeier mætti ekki koma líka. Sendiherra Úkraínu í Þýskalandi uppfendi Scholz súra pylsu. „Þetta er ekki leikskóli,“ sagði sendiherrann, „heldur hrottalegasta útrýmingarstríð síðan nasistar réðust inn í Úkraínu“. Samstarfsmaður kom kanslaranum til varnar. „Scholz er ekki pylsa.“

Scholz er þó ekki – eins og pylsa – milli braudsneiða, heldur milli steins og sleggju. Þótt mörgum þjóðverjum þyki Scholz ekki gera nóg til hjálpar Úkraínu finnst öðrum hann hafa gert of mikið. Mótmælaköll yfirgnæfðu ræðu sem hann hélt nýverið í borginni Kil í Norður-Þýskalandi. Samkvæmt nýrri könnun trúir einn af hverjum fimm þjóðverjum rússneskum samsæriskeningum um stríðið. „Úkraína er full af nasistum,“ hrópaði einn mótmælendanna. Samflokksmaður Scholz var meðal áheyrenda. „Þau hefðu ekki mátt þetta í Rússlandi,“ sagði hann og andvarpaði. „En hér verðum við að láta þetta yfir okkur ganga því þetta er partur af lýðræðinu.“

Nýverið skrifaði ég pistil í Fréttablaðið þar sem ég gagnrýndi embættisverk Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins. Í kjölfarið fékk ég vinalegt tölvuskeyti frá lesanda sem lýsti því yfir í léttum dúr að við Bjarna yrðum líklega seint vinir.

Mér varð hugsað til breskrar þingkonu, Lauru Pidcock, sem var kjörin á þing árið 2017 fyrir Verkamannaflokkinn. Eitt af hennar fyrstu verkum var að lýsa því yfir að hún gæti aldrei orðið vinur Íhaldsmanns því íhaldið væri „óvinur“. Í blaðaviðtali stuttu síðar bætti hún um betur og sagðist ekki einu sinni geta hugsað sér að setjast niður yfir bjór með Íhaldsmanni.

Miklu verri

Bandaríski stjórnmalafraeðingurinn Francis Fukuyama er þekktur fyrir að hafa í metsölubók árið 1992 lýst yfir „endalokum sögunnar“, fullnaðarsigri hins frjálslynda lýðræðis yfir stjórnarháttum á borð við harðstjórn og einræði. Fukuyama hefur nú slegið endalokunum á frest. Í nýutkominni bók viðurkennir Fukuyama að frjálslyndi sé í bráðri hættu. Hann segir undirstöðu frjálslynds samfélags – umburðarlyndi í garð ólíkra skoðana og virðingu fyrir réttindum einstaklingsins, lögum og reglum – vera á undanhaldi. Síðustu sextán ár hafi borgara- og stjórnmalaréttindi í heiminum farið minnkandi á meðan alræðisríkjum á borð við Kína og Rússland hafi vaxið ásmegin.

Fukuyama telur hinu frjálslynda lýðræði þó ekki stafa ógn af Pútín eða öðrum tegundum stjórnarfars. Hættan komi þvert á móti innan frá. Hann sakar okkur, sem búum við lýðræði, um að taka því sem sjálfsögðu. Sundruð í skotgröfum samtímans leyfum við skemmdarstarfsemi að viðgangast, annars vegar af hálfu hægri afls sem virða ekki leikreglur lýðræðisins í anda Trumps, hins vegar afls á vinstri vængnum sem vega að skoðana- og tjáningarfrelsinu með umburðarlyysi í garð ólíkra sjónarmíða.

Væri ég til í að drekka bjór með Bjarna Benediktssyni? Ég veit ekki hvort Bjarni væri til í bjór með mér. Mér væri það hins vegar ljúft og skylt að drekka bjór með honum. Því það er grundvallarforsenda frjálslynds lýðræðissamfélags að geta verið ósammála án þess að vera óvinir.

Í dag ganga Íslendingar til sveitarstjórnarkosninga. Lýðræðið er oft, eins og Olaf Scholz fékk að finna, orðljótt, hávært, fullt af fávisku, rífrildum, málamiðlunum og mótsögnum. En við „látum það yfir okkur ganga“. Því aðrir kostir eru svo miklu verri. Gleðilegan kjördag! ■

Flutningur læknastofu

Hef flutt læknastofu mína úr Domus Medica í Lækna húsið dea medica Glæsibæ, Álfheimum 74, 7.hæð, 104 Reykjavík.

Tímabókanir milli kl. 8 og 16 í síma: 5151600

Nánari upplýsingar á kllaekningar.is

Karl Logason
æðaskurðlæknir



”
Í blaðaviðtali stuttu síðar bætti hún um betur og sagðist ekki einu sinni geta hugsað sér að setjast niður yfir bjór með Íhaldsmanni.



**TAKK FYRIR!
TAKK ALLIR FYRIR
STUÐNINGINN**

ÞESSA HELGI

ALLT Á AÐ SELJAST

**ENNÞÁ MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM LAGERNUM
VERÐ SEM HEFUR ÖRUGGLEGA ALDREI SÉST Á ÍSLANDI**

Opið í dag laugardag kl. 10-22 og á morgun sunnudag kl. 12-22

TAKK ÍSLAND!

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

SÓFADÖGUM

LÝKUR Á MÁNUDAG

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM*



SCOTT

Hornsófi, vinstra eða hægra horn.
Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

223.992 kr. ~~279.990 kr.~~



KENNEDY

3ja sæta sófi. Ljósgrátt áklæði. 195 x 98 x 99 cm.
Nú 223.992 kr. ~~279.990 kr.~~



SICILIA

3ja sæta nettur sófi. Ljósgrátt áklæði.
196 x 94 x 82 cm. **Nú 103.992 kr.** ~~129.990 kr.~~
Hnakkapúði. **Nú 14.320 kr.** ~~17.900 kr.~~



PINTO

4ra sæta sófi úr sterku bonded leðri. 253 x 97 x 85 cm.
Nú 199.992 kr. ~~249.990 kr.~~



DC 3600

3ja sæta sófi í Savoy/split leðri. Koníaksbrúnu eða svörtu. 202 x 80 x 80 cm. **Nú 239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi hægri eða vinstri. Dökkgrár.
231 x 140 x 81 cm. **Nú 103.992 kr.** ~~129.990 kr.~~



MARIBO

Tungusófi í dökkgráu áklæði. Hægri eða vinstri tunga.
237 x 139 x 78 cm. **Nú 135.992 kr.** ~~169.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



AVILA

2ja sæta sófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðri. 190 x 94 x 77 cm. **Nú 103.994 kr. 159.990 kr.**

ATLANTA

3ja sæta sófi. Þægilegur sjónvarpssófi, Ekta dökkbrúnt eða svart leður. Tvö sæti eru rafknúin og hægt að leggja miðju sætið niður og verðu að borði. 198 x 96 x 98 cm. **Nú 263.920 kr. 329.990 kr.**



HEAVEN

3,5 sæta sófi í Danny Nougat brúnu áklæði. 290 x 105 x 82 cm. **Nú 263.992 kr. 329.990 kr.**



CLEVELAND

Hornsófi hægri eða vinstri. Ljósgrár eða dökkgrár. 308 x 203 x 81 cm. **Nú 159.992 kr. 199.990 kr.**



VERA

3ja sæta sófi í gulu fallegu áklæði. 226 x 96 x 85 cm. **Nú 223.992 kr. 279.990 kr.**



DC 8900

3ja sæta sófi í Savoy/split leðri. Koníaksbrúnu eða svörtu. 224 x 86 x 80 cm. **Nú 263.992 kr. 329.990 kr.**



KOS

3ja sæta XL sófi í ljósu áklæði. 248 x 100 x 84 cm. **Nú 239.992 kr. 299.990 kr.**



PARIS

Hornsófi með hægri eða vinstra horni. Dökkgrátt áklæði. 247 x 195 x 92 cm. **Nú 199.992 kr. 249.990 kr.**



MAX

U-sófi í dökkgráu Venice áklæði. Hægri eða vinstri. 286 x 200 x 87 cm. **Nú 143.992 kr. 179.990 kr.**



OREGON

Tungusófi, hægri. Grátt áklæði. 315 x 179 x 82 cm. **Nú 351.992 kr. 439.990 kr.**



ASHFIELD

Útisófi, 3ja sæta. 186 x 82 x 93 cm. **Nú 127.992 kr. 159.990 kr.**



BERMUDA

Útisófasett með borði. Hægt að raða á marga vegu. 210 x 210 x 80 cm. **Nú 143.992 kr. 179.990 kr.**



STOCKHOLM

Útisófi. 250 x 160 x 85 cm. **Nú 163.992 kr. 204.990 kr.**



**20%
AF ÖLLUM
PÚÐUM**

* Afsláttur gildir af öllum sófum nema Construct og sérpöntunum

Versta byrjun FH í efstu deild í 35 ár



Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall
@frettabladid.is

Eftir tap gegn KA á Dalvík á dögunum er stigasöfnun FH-inga í sögulegri lægð í upphafi móts. Þetta stórveldi í íslenskrum knattspyrnu er með fjögur stig eftir fimm leiki og hefur ekki byrjað verr í efstu deild frá því að félagið féll árið 1987. Baldur Sigurðsson, fyrrverandi leikmaður FH og sérfræðingur Stöðvar 2 Sports finnst andleysi yfir liðinu.

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að frammistaða FH það sem af er móti hafi ekki staðið undir væntingum. Flestir áttu von á því að FH-ingar yrðu í baráttunni í efri hluta töflunnar en uppskeran er rýr eftir fimm leiki. Karlalið FH hefur ekki byrjað verr í efstu deild frá 1987 þegar FH-ingar fóru niður. Þegar FH féll árið 1995 var uppskeran betri eftir fimm umferðir heldur en nú.

22

Ekkert lið í efstu deild hefur notað fleiri leikmenn í fyrstu fimm leikjum en FH.



Ólafur er að stýra FH í fjórða sinn á ferlinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

AÐALFUNDUR Þörungaverksmiðjunnar hf.

verður haldinn miðvikudaginn 1. júní 2022 kl. 13.00
á skrifstofu félagsins, Karlsey, 380 Reykhólum.

Dagskrá:

Aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins.



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF.
THORVERK HF.

EIGÐU
BRAKANDI
SUMAR



FH var búið að skora í fyrstu fjórum umferðunum áður en þeir fóru norður.

Versta stigasöfnun FH í efstu deild eftir fimm leiki sl. 35 ár:

Ár	Stig
1987	1 stig*
2022	4 stig
1991	5 stig
1993	5 stig
1990	6 stig
1995	6 stig*
2011	6 stig
2017	6 stig

*Féllu um haustið

Eftir tap gegn ríkjandi Íslandsmeisturum Vikings í opunarleik mótsins komst FH á sigurbraut með ósannfærandi sigri á nýliðum Fram á heimavelli í annarri umferð. Í þriðju umferð átti FH fá svör við öflugum liði Blika á Kópavogsvelli en aftur tókst FH að rétta skútuna af og landa stigi gegn Valsmönnum á heimavelli í fjórðu umferð. Ferð norður á Dalvík í vikunni varð að fylluferð þegar KA skoraði sigurmark í uppbótartíma.

Uppskeran að fimm leikjum loknum er því aðeins fjögur stig eða minna en stig í leik. Þó að FH-ingar hafi nægan tíma til þess að rétta gengi liðsins af og fái til þess tækifæri á næstu vikum þegar þeir mæta liðum sem hafa átt erfitt uppráttar í upphafi móts er stigasöfnun FH í sögulegri lægð. Frá því að FH komst aftur upp í efstu deild árið 2000 var liðið aldrei búið að fá minna en sex stig í fyrstu fimm umferðunum.

Þarf í raun að fara aftur til ársins 1987 þegar FH fékk eitt stig í fyrstu fimm leikjum til að finna verri byrjun hjá FH í efstu deild karla. Þó að FH-ingar hafi fallið árið 1995 var uppskeran betri í fyrstu leikjum ársins.

„Þetta er náttúrulega hræðileg byrjun hjá FH. Þetta leit vel út fyrir mót en ég benti á það í útsendingunni fyrir Valsleikinn að mér fannst þá vanta leikmann sem kæmi með

svolítill dólglæti og ástriðu. Ef það er hægt að nota gult spjald sem mælikvarða á hörku, þá virtist þetta allt vera mjög aumt hjá FH. Þeir voru betri í leiknum gegn Val en fara svo inn í leik gegn KA og leyfa KA að svæfa sig,“ segir Baldur Sigurðsson, þjálfari Völsungs, sérfræðingur á Stöð 2 Sport og fyrrum leikmaður FH.

Baldur segir að það sé ekkert launungarmál hvar FH þurfi að byrja á að bæta frammistöðuna.

„Þeir eru búnir að fá á sig tíu mörk og mark í hverjum leik. Þetta er kannski orðin þreytt umræða enda búin að fara víða en varnarleikurinn er til vandræða. Þeir eru búnir að bæta við leikmannahópinn en ekki í varnarlinunni sem gefur til kynna að þeir séu ánægðir með varnarlinuna. Ef svo er þurfa þeir að leggja áherslu á hana og bæta varnarleikinn,“ segir Baldur og heldur áfram:

„Utan frá virðist engin töfralausn vera í sjónmáli. Það gekk eitthvað á innan félagsins þegar það var tilkynnt að þeir vildu að Eggert myndi stíga til hlíðar. Núna eru þeir komnir með tvo nýja leikmenn og miðað við mannskapinn ættu þeir að vera í betri stöðu. Heilt yfir virðist þetta vera hálfandlaust og andrúmsloftið þungt, ekkert ósvipað því sem fólki fannst með Val fyrir tímabilið.“

Baldur á ekki von á því að FH-

ingar gripi til þess ráðs að skipta um þjálfara þriðja sumarið í röð.

„Mér finnst ólíklegt að þeir séu byrjaðir að skoða þjálfaramálin. Þeir ákváðu að skipta um þjálfara um mitt tímabil síðasta sumar, þá kom Óli inn í stað Loga eftir slæman kafla FH sem byrjaði tímabilið vel í fyrria. Það er búið að styrkja liðið, leikir gegn ÍBV og Keflavík næst og staðan getur breyst hratt,“ segir Baldur sem tekur undir að þetta sé ný staða fyrir FH.

„Það hlýtur að vera erfitt fyrir FH að sjá lið með fullt hús stiga og vera ellefu stigum á eftir þeim í upphafi móts. Þrátt fyrir það hef ég enga trú á því að þeir séu að fara að skipta út þjálfara strax.“

Baldur tók undir að FH-ingar söknðu Jónatans Inga Jónssonar sem fór frá liðinu rétt fyrir mót.

„Ég er mjög hrifinn af Jónatani og hlutum sem hann gerir. Hann var klárlega sá leikmaður sem gat búið til mest fyrir þá sóknarlega en hann var ekki besti varnarmaðurinn og hann sá ekki til þess að FH fengi ekki á sig mörk.“ ■

ER EKKI BARA BEST AÐ **VANDA** **SIG?**

Viðreisn var stofnuð með það að leiðarljósi að auka **heiðarleika** og **gegnsæi** í stjórnámálum. Sýna **ábyrgð** og **vanda til verka** þegar farið er með eignir almennings. Berjast fyrir frjálslyndum umbótum og gæta að **hagsmunum allra** en ekki bara sumra.

Að kjósa er að veita stjórnámálafólki völd til að stýra sveitarfélaginu þínu. Þar þarf fólk sem setur almannahagsmuni í fyrsta sæti og mun vinna fyrir þig. Það er stefna Viðreisnar **alltaf, alls staðar**.

KJÓSUM VIÐREISN



Sá elsti og virtasti í boði

Úrslitaleikur FA bikarsins fer fram í dag. Chelsea mætir þar Liverpool en þetta er þriðja skipti í röð sem Chelsea leikur til úrslita. Liverpool er þar í fyrsta sinn síðan 2006 þegar Steven Gerrard átti eina eftirminnilegustu frammistöðu bikarsins. Þetta er í fjórða sinn sem liðin mætast og allir hafa endað með jafntefli. Þó má búast við fjörugum leik.

benediktboas@frettabladid.is

Liverpool

Liverpool mun spila alla leiki sem hugsast getur á þessu tímabili. Þeir eiga alveg enn órlitla möguleika á fernunni þó það sé fjarlæggt að þeir vinni ensku deildina.

Félagið hefur þegar lyft einum bikar, deildarbikarnum og mæta Chelsea um helgina um FA bikarinn og svo Real Madrid í París þann 28. maí í úrslitaleik í Meistaradeildinni. Leikurinn á laugardaginn verður leikur númer 60 hjá félaginu en alls munu leikirnir verða 63.

Liverpool hefur verið ótrúlegt í allan vetur og það yrði svakalegt ef þeir enda bara með deildarbikarinn eftir svona magnað tímabil. Þeir hafa jú aðeins tapað þrisvar sinnum, gegn West Ham og Leicester í deildinni og Inter Milan í Meistaradeildinni. Annars þekkir Jurgen Klopp og hans menn ekki neitt annað en að vinna.

Liðið spilar ákaflega fallegan fótbolta sem gaman er að horfa á. Innan liðsins eru svo snillingar eins og Mo Salah og Trent Alexander Arnold. Þó er stærsta stjarnan í Jurgen Klopp, stjóra liðsins. Hvort sem fólk heldur með Liverpool eða ekki þá elskar fólk Jurgen Klopp. Einstakur karakter.

Einu meiðslin eru Fabinho og spurning hvort tímabilinu sé lokið á brassanum. Það eru jú bara fjórir leikir eftir á næstu 14 dögum og þrír titlar í boði.

Á tímabilinu

261

mark hafa liðin skorað.

59

leiki hefur Liverpool spilað.

3

tapleikir eru hjá Liverpool.

53

leiki hefur Jordan Henderson spilað.

37

leikmenn hefur Liverpool notað.

8

löndum hafa liðin spilað í.

6

vítakeppnum hafa liðin lent í.

33

leikmenn hefur Chelsea notað á tímabilinu.

63

leiki mun Chelsea spila á tímabilinu.

79

klukkutíma hefur Antonio Rudiger spilað.

Chelsea

Hvað er hægt að segja um þetta tímabil Chelsea. Það hefur eiginlega verið bannað börnum innan 12. Eigenda-skipti, Lukaku-viðtalið og ýmislegt fleira utanvallar hefur haft áhrif á liðið inni á vellinum.

Liðið hefur ekki tapað mörgum leikjum en að undanfögnu hefur sigið á ógæfuhliðina. Fjórir af átta tapleikjum hafa komið í síðustu 11 leikjum. Eiður Smári Guðjohnsen, fyrrverandi leikmaður liðsins, sagði þó á vellinum um síðustu helgi að Chelsea gæti vel kveikt á sér til að gera góða hluti á Wembley.

Þetta er í þriðja sinn í röð sem Chelsea er í úrslitum FA-bikarsins en þeir hafa tapað síðustu tveimur úrslitaleikjum, gegn Arsenal og Leicester. Thomas Tuchel, stjóri Chelsea, þekkir það ágætlega að loka úrslitaleikjum með Chelsea og úrslitaleikjum almennt. Hann hefur þegar unnið fimm titla með Chelsea, meðal annars Meistaradeildina í fyrra.

Chelsea verður án Mateo Kovacic sem meiddist gegn Leeds en liðið hefur þegar spilað 63 leiki á þessu tímabili.

Þótt Liverpool séu líklegri til að hampa bikarnum í lokin má ekkert afskrifa Tuchel og hans menn. Annars verða þeir fyrsta liðið til að tapa þremur bikarúrslitaleikjum í röð. Það er eitthvað sem Chelsea getur ekki sætt sig við.

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að samningur borgarinnar við olíufélögin vegna uppkaupa á bensínstöðvum sé

TRÚNAÐARMÁL

Annars fara borgarbúar að hafa skoðanir.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG

NS
NÓI SÍRÍUS

Væntanlegt!



coCoa
HORIZONS



BJORK@FRETABLADID.IS

Lukkutalan átján

Líklegt er að þjóðarpúlsinn nái ákveðnum hæðum í kvöld enda ber upp á sama dag það tvennt sem einna helst getur bæði sameinað og sundrað þjóðinni: Kosningar og Eurovision.

Víst er alla vega að flestir hafa skoðun á hvoru tveggja, hvort sem þeir eru áfjaddir í að viðra hana eður ei. Hvað sem því líður er fram undan eitt stærsta sjónvarpskvöld sögunnar og mikið mæðir á starfsfólki RÚV að allt gangi smurt fyrir sig. Þjóðin er að horfa.

Klukkan 19.00 hefst lokakeppni Eurovision og ætla má að þjóðin sitji límd við skjáinn til að ganga 10 þegar kosningasjónvarpið tekur við. Systur stíga á svið sem 18. atriði og er spáð 18. sæti. Svo líklega getum við setið róleg yfir stigagjöfni og útsendingunni allri enda hafa okkar fulltrúar sýnt og sannað að þau kunna þetta.

Skoðanakönnunum um sveitarstjórnarkosningar ber ekki saman um hverjir muni fá völdin í borgarstjórn. Samkvæmt þeim heldur meirihlutinn annað hvort naumlega eða er fallinn. Ætla má því að kosningavakan sem hefst á RÚV klukkan 21.50 verði þess virði að vaka yfir.

Það er því ekkert annað að gera en að kaupa nóg af snakki og ídýfu. ■



Hvað sem því líður er fram undan eitt stærsta sjónvarpskvöld sögunnar og mikið mæðir á starfsfólki RÚV að allt gangi smurt fyrir sig.

Við mælum með

Bodega

Fjölmarginir vinnendur hafa sagnad vinnubarsins Bodega á Óðinstorgi en barinn hefur nú verið opnaður að nýju. Á Bodega geta viðskiptavinir gætt sér á gæðavini og smáréttum í rólegu en skemmtilegu andrúmslofti. Staðurinn er sérlega vel hannaður og útsvæðið er einstaklega huggulegt. Að sitja úti undir markisu með vínglas eða kokteil á torginu kallar fram sannkallaða útlanda-stemningu. Þá er bæði skynsamlegt og skemmtilegt að nýta sér happy hour frá klukkan 16-19.



Voga-ídýfu

Kjarni Íslendinga í Eurovision- og kosningapartíum hlýtur að vera gamla góða Voga-ídýfan. Hvort sem er með snakki, niðurskornu grænmeti eða sem sósa er Voga-ídýfan ómissandi. Þá hefur einnig heyrst að ídýfan sé það besta til að nota utan á brauðtertu þar sem hún gulni ekki. Ídýfan er til í fjórum bragðtegundum. Þessi klassíska með kryddblöndu, þessi græna með papriku, þessi fjólubláa með lauk og sú appelsínugula með sweet chilli. ■



Matreiðslu-meistarinn Gunnar Karl brennur fyrir íslensku hráefni. MYNDIR/LILJA JÓNS

Veisluhöld um allt land

Nautnaseggir og lífskúnnar hafa líklega rekið augun í þættina Veisluna sem sýndir hafa verið á RÚV undanfarni sunnudagskvöld. Gunnar Karl Gíslason Michelin-stjörnukokkur er annar leiðsögunnanna og segir þá félagas alls staðar hafa fengið höfðinglegar móttökur.

bjork@frettabladid.is

Þriðji þáttur Veislunnar fer í loftið annað kvöld en í þáttunum flakka þeir Gunnar Karl og Dóri DNA landshorna á milli og hitta áhugavert fólk til skrafs og matargerðar. Á leið sinni á hvern stað safna þeir kunnáttu og hráefni til veisluhalda sem Gunnar Karl matreiðir í lok hvers þáttar með dyggri aðstoð heimamanna og oftast en ekki fá áhorfendur einnig að njóta tónlistar úr þeirri heimabyggð.

Í þættinum á morgun fara félagarnir um Suðurland, fá sér kaffi í Hveragerði með Elísabetu Jökuls, henda í pitsu á Ölverki og útbúa smurbrauð með Jakobi og Guðmundi á Matkránni. Komið er við í Skálholti og Selfossi og ekið áfram út í Traustholtshólma og staðarhaldari sóttur heim.

Sex vikur í tívoli fram undan

Segja má að Gunnar Karl hafi komið íslensku matarmenningu á kortið á heimsvísu í gegnum eldamennsku sína, enda fyrsti Íslendingurinn til að fá Michelin-stjörnu á stað sínum, Dilli. Í sumar mun staðurinn færa sig tímabundið um set og verður opinn í Tívoliinu í Kaupmannahöfn í sex vikur.

„Það er húsnæði inni í tívolígarðinum sem kallað er Kínverski turninn. Þar er mikið um pop-up veitingastaði yfir sumartímann og



Gunnar og Dóri DNA eru leiðsögunn þáttarinn og félagar frá fornu fari.



Í lok hvers þáttar af Veislu matreiðir Gunnar úr hráefni hvers staðar.

við munum skipta sumrinu með dönskum og spænskum stöðum. Ég ætla bara að loka Dilli á Íslandi og við förum öll til Danmerkur þar sem við munum vonandi eiga yndislegar sex vikur í tívoli. Við tökum með okkur ógrynni af íslensku hráefni og kynnum vel land og þjóð.“

Gamlar hefðir að hverfa

Aðspurður segir Gunnar vinnuna við þættina hafa verið kærkomna síðasta sumar þegar veitinga-

rekstur var í hæggangi vegna samkomutakmarkana.

„Við fengum svo ótrúlega gott veður allan tímann. Ég skrifaði matreiðslubókina North fyrir nokkrum árum og hún er svolítið kveikjan að þessum þáttum. Í bókinni fjalla ég um Dillið og birti uppskriftir, en númer eitt, tvö og þrjú er hún ferðalag um landið að hitta framleiðendur sem ég hef verið að versla við og heyra þeirra sögu. Við förum gjör-samlega um allt við gerð bókarinnar og heimsóttum sömu staði mikið í þáttunum. Við skoðuðum íslenskar hefðir og hvernig mikið af því sem við tökum sem sjálfsgöðum hlut er að deyta út. Eins og til að mynda að þurrka harðfisk í hjöllum á veturna, búa til saltfisk samkvæmt gömlu hefðunum og taðreyking. Margt af þessu er hægt og rólega að hverfa. Þess vegna gerði ég þessa bók. Allt sem við erum að gera á Dillinu hefur að gera með íslenskt hráefni, hefðir og sögu.“

Gunnar segir þeim félögum alls staðar hafa verið tekið höfðinglega. „Heimsóknirnar voru líklega sérlega kærkomnar á Covid-tímum. Það var líka yndislegt fyrir mig og Dóra að rækta vinskapið í rólegheitum,“ segir Gunnar að lokum, en það dylst engum sem horfir á þættina að þeir skemmtu sér vel. ■

Í vikulokin

Stund sannleikans gæti orðið sár



Ólafur Arnarson

Kosningarnar í dag eru mikilvægar vegna þess að í sveitarstjórnarkosningum kjósum við um nærumhverfi okkar og ýmsa grunnþjónustu.

Í kosningabaráttunni hefur það helst borið til tíðinda að Sjálfstæðisflokkurinn, sem í áratugi bar höfuð og herðar yfir aðra flokka í Reykjavík, hefur ekki náð vopnum sínum. Hann virðist hafa glatað trausti kjósenda í höfuðborginni.

Listi flokksins í Reykjavík þykir óspennandi, auk þess sem fram-

þjóðendur sjálfstæðismanna eru ósamstiga í stærstu málum.

Framþjóðendur flokksins í höfuðborginni hafa eitthvað reynt að kenna óvinsældum formanns flokksins og klúðrinu við útböð Íslandsbanka um mikið fylgistað.

Sú skýring stenst ekki skoðun. Í Hafnarfirði, þar sem gamall kratahöfðingi sækir hart að flokknum, virðist Sjálfstæðisflokkurinn ætla að halda sínu frá því í kosningunum 2018.

Skýringa á fylgistaði sjálfstæðismanna í Reykjavík er því að leita hjá framþjóðendum sjálfum, sundurlyndi þeirra og fráhrindandi niðurrifsmálflutningi sem flokkurinn hefur stundað á þessu kjörtímabili. Hvort sem Sjálfstæðisflokkurinn verður í 20-25 prósentum eða nær 30 prósentum verður hann áfram í minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, einangraður og vinafar.

Einungis Miðflokkurinn virðist ginnkeyptur fyrir samstarfi við



Sjálfstæðisflokkurinn hefur glatað trausti kjósenda í Reykjavík.

Sjálfstæðisflokkurinn og hann virðist ekki ætla að fá mann kjörinn.

Jafnvel Framsókn, sem nú hirðir óánægjufylgi frá Sjálfstæðisflokknum, lýsir ekki vilja til samstarfs. Er þó oddviti Framsóknar rótgróinn sjálfstæðismaður úr Kópavogi – eins hjákátlegt og það nú er. En jafnvel hann hefur varað við klofningi sjálfstæðismanna í Reykjavík og efast um að þeir séu stjórnstærir.

Fátt bendir til að neitt breytist hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. ■

DVERGARNIR[®]

AUÐVELT, FLJÓTLEGT OG ÖFLUGT
BYGGINGAKERFI

Bestu undirstöðurnar fyrir
SÓLPALLINN
SUMARHÚSIÐ
GIRÐINGUNA



NÝ VEFVERSLUN
dvergarnir.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
ÞEGAR VERSLAÐ ER Á DVERGARNIR.IS

Við framleiðum lausnir

ÍSLANDSHÚS



Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is



Áhugi Gísla Marteins á borgum nýtur sín í starfinu kringum Eurovision. Þessir tveir heimar hans mætast á hverju ári í nýrri borg. Nú í Tórinó á Ítalíu.

MYND/GÍSLI BERG

Hlustar til að verða betri manneskja



Ádalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Konur eru áhrifavaldar í lífi Gísla Marteins Baldurssonar. Þær sem hann býr með gera hann að betri manneskju, þær sem hann vann með breyttu hugmyndum hans um ástríðu sína, Reykjavík, og hann drakk í sig einkalíf feegurðardrottninga í glanstímaritum áttunda áratugarins.

Þessi dagur verður stórkostlegur, ég hlakka mjög mikið til," segir Gísli Marteinn Baldursson, sjónvarpsmaður og borgaraktivisti, sem lýsir Eurovision í kvöld og vakir svo í kjölfarið til morguns í Tórinó til að sjá hvar atkvæðin í borgarstjórnarkosningunum lenda.

Gísli var sjálfur borgarfulltrúi í áratug. Hann menntaði sig í borgarfræðum í Edinborg og Harvard, var ár á báðum stöðum, og ástríða hans fyrir Reykjavík hefur varla farið fram hjá neinum.

Alls staðar þar sem Gísli Marteinn fer fylgir forvitni. Hvaðan kemur þessi mikli áhugi á samfélaginu og þessi forvitni?

„Varðandi borgarmálin þá kom áhuginn á Reykjavík sjálfri alltaf á undan stjórnmalunum. Ég hef aldrei haft neinn einasta áhuga á að vera á Alþingi en hef haft brennandi áhuga á borgum mjög lengi. Það gerist ekki af því að ég hafi mikinn áhuga á reiðhjólum eða strætó, heldur þvert á móti þá heillaðist ég svo rosalega af risavöxnum fimm

hæða mislægum gatnamótum í Bandaríkjunum þegar ég var þar með foreldrum mínum tólf ára," segir Gísli og bætir við: „Ég vildi fá mislæg gatnamót á Miklubraut og Kringlumýrarbraut.“

Hann viðurkennir einnig að háhýsi hafi líka heillað hann og geri í raun enn, þar sem þau eigi heima. Hann spilaði SimCity og naut þess að byggja þar upp borgir og sjá uppbygginguna birtast fyrir augum sér. Hann áttaði sig þó smám saman á því að fleiri hliðar voru á flóknum málum en hann hafði tekið með í reikninginn.

„Við það að vera í borgarmálunum, sitja í borgarstjórn og hlusta á annað fólk eins og Ingibjörgu Sólrúnu og marga aðra borgarfulltrúa sem voru búnir að vera lengi í þessu, þá sá ég bara smám saman að þær leiðir sem ég hélt að væru bestar til að gera borgir betri, voru það ekkert endilega.“ Þetta átti ekki síst við um samgöngumálin. „Fyrir mér var aldrei eitthvert markmið að það væri mikil bílaumferð þó svo að ég hafi hrist af stórum verklegum framkvæmdum. Þannig að um leið og ég fattaði að mislæg gatnamót gera bara umferðarteppurnar verri, þá bara skipti ég um skoðun.“

Hafði fullt af röngum sjónarmiðum

Gísli Marteinn var kosinn í borgarstjórn 2006, eftir nokkur ár sem varamaður. Eftir að hann hætti árið 2014 hefur hann haldið áfram að beita sér fyrir bættri borg.

„Lengi vel var fullt af fólki og borgarfulltrúar þar á meðal sem tók þessi mál alls ekki alvarlega, fannst þetta bara vera einhver stökkpallur og hékk bara inni í borgarstjórn til að vera gilt á landsfundum. Markmiðið þeirra var alltaf að komast á Alþingi. Drævið var pólitíkin en ekki borgarmálin.“ Uppáhaldsborgarfulltrúar Gísla í gegnum tíðina eigi það þó sameiginlegt að borgarmálin brenna á þeim á undan pólitíkinni.

“
Um leið og ég fattaði að mislæg gatnamót gera bara umferðarteppurnar verri þá bara skipti ég um skoðun.

„Þegar ég datt inn í borgarmálin var ég með fullt af röngum sjónarmiðum og hélt að málin væru einhvern veginn og svo voru þau bara einhvern veginn allt öðruvísi. Sem betur fer var ég ekki með lokuð eyrun heldur fór ég að hlusta á fólk og ef maður hlustar tekur maður þeim rökum sem eru lögð á borðið fyrir mann og ég bara gerði það. Ég held að flest fólk sem hefur raunverulega áhuga á því að gera Reykjavík betri sé nokkurn veginn á sömu línu. Svo er bara fólk sem hefur ekki þann áhuga.“

Lærði að hlusta meira

Aðspurður segir Gísli þessa virku hlustun skýrast af miklum áhuga á öðru fólki.

„Mér finnst ég sjálfur alltaf tala of mikið og hlusta of lítið. Ég er samt búinn að læra að hlusta meira á dætur mínar. Þær og Vala, konan mín, hafa haft mikil áhrif á skoðanir mínar. Ég hætti að borða kjöt af því ég tapaði þeirri umræðu við eldhúsbordið heima hjá mér. Ég bara sá að dætur mínar hafa rétt fyrir sér með þetta eins og flest annað og þá er bara mikil gleði í því að breyta rétt í lífinu og reyna að verða betri manneskja og ég held að til þess að gera það verði maður að hlusta.“

Það var eins með borgarmálin. „Þar var fólk sem var ekkert tengt mér, sem opnaði það, eins og ég hef nefnt með Ingibjörgu Sólrúnu. Ég get líka nefnt Sóleyju Tómasdóttur sem opnaði fyrir mér hugsun um femínisma og kvennabaráttu. Svo elska ég samfélagsmiðla af því að mér finnst svo margar flottar skoðanir sem koma þar fram. Bæði á Twitter og Instagram er fólk sem er með rosalega sterkar skoðanir á alls konar hlutum, sumt af því algerlega þveröfugt við það sem mér finnst, en fólk sem er róttækt og er að berjast fyrir einhverjum málefnum, ég bara dáist að því og mig langar til að reyna að fatta af hverju þeim finnst þetta.“

Háður afhjúpanði viðtölum

Forvitnin um fólk hefur fylgt Gísla frá barnsaldri. „Ég var gersamlega háður opinberandi forsiðuviðtölum, það er að segja, ekki til að vera í þeim heldur að lesa þau," segir Gísli sem ólst upp á gullaldartíma íslenskra glanstímarita á borð við Heimsmynd, Mannlíf og Nýtt Líf. „Ég las þetta allt upp til agna, tætti þetta í mig og veit því allt um einkalíf fegurðardrottninga áttunnar sem voru á forsiðum þessa tímarita. Svo tók ég upp alla þætti Hemma Gunn á VHS og horfði á þá aftur og aftur. Ég spolaði bara yfir tónlistaratriðin því það voru viðtölin sem mér fannst svo skemmtileg.“

Gísli Marteinn er alinn upp í Hólunum í Breiðholti, gekk í Hólabrekkuskóla og bjó í hverfinu til tvítugs þegar hann flutti í Vesturbæinn. „Það var stórkostlegt að alast upp í Breiðholti. Það hverfi var þá að byggjast upp fyrir augunum á okkur. Ef maður hefur áhuga á umhverfi sínu þá sér maður samfélagið verða til og þróast og það heillaði mig mjög mikið," segir Gísli sem var sjálfur sannfærður um að hann yrði í Breiðholti alla sína ævi. Hann fór í Versló sextán ára og flutti ekki úr áttögðunum fyrr en á háskólaárunum þegar langt var að ferðast á hjóli ofan úr Breiðholti niður í háskóla.

„Ég held að það hafi alltaf fylgt mér að hafa bara mjög mikinn áhuga á mínu nánasta umhverfi. Ég til dæmis skrifaði mastersritgerðina mína í borgarfræðunum um götuna sem ég bjó í, í Edinborg. Nú er ég búinn að búa á Melhaganum í 20 ár og búinn að lesa allt sem ég get lesið um sögu þeirrar götu, hvernig hún varð til og hverjir hafa búið í henni og hef mjög mikinn áhuga á fólkinu sem býr í henni nú," segir Gísli sem stofnaði bæði götugrill og kaffihús við götuna sína.

Vill njóta þess að búa í borg

Gísli hefur verið virkur í félagslífi alla ævi, fyrst í fótbolta og fall- ➤



Matar markaður

Íslenskra smáframleiðenda 12. - 22. maí

Hagkaup hefur í gegnum árin unnið markvisst að því að auka samstarfið með íslenskum frumkvöðlum sem eru að taka sín fyrstu skref á innlendum matvælamarkaði. Margir þessara frumkvöðla hafa náð góðum árangri og eru í dag með vel þekktar vörur

á markaði. Til að auka sýnileika íslenskrar smáframleiðslu heldur Hagkaup því sérstakan matarmarkað. Komdu og upplifðu frábæra grósku í íslenskrum matargerð í verslunum okkar.

Í dag verða eftirtaldir framleiðendur í verslunum að kynna vörurnar sínar

Kringlan

Kl: 14:00 - 16:00
Kandís

Smáralind

Kl: 14:00 - 16:00
Sólakur, Sæhrímnir, Teko

Garðabær

Kl: 12:00 - 14:00
Kikk&krásir

Kl: 14:00 - 18:00
Cooking Harmony, Næra

Skeifan

Kl: 12:00 - 14:00

Bökum saman, Jaki, Ísgerðin, ANNAMARTA, Ella Stína, Kikk&krásir

Kl: 14:00 - 16:00

Smari's volcano sauce

HAGKAUP



» inni spýtu, svo í ræðukeppnum menntaskólaáranna og með Vöku í háskólanum. Kannski er það félagslyndið sem býr að baki borgar-ástríðunni.

„Ég var alltaf í sveit á sumrin og elska sveitina. En þegar ég er í bænum vil ég njóta allra kostanna við að vera í borg. Búa í samfélagi þar sem er stutt að fara milli staða, hitta fólk á förnum vegi. Ég vil að krakkarnir séu örugg þegar þau fara út og það séu „augu á götunni“ eins og sagt er. Margir nágrannar að fylgjast með sem hjálpast að við að ala þessi börn upp og hverfið allt.“

Gísli segir þetta hafa verið rauðan þráð á þeim óteljandi fundum sem hann sótti í öllum hverfum Reykjavíkur þann áratug sem hann var í borgarstjórn. Fólk í öllum hverfum vildi hafa hverfisbúð, hverfiskaffihús og hverfiskrá. Þetta eigi ekki aðeins við um íbúa allra hverfa í Reykjavík heldur líka íbúa allra bæja á Íslandi og alls staðar í heiminum. „Og þetta er ekkert flókið. Við vitum hvað þarf til að kaupmaðurinn á horninu virki. Það þarf fólk að búa nálægt þessu horni, til að það komi labbandi í búðina.“

Og hér nefnir Gísli stórt vandamál. Félaglega einangrun fólks og neikvæð áhrif hennar á samfélagið. „Að byggja umhverfi sem leiðir til félagslegrar þátttöku, til þess að þú hittir einhvern, hvort sem það er konan sem afgreiðir þig í versluninni eða gaurinn sem býr til kaffi handa þér á morgnana eða kennararnir í skólanum sem þú ferð með krakkana þína í. Þetta eru allt svona tilviljanakennd, félagsleg tengsl sem skipta öllu máli fyrir okkur sem samfélag.“ Gísli nefnir einangrun kvenna sem varð í kjölfar bílabyltingarinnar þegar hraðbrautir í Reykjavík gerðu það kleift að byggja hverfi langt í burtu frá miðborginni. Þangað fluttu fjölskyldur og á meðan karlinn brunaði í vinnuna á eina bíl heimilisins var konan einangruð heima.

Það má halda fram hjá

Gísli segist sannfærður um að Reykjavík sé að þróast í rétta átt og nefnir að á fundi samtaka um bíllausan lífsstíl á dögnum hafi oddvitar allra flokka í Reykjavík verið sammála um að bæta þurfi almenningssamgöngur og draga úr bílaumferð. „Þetta er alveg glænýtt. Svo ráða kjósendur hverjum þeir trúu í þessum efnum en það er engin spurning að fyrir bara örfáum mánuðum hefðu þau ekki öll svarað þessu svona. Svo eru í öllum flokkunum misstórir hópar auðvitað sem róa í þveröfuga átt.“

Er þetta kannski ástæða þess að fólk hagar atkvæði sínu oft með allt öðrum hætti í sveitarstjórnarkosningum en þingkosningum?

„Já, og í sveitarstjórnarkosningum er fólk meira til í að halda fram hjá flokknum sínum og það er meira leyfi til að prófa aðra hluti.“ Hann nefnir sem dæmi persónufylgi Davíðs Oddssonar sem tryggði Sjálfstæðisflokknum 60 þröngt atkvæða 1990. Stórsigur Jóns Gnarr 2010 og hve miklu stærri Samfylkingin er í Reykjavík en á landsvísi.

Sjálfur þurfti Gísli að hafa fyrir sínu atkvæði. Íslenski Eurovision-hópurinn flaug til Tórinó aðfaranótt síðasta laugardags og í stað þess að senda föstudagsþátt Gísla, Vikuna, beint út eins og venjan er, var hann tekinn upp fyrr um daginn. Gísli hafði þá hugsað sér að fara í Holtagarða og kjósa eftir tókur á þættinum.

„Svo tók eftirvinnslan töluverðan tíma þannig að ég var að koma út úr útvarpshúsinu á slaginu átta og fattaði þá að Holtagarðar lokuðu klukkan átta. Þá voru góð ráð dýr og ég fór að gúggla ræðismanninn í Milanó, en áttaði mig svo á að við vorum með þriggja tíma stopp á Kastrup á leiðinni hingað út. Þegar við lentum þar hljóp ég út og inn í leigubíl, og fór á honum í íslenska sendiráðið sem var með sérstaka



Þótt hægt sé að finna stund milli stríða er heilmikil vinna að lýsa Eurovision. Kvöldin þrjú eru löng og handritið þarf að vera á hreinu.

MYND/GÍSLI BERG

“

Ég tók upp alla þætti Hemma Gunn á VHS og horfði á þá aftur og aftur. Ég spólaði bara yfir tónlistaratriðin því það voru viðtölin sem mér fannst svo skemmtileg.



Elísabet Unnur, Vigdís Freyja, Vala Ágústa og Gísli Marteinn með hundinn Tinna skömmu áður en hann féll frá.

MYND ÚR EINKASAFNI

opnun út af kosningunum. Þar lét ég leigubílinn bíða meðan ég fór inn og kaus. En ég þurfti að koma atkvæðinu mínu sjálfur til skila heim og þar sem ég vildi ekki missa af fluginu til Milanó, tók ég atkvæðið með mér inn í leigubílinn, út á Kastrup og upp í vél. Þegar hingað til Tórinó var komið leitaði ég svo og fann DHL-hraðsendingarþjónustu og sendi atkvæðið þannig heim. Nú er ég búinn að fá ljósmynd til sönnunar á að því hafi verið veitt viðtaka.

Það er ansi vel í lagt?

„Já, ég geri hvað sem er fyrir góða Reykjavík.“

Það kom í ljós í borgarfulltrúatið Gísla Marteins hve oft hann sigldi á móti straumnum í eigin flokki. Hann var borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og mætti oft andstöðu meðal flokksfélaga sinna við þá stefnu sem hann tók í borgarmálum. Hann hefur heldur ekki farið leynt með dálæti sitt á stjórnmálafólki í öðrum flokkum.

“

Ég var ekki lengi að greiða atkvæði núna og er mjög ánægður með það sem ég kaus.

„Það koma jafnmargar kvartanir undan því upp á RÚV hvað ég sé mikill Sjálfstæðismaður og undan því hvað ég sé vondur við Sjálfstæðisflokkinn,“ segir hann og segir það góða stöðu að vera í fyrir fjölmiðlamann, að enginn eigi mann. „Mér finnst það mjög góð staða að vera í að vita sjálfur ekkert endilega fyrir kosningar hvað ég ætla að kjósa en þurfa bara að taka afstöðu til málna. En ég var ekki lengi að greiða atkvæði núna og er mjög ánægður með það sem ég kaus.“

Gísli er ekki síður áhugamaður um kosningar og kosningasjónvarp en borgarmál og Eurovision.

„Kosningakvöld eru algerlega heilög kvöld. Þetta verður náttúrulega svo furðulegt kvöld núna. Kosningasjónvarpið byrjar klukkan tíu og þá klára Eurovision-aðdáendur með mér á RÚV 2. Ég fer svo lóðbeint yfir í kosningasjónvarpið til að fylgjast með því.“

Eurovision skemmtilegur kíkiri

Systurnar komust upp úr sínum undanriðli á þriðjudag og taka þátt í úrslitakvöldinu í kvöld.

Gísli segir íslenska hópinn úti hafa verið undir allt búinn og að væntingarnar hafi verið í hófi. Hann hafi hins vegar fengið mjög góða tilfinningu þegar Systurnar fluttu sitt atriði í beinni. Atriðin á undan þeim hafi ekki verið að gera sitt besta. „En svo koma okkar stelpur og gersamlega negla sinn



Gísli Marteinn og Björg Magnúsdóttir hafa staðið vaktina í Eurolandi.

performans. Höllin tók við sér í okkar lagi og ég bara ímyndaði mér og mér fannst ég bara finna einhvern veginn að Evrópa hefði svarað þessu lagi vel.

Gísli Marteinn segist hafa séð svona augnablik í Eurovision og nefnir Olsen-bræður sem dæmi. „Þeim hafði hvergi neins staðar verið spáð nálægt því að sigra. Svo bara gerist eitthvað í flutningnum, því þótt þetta sé risastór sjónvarpsþáttur þá eru þetta, þegar upp er staðið, bara listamenn á sviði að syngja í míkrofón og annað hvort tekst þeim vel upp eða ekki. Og stundum bara gerist eitthvað. Einhverjir tófrar.“

Eurovisionpólitíkin skemmtileg
Eurovion er ekki einfalt fyrirbæri. „Þú getur bæði tekið stóru myndina og sagt bara þetta er merkilegasti menningarviðburður í Evrópu en þú getur líka tekið minni myndina og sagt, þetta er sjónvarpsþáttur. Hvort tveggja er rétt.“ Í eðli sínu er þetta náttúrulega bara sjónvarpsþáttur sem byrjaði meira að segja bara sem útvarpsþáttur en hefur vaxið yfir í eitthvað annað. Núna endurspeglast í hverri keppni, á hverju einasta ári, eitthvað sem er að gerast í álfunni. Armenia og Aserbaísjan gefa hvort öðru aldrei stig, áhugafólk um Eurovision veit mjög vel um deilurnar milli þessara tveggja landa og betur en flestir Evrópubúar.

Aðdáendur Eurovision vita vel

hvar stór hluti Albana býr því það sést á því hvernig er kosið. Gísli nefnir líka mikla pólitík í kringum Írland og Norður-Írland. „Írar senda mjög oft Norður-Íra í Eurovision, sem eru náttúrulega bara Bretar sem eru líka að keppa. Þannig að það er hægt að fara mjög djúpt í pólitíkina í Eurovision. Mér finnst það skemmtilegt. Ekkert endilega bara fyrir lýsinguna heldur fyrir mig sjálfan að læra meira um álfuna í gegnum þennan skemmtilega kík.“

Gísli segir áhugann á Eurovision um alla Evrópu mun meiri en Íslendingar kannski haldi.

„Okkur Íslendingum finnst gaman að segja að við séum þau einu sem horfum á Eurovision en það er auðvitað bara alls ekki rétt. Úrslitakvöldið er á aðalrásinni hjá öllum Evrópuþjóðum.“ Gísli vísar í nýlega umfjöllun BBC máli sínu til stuðnings. „Þar er meðal annars sögð saga af því að franskir lýsandinn, sem er búinn að vera í þessu djöppi mjög lengi, fékk símtal frá Macron forseta sem sagði: „Heyrðu, ítalski gæinn var að taka kókaín, Frakkland á að vinna þetta, geturðu ekki gert eitthvað?“ Svona símtal fékk sem sagt kollegi minn og þetta er dæmi um hvað fólk hefur mikinn áhuga á þessu.“

Sjálfur er Gísli Marteinn að farast úr spennungi. „Þetta verður stórkostlegur dagur því þegar allt kemur til alls snýst þetta hvort tveggja, bæði kosningarnar og Eurovision, um að gera samfélagið betra. ■



Stuðningur við fatlað fólk á kjördag

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks munu vera með vakt á kjördag, þann 14. maí, frá kl. 9.00 til kl. 22.00. Þar getur fatlað fólk fengið stuðning og upplýsingar vegna kosninga.

Ef þig vantar stuðning á kjördag:

Hafðu samband í síma 554-8100, með tölvupósti á postur@rettindagaesla.is eða á [facebook.com/rettindagaeslumadur](https://www.facebook.com/rettindagaeslumadur).

Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að kostnaður við Hlemm hafi farið meira en hundrað milljónum fram úr kostnaðaráætlun.

ÓSTJÓRN

Þetta er jú mathöll.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG



Erlendir blaðamenn eru almennt séð hrifnir af Systur þótt hinn franski Ralph viðurkenni að eiginkonu sinni hafi fundist lagið leiðinlegt og Getter frá Eistlandi muni ekki eftir því. **RÉTTABLAÐIÐ/EBU**



Ebba

Expressen í Svíþjóð

„Mér finnst þetta fallett framlag og einstakt að þær séu að syngja á íslensku, mér finnst það mjög svalt,“ segir hún. Hún segist vona að það hjálpi í stigagjöfni. „Ég er mjög hrifin af því þegar fólk

flytur lög á eigin tungumáli og vona að þær græði á því.“

Aðspurð hvaða henni þyki sterkasti þátturinn í lagi Systra nefnir hún þá staðreynd að þær séu systur. „Að þær séu systur er svo flott og miðlar þessari fjölskyldutilfinningu.“

Hún segist halda að tónlistin sé að mörgu leyti öðruvísi þetta ár en hin fyrri. „Ég held að fólk sé opnara fyrir mismunandi tónlistarstefnum en áður,“ segir hún. „Í Covid vorum við að hanga fyrir framan skjáina og rúlla í gegnum TikTok. Við sáum alls konar tónlistarstefnur og listamenn og ég held að þetta hafi kannski opnað hugi fólks.“

Hún segist halda að Úkraína hirði sigurinn þetta árið en spáir því að Ítalía verði líka ofarlega.

„Ég held líka að Bretland eigi góða möguleika. Og ég held að Svíar nái langt, en ég verð auðvitað að segja það,“ segir hún og hlær. „Þetta getur farið á hvaða veg sem er. Ég held að dómarastigin og símaatkvæðin verði rosalega ólík.“



Postarlis

Sky TV í Grikklandi

Postarlis segist elska íslenska framlagið. „Ég elska raddirnar og harmóníurnar,“ segir hann.

Postarlis segir að dögnum og segir þær yndislegar og ljúfar að ræða við.

„Ég var ekki viss í fyrri undanúrslitunum hvort þær myndu komast áfram en ég held að Norðurlöndin muni kjósa þetta lag af því að það er mjög vandað,“ segir hann. „Ég sé fyrir mér að dómararnir verði mjög hrifnir af þessu.“

Hann segir símaatkvæðin mjög óútreiknanleg. „Við vitum ekki hvernig þetta fer. Ég held að Svíar vinni keppnina, kannski Úkraína.“ Postarlis segir að lokum að hann voni að Grikkir standi sig vel í keppninni. „Við vinnum kannski bara. Okkur langar rosalega í sigurinn þetta árið,“ segir hann.

Erlendir blaðamenn spá fyrir Systur



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Mörg hundruð blaðamenn eru samankomnir í Tórinóborg á Norður-Ítalíu að fjalla um Eurovision-keppnina, en hinar íslensku Systur komust áfram í undanúrslitum og keppa því til sigurs á laugardagskvöldið.

Keppnin í ár einkennist nokkuð af ballöðum, auk þess sem stríðið í Úkraínu litar blaðamannafundi og andrúmsloft meðal aðdáenda og blaðamanna að vissu marki. Ekki hefur borið mikið á mótmælum en Systur hafa þó verið mjög ötulur talsmenn þess að vekja athygli á stríðinu og eru eitt af fáum keppnisliðum sem nota vettvanginn til þess.

Það eru skiptar skoðanir um öll framlög, eins og gengur, en Fréttablaðið tók nokkra blaðamenn tali og spurði þá út í íslenska lagið og hvernig þeir ætli að Systur gangi á úrslitakvöldinu. ■



Ralph

AFP í Frakklandi

„Ég er sjálfur hrifinn af íslenska lagið, það var ljúft og ég naut þess að hlusta á það. Við sáum þetta í sjónvarpinu, ég og konan mín. Henni fannst lagið leiðinlegt, mér þykir leitt að þurfa að segja það. Og yfirmanninum mínum fannst það líka. En svona eru skiptar skoðanir á þessu.“

Hvað varðar gengi á lokakvöldinu svarar Ralph að erfitt sé að spá fyrir um gengi laganna sem lenda fyrir miðju. „Þetta lendir ekki í einhverju af efstu tíu sætunum, heldur kannski þarna á milli tíunda og tuttugasta sætis.“

Aðspurður hver þemu ársins séu og hvort heimsfaraldur hafi áhrif á innsend lög og úrslit, svarar hann: „Kannski smávegis, þetta árið. Núna eru mörg rosalega róleg lög. Við getum horft til finnsku rokkananna í Lordi, sem voru mjög harðir, til dæmis. Svoleiðis lag yrði aldrei sent inn núna. Þannig að kannski eiga lög eins og það portúgalska meiri möguleika, en það er svona mjög rólegt lag.“



Joris

NOS, Hollenska ríkissjónvarpið

Joris segir hollensku blaðamennina hafa setið saman og fylgst með Íslendingum á sviði í keppninni á þriðjudag. „Við vorum öll mjög hrifin,“ segir hann og bætir við að hópurinn hafi borið lagið saman við framlag Hollands fyrir nokkrum árum, The Common Linnets með lagið The Calm after the storm. „Þarna var hatturinn og allt leit þannig út,“ segir hann.

Joris nefnir að söngurinn hafi verið flottur og framsetningin alls ekki væmin. „Þetta var mjög íslenskt bara og ég elska þetta. Ég vona að það endi í einu af tíu efstu sætunum. Ég er virkilega hrifinn af því.“

Hann kveðst mjög ánægður með pólitískan boðskap Systra. „Ég vona að fleiri listamenn taki afstöðu. Mér finnst skrytið að maður heyri svona lítið af mótmælum hérna vegna Úkraínu. Mér fannst það mjög sterkt þegar þær töluðu fyrir friði í Úkraínu á blaðamannafundum,“ segir hann. „Það eru ekki margir sem gera það og það er stríð í gangi í Evrópu. Þær eiga skilið mikla virðingu fyrir það.“

Joris er hugsu yfir yfirlýsingum EBU hvað varðar að halda pólitík utan keppinnar. „EBU segir að þetta sé fjölskylduþáttur og pólitík eigi ekki að koma þessu við, en það er stríð í gangi. Það hlýtur að mega minnst á það.“



Getter

Elu24 í Eistlandi

Getter segist ekki muna sérstaklega eftir íslenska framlaginu frá þriðjudagskvöldinu. Hún bætir við að það hafi komið henni verulega á óvart að lagið hafi komist áfram, en á sama tíma hafi lögum sem var spáð miklu veðgengi í veðbönkum ekki gengið vel. Hún segir að hugsanlega sé ástæðan sú að þeir sem lifi og hrærist í keppninni fjalli um hana og hafi sem mestan áhuga séu hugsanlega á annarri bylgjulengd en fólk heima í stofu.

„Fólk er að leita að rólegri tónlist,“ segir hún og visar til þess hversu margar ballöður hafi verið í seinni undanúrslitakeppninni. Hún spáir því að rólegum lögum eigi eftir að ganga betur í ár heldur en undanfarin ár sem séu góðar fréttir fyrir hið angurværa framlag Íslands í flutningi Systra.

LAUGARDAGUR 14. maí 2022



Kendrick Lamar á verðlaunahátíð árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný plata frá Kendrick Lamar

oddurfreyr@frettabladid.is

Bandaríski rapparinn Kendrick Lamar gaf út sína fimmtu breiðskífu í gær, sem ber heitið Mr. Morale & The Big Steppers. Þetta er fyrsta breiðskífa hans í fimm ár.

Kendrick tilkynnti að platan væri á leiðinni í síðasta mánuði, en á henni eru 18 lög. Nokkrum dögum fyrir útgáfu plötunnar gaf Lamar út smáskífu sem heitir The Heart Part 5, en það er hefð hjá honum að gefa út lag í The Heart-seríunni stuttu áður en hann gefur út stærri plötu. Lagið er ekki á breiðskífunni.

Fjölbreyttir samstarfsfélagar

Fjöldi tónlistarmanna vann með honum að gerð plötunnar. Meðal gesta eru Summer Walker, Taylour Paige, Ghostface Killah, Kodak Black, Sampha, Baby Keem og Beth Gibbons úr Portishead. Rödd rithöfundarins Eckharts Tolle hljómar líka í nokkrum lögum, en hann er einn vinsælasti rithöfundur heims sem fjallar um andleg málefni.

Það vekur athygli að Kodak Black kemur fram í nokkrum lögum, en í fyrra játaði hann líkamsárás á konu sem hafði sakað hann um nauðgun. Árásin átti sér stað árið 2016 en hann segist saklaus af nauðguninni. Black er líka dyggur stuðningsmaður Donalds Trump, sem stytta á síðasta ári fangelsisdóm hans fyrir vopnaburð. ■



Hrafnhildur er hestamanneskja og fer í reiðtúra daglega. Hún glímir við gigt og segir að Active Joints frá Eylíf smyrji liðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leið fljótt betur í öllum liðum

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði Active Joints frá Eylíf og er gríðarleg ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu. **2**

„Ég er búin að taka Active Joints frá Eylif frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa Active Joints frá Eylif lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á liðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjóska í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. Active Joints frá Eylif tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka Active Joints á tímabili. Þá varð liðan mín bara öll miklu verri og ég stírdari,“ segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott,“ segir hún. „Active Joints smyr liðina og í þessu eru efni sem mig vantaði,“ bætir hún við.

Knapi með keppnisþap

Hrafnhildur hefur alltaf verið atorkumikil. Hún starfaði á árum áður sem tanningamaður sem hún segir að hafi ekki farið vel með skrokkinn, auk þess að taka þátt í íþróttum. Hún er líka mikil keppnismanneskja og hefur tekið þátt í flestum hestamannamótum sem fram hafa farið. Hrafnhildur viðurkennir að hafa dottið nokkrum sinnum af baki sem hafi ekki góð áhrif á skrokkinn. „Ég syndi og hreyfi mig mikið, fer í reiðtúra daglega og stússast í hesthúsinu.



Hreyfingin bjargar mér algjörlega,“ segir hún. „Þegar maður eldist er enn mikilvægara að hreyfa sig og halda sér í góðu formi líkamlega.“

Hrafnhildur segir að hestamennskan og tanningar fari illa með stoðkerfið sem komi fram síðar. „Ég þarf að setta mig við það núna að glíma við stoðkerfisvandamál og þess vegna hef ég tekið Active Joints frá Eylif. Ég fór fyrst á bak þegar ég var sjö ára, tók síðan frí í sautján ár en fór þá á fullt í hestamennskuna aftur,“ segir Hrafnhildur, sem á sex góða keppnishesta og skartar mörgum verðlaunum frá hesta- og gæðingamótum. Eiginmaður hennar tekur þátt í sportinu og er sjálfur með tvo hesta.

Hrafnhildur segir að það skipti hana miklu máli að Active Joints sé íslensk vara. „Mér finnst gott að vita um uppruna vörunnar. Ég vel alltaf frekar íslenska vöru ef það er mögulegt. Ég tel okkur vera forréttindahóp að búa hér á landi. Þótt veðrið sé ekki alltaf gott þá er svo margt annað frábært. Ég klæði bara veðrið af mér og kvarta aldrei yfir því.“

Hrafnhildur hefur ekki prófað fleiri vörur frá Eylif en hefur áhuga á að prófa Smoother Skin & Hair. Hún hefur heyrt vel að því látið. „Vilja ekki allir hafa fallett háir?“ spyr hún. „Þótt ég finni áhrif á hárið frá Active Joints þá væri alveg spennandi að prófa hitt líka. Ég tek þrjár töflur einu sinni á dag

Hrafnhildur á sex gæðhesta enda tekur hún þátt í flest-öllum hesta- og gæðingamótum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

nýjasta varan Stronger Liver. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylif.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Mátis. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylif eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefni dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust




og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál,“ segir Ólöf Rún. ■

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðar kaupum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er fyrir 7.000 krónur eða meira á eyllif.is.

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylif

„Mér var bent á að prófa Stronger LIVER frá Eylif og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá læknum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur, segir Ragnar Þór Alfreðsson trésmiður.

Eftir að hafa notað Stronger LIVER í nokkra mánuði kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.



Því get ég sagt með sannri ástund að ég mæli með Stronger LIVER frá Eylif og ætla að halda áfram að nota vöruna.“

Stronger LIVER inniheldur: Stronger LIVER inniheldur uppbyggjand næringarefni frá sjálfbærum auðlindum til sjávar og sveita. Íslensku hráefnin í Stronger LIVER frá Eylif eru kítósan, kalkþörungar, kísill, ætihvannarrót en auk þess eru kólín, mjólkurþistill, kalsíum, C- vítamín og magnesíum.

Best er að taka tvö hylki á dag með mat til að viðhalda heilbrigðum meltingarvegi. ■



Ragnar Þór Alfreðsson, trésmiður.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundnið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf
Ábyrgðarmaður:
Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölu menn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



ÞÚ FÆRÐ EUROVISION DRESSIÐ Í CURVY

Ný sending af kjólum og fleira í stærðum 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy 



Jakki
7.590 kr

Buxur
6.990 kr



Kaffe Curve kjóll
13.990 kr



Síð skyrta
6.990 kr



Gallakjóll
13.990 kr



Black Romance Kjóll
17.990 kr

Fór að geta hreyft sig aftur með Protis Liðum

Protis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á lífvirku fiskprótíni úr villtum íslenskum þorski og öðru sjávarfangi. Lífsgæði Péturs Björnssonar gjörbreyttust eftir að hann byrjaði að taka Protis Liði.

Protis Liðir er náttúrulegt fæðubótarefni sem unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofna þorskrótíni, fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Pétur er búsettur á Sauðárkróki og starfar sem kerfisstjóri hjá tölvufyrirtækinu Fjölneti, sem hann á og rekur. Pétur hefur alla tíð stundað íþróttir enda segist hann vera keppismaður. Ástæða þess að hann byrjaði að taka inn Protis Liði var ónýt hné.

Áhrifin komu á óvart

„Ætli ég hafi ekki byrjað að taka Protis Liði vegna verkja í hné. Það var fyrir um það bil sex árum. Annað hnéð er brjóskaust og klippa þurfti til liðþófa. Ég hef farið í tvær aðgerðir vegna þess. Þá hef ég einnig farið í aðgerð út af hinu hnénu. Þar hafa liðþófar einnig verið klipptir auk þess sem sprunga er í brjóski. Þegar ég reyndi að hreyfa mig urðu hnén stökkbólgin, líkt og handbolti að stærð. Þessu fylgdu miklir verkir, til dæmis þegar ég gekk upp tröppur. Mér fannst líka erfitt að sitja lengi í bíl eða flugvél. Það var virkilega erfitt fyrir mig að keyra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur,“ útskýrir Pétur.

„Ég hafði ekki mikla trú á Protis Liðum í upphafi, en ákvað að prófa að taka inn fjórar töflur á dag með morgunmatnum. Um sama leyti hætti ég að gleypa Voltaren rapid, sem er bólgueyðandi lyf og fer ekki



Sæbjúgu eru gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín sem er í Protis Liðum.

vel í maga. Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnkðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu. Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að ad útskýra þetta, en það er eins og eitthvað lækni í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smávegis og hreyft mig. Áður voru allir

„demparar“ farnir úr hnjúnum,“ segir hann.

Fór að geta hjólað

Pétur er kyrrsetumaður þar sem hann starfar við tölvur og finnst því mikilvægt að hreyfa sig. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir sex árum. Það var í rauninni

Pétur segir að Protis Liðir hafi hentað honum frábærlega og gert honum kleift að fara aftur að hreyfa sig og hjóla, en áður voru allir „demparar“ farnir úr hnjúnum. Hann fann mikinn mun á sér eftir fimm daga notkun og honum versnar fljótt ef hann sleppir því að taka Liði.

MYNDIR/ÁSENDAR

alveg magnað að strax á fimmta degi eftir að ég byrjaði á Liðum var ég farinn að finna mikinn mun á mér. Sömuleiðis versnaði mér fljótt þegar ég sleppti að taka inn Liði og fékk aftur vonda verki. Protis Liðir hafa hentað mér frábærlega og ég er ekkert að liggja á skoðunum mínum um að þetta gerir mér mjög gott. Ef ég myndi hætta alveg að taka Liði væri ekkert annað í stöðunni en að fara í hnjúliðaskipti. Á meðan þetta er í lagi er ég ekkert að hugsa um slíkt.“

Þegar Pétur er spurður hvort hann viti um ástæðu þess að hnén gáfu sig, svarar hann: „Ég slasaðist fyrir rúmum 28 árum þegar ég var að hlaupa utanveggar í Noregi þar sem ég var í námi. Steig illa niður og reif liðþófa, átti síðan að fara í aðgerð sem aldrei varð úr, þannig að fóturinn varð alltaf verri og verri. Ég fór að setja allan þungann

Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnkðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu.

Pétur Björnsson

á hinn fótinn og skemmdi hann líka. Það má segja að þetta séu týpísk íþróttameiðsl. Ég hljóp mikið á þessum árum og tók þátt í hinum og þessum íþróttum. Þegar maður er vanur að hreyfa sig kemur upp eirðarleysi og pirringur ef það er ekki hægt af einhverjum orsökum. Ég hef reynt ýmislegt en á mjög erfitt með hlaup. Ég hef hins vegar fundið mig á reiðhjólunni enda gerir það mér gott að hjóla. Það er frábært að hjóla hér um sveitirnar, lítill umferð og fátt sem truflar,“ segir Pétur. „Ég fer því út að hjóla á hverjum degi.“

Ginseng hafsins

Skrápur sæbjúgna inniheldur lífvirka efnið kondroitín sulfat. Skrápur sæbjúgna inniheldur einnig hátt hlutfall af sinki, jodi og járn og eru sæbjúgu gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín. Kollagenið sem unnið er úr sæbjúgum inniheldur hátt hlutfall af mikilvægum aminosýrum, sérstaklega tryptófan, auk mangans og nauðsynlegra vítamína fyrir heilbrigð bein, brjóskaust og liðvökva. ■

Nánar á protis.is.

Protis-vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.



www.detailsetrid.is


Allt í bílabrifin á einum stað



Allar helstu vörur frá vörumerkinu GYEON

Upplýsingar og ráðgjöf veitir Andri í síma 787-7888 eða andri@detailsetrid.is

DETAIL SETRID
WWW.DETAILSETRID.IS - 787 7888



Svona á viðmótið að líta út frá sjónarhorni notandans. SKJÁSKOT/YOUTUBE

Þýðingagleraugu frá Google væntanleg á markaðinn

Google kynnti nýlega ný gleraugu sem geta þýtt erlend tungumál jafnóðum og sýnt notendum þýddan texta í sjónsviði þeirra. Gleraugun eiga að auðvelda samskipti milli fólks sem talar ólík tungumál.

oddurfreyr@frettabladid.is

Google kom mörgum á óvart á nýlegri kynningu með þessum nýjustu gleraugum sem nýta tækni sem sýnir stafræna hluti í raunveruleikanum, sömu tækni og var notuð fyrir Pokémon Go á sínum tíma. Gleraugun gera notendum kleift

að skilja fólk þó að það sé að tala tungumál sem það kann ekki. Þau nota Google Translate til að þýða jafnóðum það sem er sagt og birta þýðinguna eins og texta í sjónvarpi í sjónsviði notandans. Gleraugun gætu líka reynst mjög gagnleg fyrir heyrnarskerta.

Google gaf engar upplýsingar um hvenær gleraugun koma á markað og sýndi virkni þeirra eingöngu í myndbandi sem lýsti því hvernig þau eiga að virka. Það er því óvíst hvernig notkun þeirra verður háttáð eða hversu vel þau eiga eftir að virka í raun, en ef hugmyndirnar ganga eftir verður þetta gagnleg og áhugaverð tækni.

Sundar Pinchai, forstjóri Google, segir að fyrirtækið sé mjög spennt fyrir möguleikunum sem tækni sem sýnir stafræna hluti í raunveruleikanum býður upp á og virðist sjá fyrir sér að hún verði nýtt á ýmsa nýja vegu án þess að snjallsímar séu hluti af dæminu.

Hann sagði að Google hefði fjárfest mikið í þessari tækni og ætlaði að nýta hana í alls kyns ólíkum vörum. Hann bætti við að þessi tækni sé nú þegar gagnleg í snjallsímum, en að töfrarnir verði sjáanlegir þegar hægt verður að nota hana í raunveruleikanum án þess að þurfa að nota snjalltæki sem milliliði. ■

Fjölskyldufræðinga- félag Íslands

LAUGARDAGUR 14. maí 2022



Stjórn Fjölskyldufræðingafélags Íslands. Frá vinstri: Soffía Bæringsdóttir, Ólöf Birna Björnsdóttir, Jóhann Pétursson, Anna Rakel Aðalsteinsdóttir og Hafdis Þorsteinsdóttir. Á myndina vantar tvo stjórnarmenn, þau Þorleif Kr. Nielsson og Ragnhildi Birnu Hauksdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Góð samskipti auka lífsgæði fjölskyldna

Til hamingju með dag fjölskyldunnar, kærur landsmenn! Fimmtándi maí er dagur fjölskyldunnar og hafa fjölskyldufræðingar gert daginn að sínum, til að vekja athygli á mikilvægi velferðar fjölskyldunnar í nútímasamfélagi. **2**

„Fjölgun fjölskyldufræðinga síðustu ár er mjög ánægjuleg og eftirspurn eftir liðsstyrk fjölskyldufræðinga hefur sömuleiðis aukist með ári hverju. Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og við tökumst á við ýmsar áskoranir henni tengdar. Því er oft gott að leita til fagfólks með sérmenntun á þessu sviði til að fá aðstoð,“ segir Ólöf Birna Björnsdóttir, formaður stjórnar Fjölskyldufræðingafélags Íslands.

Allir tilheyra fjölskyldum

Fjölskyldumeðferð miðar að því að hjálpa fjölskyldum að breyta og bæta líðan sína út frá heildinni.

„Fjölskyldumeðferð er svipuð öðrum viðtalsmeðferðum, nema fjölskyldan, eða hluti hennar, jafnvel einn fjölskyldumeðlimur, kemur til meðferðar. Horft er á heildina til að komast að rót vandans og uppræta hann. Fjölskyldumeðferð skodar því tengslin, heildina, kerfin, hlutverk einstaklingsins og áhrif fólks á hvert annað, frekar en að einblína á einn og afmarkaðan vanda,“ útskýrir Ólöf Birna.

Hún segir fjölskyldur fjölbreyttar og ólíkt samsettar en að allir tilheyri fjölskyldum og eftirspurn eftir fjölskyldumeðferð hafi aukist jafnt og þétt.

„Kannski sér í lagi því það reynir mikið á samskipti í dag og öll viljum við eiga í góðum samskiptum við okkar nánustu. Þá kemur fjölskyldumeðferð að góðu gagni sem gagnreynd viðtalsmeðferð sem hjálpar fjölskyldum að takast á við ólíkan vanda og stilla saman strengi.“

Snemmtæk ihlutun best

Fjölskyldumeðferð gagnast öllum sem tilheyra fjölskyldu og vilja bæta líðan sína og samskipti.

„Þegar fjölskyldur standa frammi fyrir miklum breytingum raskast stöðugleikinn. Þar má nefna áskoranir í uppeldi, fjölgun í fjölskyldunni, sorg, skilnað, veikindi og annað, og þá getur reynst vel að fá annað sjónarhorn og stuðning til að ná stöðugleika á ný,“ segir Jóhann Pétursson, fjöl-



Jóhann Pétursson og Ólöf Birna Björnsdóttir segja viðtalsmeðferð hjálpa fjölskyldum að takast á við vanda og stilla saman strengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

skyldufræðingur í stjórn félagsins.

Fjölskyldufræðingar aðstoða fólk í ólíkum aðstæðum og þeir hafa ólíka sérhæfingu.

„Fjölskyldufræðingar aðstoða við uppeldi, eru mikið í paravinnu og veita stuðning þegar einhver í fjölskyldunni veikist, svo eitthvað sé nefnt. Okkar tilfinning er sú að fólk leiti til fjölskyldufræðings fyrr en áður og meiri líkur eru á að fá góða aðstoð þegar gripid er fyrr

inn í en ella. Í samfélagi nútímans er mikið rætt um snemmtæka ihlutun og það á við í okkar starfi,“ segir fjölskyldufræðingurinn Soffía Bæringsdóttir, líka í stjórn félagsins.

Allir vilja góð samskipti

Fjölskyldufræðingar finna vel í sínu starfi að fjölskyldur og einstaklingar eru í dag meðvitaðri um samskipti sín við aðra og vilja fá

Þegar fjölskyldur standa frammi fyrir miklum breytingum raskast stöðugleikinn. Þá getur reynst vel að fá annað sjónarhorn og stuðning til að ná stöðugleika á ný.

Jóhann Pétursson

aðstoð við að leysa úr hlutunum.

„Það er alltaf af hinu góða og við það aukast lífsgæði okkar. Hins vegar hefur þörfin verið mjög lengi til staðar og er enn að koma upp á yfirborðið. Með meiri vitneskju og vilja fyrir betri lífsgæðum leitum við frekar til fagaðila á tíma-mótum. Við sjáum ekki bara aukna vitund um mikilvægi fjölskyldunálgunar hjá fjölskyldum, heldur líka hjá fagfólki. Þörfin hefur því alltaf verið til staðar en sífellt fleiri sækja sér aðstoð við alls kyns fjölskyldumál,“ segir Soffía.

Hún segir nýju farsældarlögin um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna vera gott dæmi um aukna meðvitund og mikilvæg skref.

„Í farsældarlögunum er samþætt þjónusta í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra eða umönnunaraðila þeirra. Það er gríðarlega mikilvægt skref að mati okkar fjölskyldufræðinga. Þessi nýju lög leggja mikið upp úr því að mæta börnum og fjölskyldum, og þar eru fjölskyldufræðingar mikilvægir meðferðaraðilar með sína sérþekkingu.“

Gagnreynt úrræði

Fjölskyldufræðingar starfa víða í samfélaginu. Þeir eru mikilvæg fagstétt og góð viðbót við meðferðarlöruna.

„Fjölskyldufræðingar starfa í heilbrigðisgeiranum, hjá sveitar-

félögunum, í menntakerfinu, hjá sýslumanni og fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Einnig hjá félagsamtökum eins og Stígamtötum, Íslenskri ættleiðingu og Foreldrahúsi. Auk þess starfa fjölskyldufræðingar sjálfstætt víðast hvar um landið. Þeir eru yfirleitt með ólíka sérhæfingu sín á milli og er hægt að nálgast upplýsingar um fjölskyldufræðinga í félaginu á vefsíðunni fjolskyldumedferd.is,“ greinir Jóhann frá.

Enn sem komið er skortir starfsheitið fjölskyldufræðingur löggildingu.

„Því er brýnt að breyta sem fyrst því fjölskyldumeðferð er gagnreynt úrræði. Við viljum að skjólstæðingar njóti verndar og réttinda til jafns við aðrar meðferðarstéttir. Fjölskyldumeðferð er klínísk háskólamenntun sem á fullt erindi með löggiltum fagstéttum sem sinna klínískri meðferð,“ segir Jóhann.

Fjölskyldufræðingafélag Íslands sótti um löggildingu til heilbrigðisráðuneytisins árið 2019 en fékk höfnun.

„Til að tryggja gæði þjónustunnar og öryggi þeirra sem til okkar leita er mikilvægt að þetta náist í gegn sem fyrst. Það er fullur hugur hjá stjórn félagsins að halda þeirri vinnu áfram því það er mikilvægt fyrir fólk sem við aðstoðum, sem og okkur fagfólkið.“

Framtíðin er björt

Framtíðarsýn Fjölskyldufræðingafélagsins er aukin þjónusta við fjölskyldur og að gengi að fjölskyldumeðferð verði betri og einfaldari.

„Einnig að fá löggildingu, sem er mikið réttlætismál svo fagmennska verði tryggð í hvívetna. Framtíðin er björt, fjölskyldufræðingur er að fjölga, þörf fyrir þessa fagþekkingu að aukast og við hlökkum til komandi verkefna,“ segir Ólöf Birna.

Allar nánari upplýsingar um fjölskyldufræðinga og fjölskyldumeðferðir á fjolskyldumedferd.is

Fjölskyldumál hafa alltaf heillað

Svanhildur Ólafsdóttir er félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur auk þess að starfa sem teymisstjóri Geðheilsuteymis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Þar sinnir hún teymisstjórnun, stjórn mála, meðferðum og hópstarfi.

Svanhildur útskrifaðist sem félagsráðgjafi 2015 og sem fjölskyldufræðingur árið 2018 og hefur nýtt námið í starfi frá því námið hófst því hver lota gagnaðist inn í vinnu hennar á meðan námið stóð yfir.

Þegar Svanhildur er spurð hver sé sérstaða hennar, svarar hún: „Sérstaða mín í starfi er meðferðarvinna með einstaklingum með greinda geðsjúkdóma. Fjölskyldufræðin er mjög gagnleg í þá vinnu þar sem hver einstaklingur í þjónustu á fjölskyldu og oft er unnið með parsambandið eða samskipti fjölskyldunnar í meðferðinni,“ segir hún.

Svanhildur segir að málefni fjölskyldunnar hafi alla tíða heillað sig. „Samskipti, fjölskylduarfurinn og hvernig hann birtist í daglegu lífi fólks, áhrif áfalla og birtingarmynd mismunandi fjölskyldu-kerfa, eru þau verkefni sem mér finnst einna skemmtilegast að vinna með fólk,“ greinir Svanhildur frá.

Er þetta starf ólíkt því sem þú hefur fengist við áður?



Svanhildur Ólafsdóttir er félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur auk þess að starfa sem teymisstjóri Geðheilsuteymi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

MYND/ADSEND

Reynsla og sögur fólksins hafa oft áhrif á mann og sum mál sitja dýpra í manni en önnur. Það sem vegur þó meira er traustið og einlægnin sem hver og einn skjólstæðingur er tilbúinn að gefa af sér í meðferðinni.

„Fjölskyldumeðferðarnámið var mjög góð viðbót við félagsráðgjafamenntunina. Í náminu fékk ég önnur verkfæri til að vinna með og aðstoða fólk í sinni vegferð. Námið veitti mér færni til að beita meðferð og nálgast málefni fjölskyldunnar út frá mörgum sjónarhornum.“

Fjölskyldumeðferð er kannski ekki svo ólík öðrum störfum sem ég hef unnið sem félagsráðgjafi en ég beiti mér sem meðferðaraðili á annan hátt en ég gerði áður.“

Þegar Svanhildur er spurð hvort starfið taki ekki stundum

á þegar hún fáist við erfið mál-efni, svarar hún: „Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar unnið er með fólk á mismunandi stöðum í lífinu, að það taki á mann sem meðferðaraðila. Reynsla og sögur fólksins hafa oft áhrif á mann og sum mál sitja dýpra í manni en önnur. Það sem vegur þó meira er traustið og einlægnin sem hver og einn skjólstæðingur er tilbúinn að gefa af sér í meðferðinni og árangurinn í starfinu sést best á bættri líðan skjólstæðinganna. Starfið er eins ólíkt frá degi til dags og við erum mörg. Það eru stöðugt ný verkefni, nýjar hliðar á málunum og nýjar áskoranir sem þarf að takast á við.“

Er góður aðbúnaður fyrir starfsmenn og skjólstæðinga á þínum vinnustað?

„Aðbúnaðurinn mætti vera mun betri og er vinnan við að bæta hann hafin. Engu að síður reynum við að gera gott úr því sem við höfum og leggjum áherslu á hlýlegt umhverfi og persónulega þjónustu. Starfsandinn hér er mjög góður og tel ég það skila sér til okkar skjólstæðinga.“

En á Svanhildur einhver áhugamál utan vinnunnar?

„Samvera með fjölskyldunni er mitt helsta áhugamál. Samvera með fólkinu mínu, útivist, ferðalög og hreyfing er það sem bætir mína geðheilsu.“ ■

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir metnaðarfullum einstaklingi til að taka að sér starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Sviðsstjóri veitir fjölskyldusviði faglega og stjórnunarlega forystu og starfar í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og lög og reglugerðir er varða starfsemina. Sviðsstjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu og hefur frumkvæði að umbóta- og þróunarstarfi og lausn verkefna. Sviðsstjóri er stjórnendum sviðsins til ráðgjafar og stuðnings í verkefnum og ákvörðunum sem þeir fást við og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri fjölskyldusviðs.

Helstu verkefni

- Umsjón með starfs- og fjárhagsáætlunum á fagsviðinu
- Yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á sviðinu og samræmingu milli deilda
- Umsjón með starfsemi nefnda og ráða á fjölskyldusviði
- Ráðgjöf og stuðningur til forstöðumanna og deildarstjóra í störfum þeirra og stjórnun
- Samskipti við bæjarstjórn, stoðþjónustudeildir, nefndir og hagsmunaaðila
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpunarverkefnum þvert á fagsvið sveitarfélagsins
- Stuðlar að úrbótaverkefnum er varða skóla-, frístunda- og velferðarmál

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Meistaragráða sem tengist starfsvettvangi sviðsins er kostur
- Farsæl rekstrar- og stjórnunarreynsla er skilyrði
- Reynsla af straumlínustjórnun er kostur
- Skýr sýn á leiðir til að styrkja skólaumhverfi, frístundaþjónustu og velferðarmál í bæjarfélaginu
- Þekking og reynsla af snemmtækum stuðningi og samþættingu þjónustu er kostur
- Leiðtoga-, samstarfs- og samskiptahæfni
- Metnaður til að ná árangri í starfinu

Laun eru ákvörðuð af kjaranefnd bæjarstjórnar Árborgar. Starfshlutfall er 100%. Vakín er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspeglji fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 25.05.2022. Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá, auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef Hagvangs. Þeir umsækjendur sem boðaðir verða í viðtal verða beðnir um að leysa verkefni og kynna það í starfsviðtalinu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veita Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, gislihh@arborg.is eða í síma 480-1900 og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir hjá Hagvangi, yrsa@hagvangur.is.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Í Sveitarfélaginu Árborg búa tæplega 11 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skólastarf og góða frístunda- og velferðarþjónustu. Á fjölskyldusviði starfa um 800 manns á um 30 vinnustöðum víðs vegar um sveitarfélagið. Á sviðinu eru starfræktir fjórir grunnskólar, sex leikskólar, átta frístundaheimili fyrir börn og ungmenni, tvær dagdvalir fyrir aldraða, þrjú búsetuúrræði og tvær dagdvalir fyrir fatlaða, tvær sundlaugar ásamt íþróttahúsum, skólþjónusta og félagsþjónusta.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Deildarstjóri stoðdeildar vegna móttöku nemenda sem þurfa sérstakan stuðning - Birtu

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra við stoðdeildina Birtu vegna móttöku nemenda sem þurfa sérstakan stuðning við að hefja nám í grunnskóla og eru umsækjendur um alþjóðlega vernd

Í Birtu er stutt við árangursríkt nám og skólagöngu nemenda sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og hafa jafnvel litla eða rofna skólagöngu að baki. Deildin verður starfrækt í Breiðholti frá og með hausti 2022.

Deildarstjóri stýrir daglegu starfi Birtu og er næsti yfirmaður skólastjóri þess skóla sem deildin starfar við. Starfsfólk deildarinnar verður í nánu samstarfi við skólastjórnendur, verkefnastjóra fjölmennningar á SFS, starfsfólk skóla- og frístundaþjónustu auk annarra aðila sem starfa við málaflokkinn.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stýra daglegu starfi stoðdeildar og annast daglegan rekstur
- Kennsla nemenda deildarinnar
- Bera ábyrgð á að koma á brú milli deildarinnar og móttökuskóla nemenda
- Vinna náið með skólastjórnendum að samræmdu verklagi og þjónustu deildarinnar
- Skipuleggur samstarf deildarinnar við aðila sem vinna í málaflokknum
- Tekur þátt í starfshópum og stefnumótunavinnu varðandi málaflokkinn á skóla- og frístundasviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf kennara
- Framhaldsnám á sviði uppeldis, kennslu eða sambærileg menntun æskileg
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Þekking á fjölmennningarlegum starfs- og kennsluháttum
- Áhugi og þekking á málefnum flóttamanna
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta og kunnátta í öðrum tungumálum kostur

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Starfið er laust frá 1. ágúst 2022. **Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2022.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar í grunnskólum Reykjavíkur, sími 411-1111 og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, fagstjóri grunnskóla í skóla- og frístundaþjónustu í Breiðholti, sími 411-1300. Netföng: dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is / sigurlaug.hrund.svavarsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

GTS ehf

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Enskukunnátta skilyrði og íslenskukunnátta æskileg.
- Getum útvegað herbergi til leigu.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónusta fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.



Framkvæmdastjóri Notendalausna.

Origo leitar að einstaklingi sem hefur eldmóð til að leiða áframhaldandi uppbyggingu og vöxt Notendalausna. Á sviðinu starfa um 90 einstaklingar við sölu, þjónustu og markaðssetningu á nokkrum af fremstu vörumerkjum á sínu sviði.

Starfssvið

- Að leiða stefnu, framtíðarsýn og vöruþróun sviðsins
- Að leiða öflugan og söludrifinn hóp starfsfólks og styðja hann til árangurs
- Daglegur rekstur, skipulag og umsjón með starfsemi sviðsins
- Að greina og fylgja eftir spennandi tækifærum í vexti sviðsins
- Að viðhalda góðu samstarfi við viðskiptavinum, samstarfsaðila og aðra hagaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðtogaþæfileikar og færni í að móta og innleiða framtíðarsýn
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Dekking á upplýsingatækni og íslensku atvinnulífi

Frekari upplýsingar og umsóknir á Origo.is/atvinna.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

Origo hf. er samstæða þjónustufyrirtækja í upplýsingatækni með einkunnarorðin „Betri tækni bætir lífið“. Origo er leiðandi samstarfsaðili fyrirtækja (stórra sem smárra), opinberra aðila og einstaklinga á Íslandi. Hjá Origo starfa fleiri en 500 manns heima og að heiman.

SONY BOSE Lenovo poly Canon Apple Google

.or!go.



Sölumaður sérlausna í byggingavörum

BYKO er leiðandi í sölu á byggingavörum hér á landi. BYKO rekur eina stærstu byggingavöruverslun landsins í Breiddinni í Kópavogi, auk verslana á höfuðborgarsvæðinu og víða um land. Frá upphafi hefur BYKO kappkostað við að veita viðskiptavinum sínum, fagmönnum jafnt sem almennum húsbyggjendum, framúrskarandi þjónustu.

Fyrirtækjasvið BYKO auglýsir eftir sölumanni í sölu og ráðgjöf í sérlausnum í byggingavörum til verktaka og einstaklinga. Leitað er að öflugum, hressum og duglegum starfsmanni til að vinna með þeim frábæra hópi fólks sem vinnur hjá BYKO.

Starfið felur í sér tilboðsgerð, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina á húseiningum, gluggum og hurðum ásamt öðrum sérlausnum BYKO.

Við erum að leita að einstaklingi með eftirfarandi eiginleika:

- Öflugur og drífandi með ríka þjónustulund.
- Með menntun eða reynslu sem nýtist í starfi; smiður, iðnfræðingur, byggingafræðingur eða önnur sambærileg menntun.
- Góða hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góða tölvukunnáttu, s.s. í Excel og Word. Reynsla í lestri teikninga í AutoCAD er kostur.
- Metnað til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Markaðsstjóri

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í sölu, þjónustu og hönnun á útgerðar-, fiskeldis- og iðnaðarsérlausnum og rekur 8 þjónustu- og framleiðslueiningar um land allt. Þjónusta fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábærum hópi starfsfólks með víðtæka þekkingu. Nánari upplýsingar er að finna á www.isfell.is.

Ísfell leitar að hugmyndaríkum og markmiðadrifnum markaðsstjóra sem hefur brennandi áhuga á markaðssetningu í B2B á alþjóðamörkuðum. Viðkomandi ber ábyrgð á markaðsmálum og sýningum ásamt því að taka þátt í stefnumótun og áætlanagerð fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Áætlanagerð og stefnumótun á sviði sölu- og markaðsmála.
- Ábyrgð á ímyndar- og markaðsmálum.
- Stafræn markaðssetning, vefumsjón og samfélagsmiðlar.
- Markaðsgreiningar og greining markhópa ásamt leitarvélabestun.
- Umsýsla efnissköpunar, hugmyndavinnu, textagerðar og hönnunar markaðsefnis.
- Yfirumsjón og skipulagning viðburða þ.m.t. sýninga og efnisgerð.
- Samskipti við auglýsingastofur og fagaðila á sviði markaðsmála.
- Almenn kynningarstörf og samskipti við fjölmiðla í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði, framhaldsmenntun í markaðsfræði er kostur.
- Árangursrík reynsla af markaðsmálum og markaðssetningu.
- Þekking og reynsla af vefumsjón, stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa í hópi.
- Frumkvæði og metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Lausar stöður

Vopnafjarðarskóli

Skólastjóri

Leitað er að öflugum, metnaðarfullum og framsýnum leiðtoga til að leiða skólastarfið.

Um er að ræða 100% starf frá 1. ágúst 2022.

- Forysta á sviði kennslu og þróun skólastarfs.
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans, áætlanagerð og mannhaldi.

Sérkennari

Annast alla skipulagningu sérkennslu í samráði við aðstoðarskólastjóra og umsjónarkennara.

Um er að ræða 100% starf frá 1. ágúst 2022.

- Umsjón með gerð sérkennsluskýrslu að vori.
- Situr fundi nemendaverndar.
- Skipuleggur sérkennslu skólans eftir hugmyndafræði „Skóli án aðgreiningar“.

Í Vopnafjarðarskóla eru 70 nemendur. Skólinn er að innleiða jákvæðan aga og er Olweusar skóli. Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

Nánar á atvinna.vfh.is



FLÓAHREPPUR



Flóaskóli

Einstakt tækifæri fyrir metnaðarfulla kennara!

Flóaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa skólaárið 2022 - 2023. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 118 nemendur í 1. – 10. bekk og rúmlega 30 starfsmenn.

Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og öfluga stoðþjónustu. Við erum heilsuefandi grunnskóli og vinnum samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er skólinn þátttakandi í Grænfánaverkefninu.

Við leitum að umsjónarkennurum á yngsta, mið og elsta stig. Auk þess er um að ræða kennara í textíl, tónmennt, ensku, upplýsinga- og tæknimennt.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari, uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf til kennslu
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í upplýsinga- og tæknimennt
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg
- Áhugi á þróunarstarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2022, ráðið verður í störf frá 1. ágúst 2022. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Sjóðstjóri

Almenni lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða sjóðstjóra til að starfa í eignastýringarteymi sjóðsins.

Helstu verkefni

- Þátttaka í eignastýringarteymi og stýring eigna í samræmi við fjárfestingarstefnu
- Greining og mat fjárfestingarkosta, undirbúningur fjárfestingarákvarðana
- Upplýsingagjöf og samantekt á upplýsingum um eignir
- Eftirlit með eignum í samræmi við áhættustefnu
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila

Hæfniskröfur

- Greiningarhæfni, samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í að rýna og flokka tölulegar upplýsingar og setja þær fram með skipulegum hætti
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af eignastýringu er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is



Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá sjóðnum starfar samheldinn hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að vinna vel fyrir sjóðfélaga og veita úrvalspjónustu. Í boði er vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuaðstöðu og áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum.



Sótt er um starfið á hagvangur.is



Spennandi stjórnunarstörf

Keahótel leita að tveimur öflugum einstaklingum til að stýra sviði sölu- og markaðsmála og rekstrarsviði með starfsstöð á söluskrifstofu félagsins í Reykjavík. Í boði eru tvö mjög spennandi og krefjandi stjórnunarstörf hjá öflugum félagi.

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs

Hæfniskröfur

- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð
- Reynsla í að koma fram
- Starfsreynsla úr hótél- og ferðaþjónustu æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi
- Afburða tölvu- og tæknikunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta (tala og rita)
- Bjartsýni, sóknarvilji og metnaður

Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Hæfniskröfur

- Góð færni og reynsla af rekstri
- Þekking og reynsla af hótélrekstri er mikilvæg
- Sterk kostnaðarvitund
- Reynsla af starfsmannahaldi
- Þekking á ferlum og innleiðingu þeirra
- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð færni í læsi fjárhagsupplýsinga
- Góð samskiptafærni
- Samstarfsvilji og teymishugsun
- Bjartsýni, sóknarvilji og metnaður

Umsóknarfrestur er til og með 28.05.2022. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.



KEAHOTELS

Keahótel ehf. er eitt stærsta hótelfélag landsins sem rekur níu hótél. Í Reykjavík: Apótek Hótél, Hótél Borg, Sand Hótél, Skuggi Hótél, Storm Hótél og Reykjavík Lights. Hótél Kea á Akureyri, Sigló Hótél á Siglufirði og Hótél Katla Vík í Mýrdal. Keahótel er spennandi vinnustaður þar sem samheldinn hópur starfar með fjölbreyttan bakgrunn. Við leggjum áherslu á gott viðmót, þjónustulund, metnað, hæfni, og frumkvæði með það að leiðarljósi að skapa eftirsóknarvert og skilvirkt vinnuumhverfi og ánægða viðskiptavinum. Skrifstofur Keahótela ehf. eru á Akureyri og í Reykjavík, sjá nánar á keahotels.is



Sótt er um störfin á hagvangur.is

Sölumaður verkfæra

Vélar og verkfæri ehf. óska eftir að ráða öflugan sölumann á fyrirtækjamarkaði. Við leitum að metnaðarfullum, jákvæðum og drifandi einstaklingi með brennandi áhuga á verkfærum og rekstrarvörum til að sjá um sölu til iðnaðar og þjónustufyrirtækja á ýmsum sviðum.

Í boði er gefandi og áhugavert starf þar sem skemmtilegur og samstilltur hópur leggur metnað sinn í að veita framúrskarandi þjónustu og trausta ráðgjöf.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Samskipti og heimsóknir til núverandi viðskiptavina.
- Eftirfylgni og umsjón gagnvart viðskiptavinum.
- Virk þátttaka í söluátökum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða viðamikil reynsla í iðngrein, t.d. bifvélavirkjun, rafvirkjun, vélvirkjun eða sambærilegu er skilyrði.
- Þekking á fyrirtækjamarkaði með verkfæri, rekstrarvöru o.fl.
- Söluhæfileikar, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Almenn tölvukunnátta.
- Skipuleg og öguð vinnubrögð.
- Þarf að hafa gott vald á ensku.
- Bílpróf er skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á thorsteinn@vv.is fyrir 22. maí 2022 og í því netfangi fást jafnframt nánari upplýsingar um starfið ef óskað er.



Skútuvogur 1 c • 104 Reykjavík • Sími 550 8500 • www.vv.is

Vélar & Verkfæri ehf. er traust og framsækið fjölskyldufyrirtæki með sögu allt aftur til ársins 1919. Fyrirtækið er með starfsstöð í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 20 manns.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Umsjónarkennari
- Starfsmenn á frístundaheimili

Hofsstaðaskóli

- Náms- og starfsráðgjafi

Leikskólinn Akrar

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Leikskólinn Bæjarból

- Aðstoðarleikskólastjóri

Krókamýri – heimili fatlaðs fólks

- Sumarstöf

Fjölskyldusvið

- Stuðningur við ungan mann

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



intellecta

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni og uppruna, eru hvattir til að sækja um starfið.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

HAMPIÐJAN

Veiðarfæragerð

Við leitum að starfsfólki í veiðarfæragerð til starfa á starfsstöð okkar í Reykjavík. Staðsett í nýlegu húsnæði Hampiðjunnar við Skarfabakka.

Veiðarfæragerð felur í sér hönnun, framleiðslu, viðhald og viðgerðir á ólíkum veiðarfærum.

Kostur er að hafa reynslu af veiðarfærum og veiðarfæragerð og möguleiki er á því að Hampiðjan styðji starfsfólk til náms í faginu sé þess óskað.

Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir nákvæmni, vönduðum vinnubrögðum og handlagni.

Ítarlegri upplýsingar um störf má finna á www.intellecta.is

Er um við að leita að þér?



Lyfjastofnun óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga sem þrífast á spennandi verkefnum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk þess að eiga auðvelt með að vinna í teymi. Um er að ræða fjölbreytt störf á góðum vinnustað.

Gæða- og öryggisstjóri

Gæða- og öryggisstjóri heyrir undir sviðsstjóra gæða- og upplýsingatæknisviðs. Sviðið er eitt þriggja stoðsviða Lyfjastofnunar. Á sviðinu er einnig upplýsingatæknideild auk skjalastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Innleiðing, vöktun og viðhald stjórnkerfis gæða- og upplýsingaöryggismála
- Umsjón með rekstri og þróun á gæðakerfi
- Framkvæmd áhættumats á kerfum og ferlum
- Ábyrgð á öryggi húsnæðis, þ.m.t. brunavörnum, myndavélum, aðgangskerfi og almennum umgengisreglum
- Ábyrgð á fræðslu til starfsmanna varðandi gæða- og öryggismál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á ISO 27001 og gerð áhættumats er skilyrði
- Þekking á ISO 9001 og skjalastýringu er kostur
- Mjög góð samskiptahæfni, þjónustulund, jákvæðni og sveigjanleiki
- Afburða tölvuhæfni, nákvæmni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Teymisvitund, frumkvæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Lögfræðingur

Lyfjastofnun auglýsir laust starf lögfræðings. Lögfræðingur starfar á skrifstofu forstjóra þar sem helstu verkefni eru stjórnýsla, alþjóðlegt samstarf og persónuvernd auk mannauðsmála.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Lögfræðileg ráðgjöf til forstjóra, sviðsstjóra og starfsfólks
- Afgreiðsla erinda og fyrirspurna frá almenningi og samskipti við stjórnvöld
- Túlkun og skýring laga og reglugerða og annarra stjórnýslufyrirmæla
- Umsjón með dómsmálum og kærnum sem snúa að starfssviði stofnunarinnar
- Undirbúningur og vinna við tillögur að endurskoðun og breytingum á lögum og reglugerðum
- Þátttaka í nefndarstörfum og vinnuhópum innan og utan stofnunar, ásamt erlendu samstarfi
- Ábyrgð á innra eftirliti, ráðgjöf og upplýsingagjöf
- Tengiliður við Persónuvernd og vinna að umbótum í starfsemi Lyfjastofnunar í tengslum við persónuverndarlöggjöf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla sem lögfræðingur
- Þekking á stjórnýslurétti, persónuverndarrétti og Evrópurétti
- Þekking á löggjöf á sviði lyfja og lækningatækja er kostur
- Reynsla af gerð umsagna um lögfræðileg málefni
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnýslu
- Leiðtogaþæfni, ábyrgð og heiðarleiki
- Mjög góð samskiptahæfni, þjónustulund, jákvæðni og sveigjanleiki
- Afburða tölvuhæfni, nákvæmni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Teymisvitund, frumkvæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í íslensku í töluðu og rituðu máli. Kunnátta í norðurlandamáli er kostur

Lyfjastofnun er eftirsóknarverður vinnustaður sem leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Helstu hlutverk stofnunarinnar eru útgáfa markaðsleyfa og gæðamat, eftirlit með lyfjum og lækningatækjum, vísindaráðgjöf, verð- og greiðsluþátttaka lyfja og upplýsingagjöf. Hjá Lyfjastofnun starfa 86 starfsmenn af sex þjóðernum. Gildi Lyfjastofnunar eru: **Gæði – Traust – Þjónusta**.

Nánari upplýsingar má finna á: www.lyfjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með **30. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Lyfjastofnun hefur hlotið jafnlaunavottun og eru laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélag. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdís@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Leiðtogi þekkingarmiðlunar og fræðslu í Elliðaárstöð

Viltu taka þátt í uppbyggingu?

Elliðaárstöð er lifandi áfangastaður í hjarta borgarinnar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem gestir koma saman til að fræðast, upplifa, skapa og njóta náttúrunnar.

Við leitum að drifandi leiðtoga þekkingarmiðlunar og fræðslu um orku, vísindi og umhverfismál til skólabarna og almennings. Hlutverk hans verður jafnframt að taka þátt í þróun Elliðaárstöðvar sem þekkingarmiðstöðvar fyrir orku, vísindi og umhverfismál.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022.

Sótt er um starfið á or.is/storf-i-bodi/

Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Birna Bragadóttir: birna.bragadottir@or.is

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika á að samræma vinnu og einkalíf.

 Elliðaárstöð

 Orkuveita Reykjavíkur



ÞJÓNUSTULUND OG SAMSKIPTAHÆFNI

SÉRFRÆÐINGUR Á LÍFEYRISSVIÐI

Viltu ganga til liðs við stærsta lífeyrissjóð landsins og sinna fjölbreyttum verkefnum í lífflegu umhverfi? LSR leitar að metnaðarfullum einstaklingi með ríka þjónustulund og samskiptahæfni í stöðu sérfræðings á lífeyrissviði. Verkefnin felast bæði í beinni þjónustu við sjóðfélaga og ýmiss konar úrvinnslu sem tengist umsóknum lífeyrisþega og breytingum lífeyrisréttinda.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf varðandi lífeyrisréttindi og séreignarsparnað hjá LSR.
- Móttaka sjóðfélaga og lífeyrisþega, símsvörun og afgreiðsla fyrirspurna.
- Gagnaöflun, móttaka og skráning gagna.
- Meðhöndlun og úrvinnsla umsókna um lífeyri og breytinga á lífeyrisréttindum.
- Þátttaka í umbótaverkefnum lífeyrissviðs.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð samskiptahæfni og rík þjónustulund.
- Starfsreynsla í lífeyrismálum og/eða þjónustu er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði.
- Mjög gott vald á íslensku og gott vald á ensku, jafnt í töluðu sem rituðu máli.
- Góð greiningargeta, talnagleggni og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar veitir Ingunn Björk Vilhjálmstöttir hjá Attentus, ingunn@attentus.is.

Umsóknir óskast fylltar út á Alfreð.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2022.

Umsókninni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Hjá LSR njótum við þess að starfa í jákvæðu umhverfi með metnað og bjartsýni að leiðarljósi. Sjóðurinn hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í upplýsingatæki og vinnur nú að umfangsmiklum umbótaverkefnum sem miða að því að bæta þjónustu við sjóðfélaga. LSR starfar í samræmi við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun.

 **LSR**
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Spennandi sumarstörf hjá N1



Fjölbreytt verkefni



Góð vinnuaðstaða



Vaktavinna/dagvinna



Þjálfun og fræðsla



Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO



Glaðningur: Gjafabréf frá 66°Norður



Miðstöð mannlífs og ferðalaga

Við bjóðum upp á spennandi sumarstörf á stöðvum okkar hringinn í kringum landið. Þetta eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Þú starfar með frábæru teymi, lærir margt nýtt og kynnist skemmtilegu fólki úr nærsvæitum og frá öllum heimshornum.

Við leitum að þjónustulipru og metnaðarfullu sumarstarfsfólki, 18 ára og eldri, til að sinna afgreiðslustörfum og öðrum verkefnum í dagvinnu eða vaktavinnu. Viltu ganga til liðs við okkur?

Kynntu þér störfin og sæktu um á n1.is undir:
„Um N1 – Starfsfólk – Laus störf“

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ



Starf sóttvarnalæknis há embætti landlæknis

Embætti landlæknis auglýsir starf sóttvarnalæknis laust til umsóknar. Um starf sóttvarnalæknis fer samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum, reglugerðum sem og öðrum lögum eftir því sem við á. Í sóttvarnalögum segir að embætti landlæknis beri ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Enn fremur að við embætti landlæknis skuli starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir er jafnframt sviðsstjóri sóttvarnasviðs og situr í framkvæmdastjórn embættisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og almennum og opinberum sóttvarna-ráðstöfunum, þar með talið ráðstöfunum vegna heilsufarslegra afleiðinga sýkla. Starf sóttvarnalæknis tekur einnig til eiturefna, geislavirkra efna og óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar.
- Verksvið sóttvarnalæknis er tilgreint í [5. gr. sóttvarnalaga](#). (Vakin er athygli á að endurskoðun sóttvarnalaga er hafin og því kann að verða breyting á).
- Stjórn sóttvarnasviðs.
- Gerð viðeigandi viðbragðsáætlaða í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði og samstarfi við landlækni og aðra sviðsstjóra embættisins.

Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi ásamt sérfræðimenntun í læknisfræði.
- Þekking á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra er skilyrði.
- Þekking og reynsla á sviði stjórnunar er æskileg.
- Þekking á sviði stjórnsýslu er æskileg.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði, vald á einu norðurlandamáli er kostur.
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Framúrskarandi samstarfshæfni og geta til að starfa undir álagi.

Starfshlutfall er 100% og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. september 2022.

Umsóknarfrestur er til og með 13.06.2022.

Nánari upplýsingar um helstu verkefni, ábyrgð og hæfniskröfur eru á www.starfatorg.is þar sem einnig er sótt um starfið.

Nánari upplýsingar veitir

Alma Dagbjört Möller, Landlæknir
netfang: kjartanh@landlaeknir.is
Sími: 510 1900

Embætti landlæknis

Katrínartún 2
105 Reykjavík

Sími: 510 1900
mottaka@landlaeknir.is

Fjölbrautaskólinn við Ármúla auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar.

Kennarar í **dönsku** samtals eitt og hálf stöðugildi
Kennari í **sálfræði** 75% starf
Kennari í **kvikmyndagerð** í 75 – 100% starf

Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um menntun, staðfest afrit af prófskírteinum, afrit af leyfisbréfi til að nota starfsheitið kennari (þar sem það á við), upplýsingar um fyrri störf og tilgreina skal meðmælendur. Kynningarbréf er æskilegt.

Vakin er athygli umsækjenda á að áður en að ráðningu kemur þarf að liggja fyrir hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) þar sem einnig er að finna nánari upplýsingar um hvert og eitt starf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Á heimasíðu skólans (www.fa.is) er að finna helstu upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til og með 27.05.2022.

Nánari upplýsingar veita:

Magnús Ingvason, skólameistari – mi@fa.is
Kristrún Birgisdóttir, aðstoðarskólameistari
– kristrun.birgisdottir@fa.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Sérfræðingur í innkaupateymi

Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum sérfræðingi í innkaupateymi fyrirtækisins. Innkaup á vörum og þjónustu eru mjög mikilvægur þáttur í rekstri álvorsins. Innkaupateymið heyrir undir innkaupasvið móðurfélagsins Alcoa Corporation og ber ábyrgð á útboðum, samningagerð, innkaupaferlum og innkaupastefnu Alcoa Fjarðaáls.

Ábyrgð og verkefni

- Greining þarfa og kostnaðar
- Útboð á vörum og þjónustu
- Samningar við birgja og verktaka
- Samskipti við beiðendur innkaupa
- Útgáfa og eftirfylgni innkaupapantana
- Þróun innkaupaferla og innkaupastefnu

Menntun, hæfni og reynsla

- Háskólapróf í viðskiptafræði, lögfræði eða önnur hagnýt háskólamenntun
- Reynsla af innkaupum og samningagerð er æskileg
- Færni í greiningu gagna og miðlun upplýsinga
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði
- Teymishugsun og lipurð í samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ormarr Örlýgsson innkaupastjóri í tölvupósti á netfangið ormarr.orylgsson@alcoa.com eða í síma 843 7736. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á www.alcoa.is. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 30. maí.

Viltu vera hluti af góðri liðsheild?

Faxaflóahafnir sf. leita að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingum til að bættast í hóp starfsmanna okkar

Faxaflóahafnir reka umfangsmestu hafnir landsins en þar starfa um 70 manns og eru umráðasvæði fyrirtækisins í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir. Einstaklingarnir sem við leitum að þurfa að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og hafa haldgóða reynslu af markaðsmálum og verkefnastýringu. Ef þú ert þessi einstaklingur þá viljum við heyra frá þér.

Markaðs- og viðskiptastjóri á viðskiptasviði

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun á háskólastigi, sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af markaðsmálum og verkefnastýringu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Helstu verkefni

- Umsjón með viðburðum tengdum markaðsmálum og markaðssetningu.
- Samskipti við helstu viðskiptavini og umsjón með viðskiptaþróun.
- Framsetningu upplýsinga í ritmáli og umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum.
- Umsjón með uppsetningu ársreiknings og framsetning á heimasíðu.
- Umsjón viðburða á vegum Faxaflóahafna s.s. Hátíð hafsins og fleira.
- Gerð markaðsáætlana og framkvæmd þeirra.
- Greining markaðar skemmtiferðaskipa og verðlagning þjónustuliða.

Starfsmennirnir munu hafa aðstöðu á skrifstofu Faxaflóahafna að Tryggvagötu 17 í Reykjavík. Við hvetjum hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk til að sækja um störf, óháð kyni, en fyrirtækið hefur skýra jafnréttisstefnu og vill auka fjölbreytileika í starfslíði sínu.

Nánari upplýsingar um störfin gefa Gunnar Tryggvason sviðsstjóri viðskiptasviðs gunnart@faxafloahafnir.is

og Inga Rut Hjaltadóttir sviðsstjóri framkvæmdasviðs inga@faxafloahafnir.is

Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxafloahafnir.is eigi síðar en föstudaginn 20. maí n.k.

faxafloahafnir.is



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



Verkefnastjóri/Sérfræðingur á framkvæmdasviði

Menntunar og hæfniskröfur

- Verkfræðingur, tæknifræðingur eða byggingarfræðingur.
- Reynsla af teymisvinnu og verkefnastjórn.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum og mannvirkjagerð er kostur.

Helstu verkefni

- Umsjón og verkefnastýring verkefna á öllum stigum framkvæmda.
- Samskipti við ytri og innri aðila hafnarinnar í ýmsum verkefnum sem við koma mannvirkjum, landi, lóðum og götum.
- Umsjón og eftirlit framkvæmda á hafnarsvæðum.
- Ýmis önnur tilfallandi störf.

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Gagnasérfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða gagnasérfræðing (e. Data Analyst / Data Scientist) í verkefni tengd söfnun, greiningu og birtingu gagna.

Um er að ræða starf í deild gagnabjónustu á sviði upplýsingatækni og gagnasöfnunar, en helstu verkefni sviðsins eru þróun, rekstur og viðhald á tölvukerfum, hugbúnaði og gagnaumhverfi Seðlabankans.

Gagnabjónusta sér um söfnun og úrvinnslu gagna sem notuð eru við mat á mikilvægum þáttum í íslensku efnahagslífi, við fjármálaeftirlit og birtingu í hagtölum Seðlabankans. Við leitum nú að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af greiningu gagna og áhuga á tölfræði og fjármálamörkuðum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með gagnaskilum og söfnun gagna frá fjármálafyrirtækjum og öðrum skilaaðilum
- Greining gagna m.t.t. gæða, breytinga frá einum tíma til annars, samanburðar við aðrar efnahagsstærðir o.fl.
- Endurbætur og þróun á gagnaskilaferli, birtingu og miðlun gagna
- Skilgreining á gagnamódelum og þörfum vegna gagnasafnana og greininga
- Samstarf við þróunarteymi í mótun gagnalausna bankans
- Þjónusta við starfsfólk varðandi gögn, greiningar og líkön

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði fjármálaverkfræði, gagnavísinda, tölvunarfræði, hagfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af greiningu fjármálagagna eða reikningsskilum
- Þekking á tölulegri greiningu með R eða Python er kostur
- Þekking á birtingu og framsetningu gagna með Power BI, Tableau, Qlik eða sambærilegri lausn er kostur
- Þekking á gagnagrunnum og gagnalíkönum er kostur
- Óguð og nákvæm vinnubrögð, þjónustulund, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum

Nánari upplýsingar um starfið veita Bjarni Þór Gíslason, forstöðumaður gagnabjónustu (bjarni.thor.gislason@sedlabanki.is) og Erla Traustadóttir, sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldreyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 - Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Staða grunnskólakennara (100%)

Staða textílkennara (50-60%)

Staða tónlistarkennara (100%)

Við leitum að kennurum sem:

- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hafa lausnamiðaða nálgun á viðfangsefnum
- eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í teymisvinnu

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans.

Rík tónlistarhefð er við skólann og allt tónlistarnám fer fram á skólatíma. Af 70 nemendum grunnskóladeildar eru rúmlega 50 nemendur í hljóðfæra og söngnámi við tónlistardeildina.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Þingeyjarskóli styðst við uppeldisstefnuna Jákvaður agi. Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2022

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2022

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

VÖRUSTJÓRI

Hefur þú brennandi áhuga á heilbrigði og vilt taka þátt í því að þróa vöruval, kaupa inn og selja vörur sem geta bætt lífsgæði og aukið vellíðan?

Við leitum að kraftmiklum liðsfélaga í starf vörustjóra fyrir Lyfjusamstæðuna, þ.e. Lyfju, Heilsuhúsið og heilidsöluna Heilsu. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf hjá fyrirtæki sem vinnur að því markmiði að lengja líf og auka lífsgæði Íslendinga.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Amk 3 ára reynsla af sambærilegu starfi
- Áhugi á heilbrigði og vellíðan
- Góð færni í excel, greiningarhæfni og að eiga auðvelt með að setja fram tölulegar upplýsingar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af Navision mikill kostur

HELSTU VERKEFNI

- Dagleg umsjón og eftirlit með skilgreindum vöruflokkum
- Stýring og eftirlit með framlegð, verðlagningu og birgðum
- Innkaup og samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Þróun vöruvals í smásölu og heilidsölu
- Þátttaka í áætlunargerð og eftirlit með áætlun

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2022

Sótt er um starfið á heimasíðu Lyfju, lyfja.is/storf

Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar veitir Karen Rúnarsdóttir, sviðsstjóri vörusviðs, karenrunars@lyfja.is Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.





Súðavíkurskóli Laus störf skólaárið 2022 -2023

Súðavíkurskóli er samrekin leik- grunn-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 25 nemendum, þar sem unnið er eftir Uppbyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin:

Velliðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki.

Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna. Unnið er í innleiðingu leiðsagnarnáms sem er þróunarverkefni allra grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum.

Núna eru lausar stöður leikskólakennara við leikskóladeildina og staða kennara við grunnskóladeildina á yngra- og miðstigi. Helstu hæfniskröfur eru kennarmenntun, leikskólamentun eða sambærileg menntun. Hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Reynsla af sambærilegum störfum.

Umsóknarfrestur er til 3. júní 2022

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólustjóri.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á annalind@sudavikurskoli.is sími. 8934985

TÆKNITEIKNARI ÓSKAST TIL STARFA



1. verðlaun í opinni hugmyndasamkeppni um Reykjanesbraut, þverun, uppbyggingu og tengingar í Smára.



Fjölbreytt verkefni eru framundan hjá okkur og við viljum breikka breiðan hóp okkar með tækniteiknara.

Starfsreynsla á arkitektastofu er kostur og kunnátta á helstu teikniforrit, ss. Revit er nauðsynleg.

Ákjósanlegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal senda til ASK arkitekta á netfangið ask@ask.is fyrir **28. maí 2022**.

ASK arkitektar er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði byggingarlístar, hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl. Verkefni stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga. Teiknistofan er í miðborg Reykjavíkur og eru starfsmenn nú 25 talsins.

ASK arkitektar - Geirsgötu 9 - 101 Reykjavík - 515 0300 - www.ask.is

ACRO

VERÐBRÉF

Sérfræðingar í markaðsviðskiptum

ACRO verðbréf leita að sérfræðingum á sviði markaðsviðskipta

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum aðilum sem búa yfir færni í framsetningu og hagnýtingu upplýsinga og gagna ásamt áhuga á fjármálamörkuðum, innlendum sem erlendum. Viðkomandi aðilar þurfa að vera lausnamiðaðir og sýna sjálfstæði í störfum en geta á sama tíma verið hluti af teymi sérfræðinga í markaðsviðskiptum ACRO verðbréfa

ACRO verðbréf eru óháð og sérhæft fjármálafyrirtæki sem byggir á traustum grunni. Félagið var stofnað 1994 og hefur verið aðili að Kauphöll Íslands, Nasdaq Iceland, frá 1997. ACRO þjónustar viðskiptavinum sína á sviði markaðsviðskipta og eignastýringar þar sem starfsmenn búa yfir mikilli reynslu og þekkingu.

Starfssvið: Verðbréfamíðlun

- Greining markaða og fjárfestingarkosta.
- Framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- Umsjón með frumsölum og fjármögnun.
- Samskipti við aðila á markaði.

Menntunar- og hæfniskröfur eru m.a.

- Háskólamentun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði er kostur.
- Próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um starfið veitir Hannes Árdal,
hannes.ardal@acro.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir á starfsumsokn@acro.is.



Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Furugrund

Leikskólinn Furugrund er fjögurra deilda leikskóli í Fossvogsdalnum í Kópavogi. Í leikskólanum er mikill mannaúður, starfsmannaveltan er mjög lág og þar starfar hátt hlutfall leikskólakennara.

Helstu áherslur leikskólans eru: Að rækta með börnunum sjálfstæði og jákvæða sjálfmynd. Markmiðið er að börnin upplifi öryggi, virðingu, traust og hlýju í daglegu starfi. Frjáls leikur er í öndvegi ásamt skipulögðu námi og starfi, s.s. leikfimi, jóga og útikennslu.

Leikskólinn hefur ítrekað verið þátttakandi í Erasmus+ Evrópuverkefnum. Í ár er leikskólinn þátttakandi í verkefni þar sem áhersla er á lýðheilsu og heilbrigði.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Hann er leiðandi aðili í skipulagi faglegs starfs innan leikskólans og tekur virkan þátt í stjórnun og umsjón starfsmannamála ásamt virku samstarfi við foreldra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsnám í stjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar <https://kopavogur.alfred.is/>

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfred.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Grundarfjarðarbær

Laus störf hjá Grundarfjarðarbæ

- Leikskólastjóri
- Störf á leikskóla
- Umsjón fasteigna og áhaldahús
- Starfsmaður á höfn
- Sumarstörf
- Upplýsingamiðstöð

Nánari upplýsingar á www.grundarfjordur.is

BÓKBINDARI ÓSKAST

Bókbindari vanur vélavinnu og annarri almennri bókbandsvinnu óskast sem fyrst.

Upplýsingar og umsóknir erlingur@litrof.is



VILTU TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU OG MÓTUN NÝRRAR GEÐHEILSUMIÐSTÖÐVAR BARNA HJÁ HH?

Nýtt ráðgjafar- og meðferðarteymi fyrir börn með geð- og þroskaraskanir og fjölskyldur þeirra leitar eftir eftirfarandi fagaðilum til að taka þátt í spennandi uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn á landsvísu:

- Barnageðlækni eða barnalækni
- Félagsráðgjafa
- Sálfræðingi
- Lögupjálfa
- Hjúkrunarfræðingi
- Fjölskyldufræðingi

Unnið er í þverfaglegri teymisvinnu. Um er að ræða ábyrgðarmikil og krefjandi störf í spennandi starfsumhverfi þar sem áhersla er á nýsköpun og framþróun.

Geðheilsu- og miðstöð barna er miðstöð geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn á landsvísu, staðsett innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Miðstöðin sameinar starfsemi þriggja starfseininga innan heilsugæslunnar: þroska og hegðunarstöð, Geðheilsuteymi fjölskylduvernd og nýtt meðferðarteymi fyrir börn og unglinga.

Um er að ræða framtíðarstörf þar sem starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 07.06.2022.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Linda Kristmundsdóttir forstöðumaður linda.kristmundsdottir@heilsugaeslan.is - 513 6620.

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf.



VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

job

Finnum draumastarfið saman




Erum við að leita að þér?

50skills is transforming employee onboarding

Used by thousands of managers in high-turnover industries ranging from retail, hospitality, ready-made-food, tech and transportation to reduce the timeframe between onboarding and employees actively fulfilling their roles.

It accomplishes this by centralizing employee data, eliminating repetitive data entry tasks across multiple systems, and integrating with the tools and services employers already use.



Join us

We are hiring

Open positions

Account Executive
Account Manager
Chief Financial Officer
Senior Software Engineer
VP Business Development
Quality Assurance Specialist



www.50skills.com



Talmeinafræðingur á leikskóladeild Kópavogsbæjar

Menntasvið Kópavogsbæjar rekur 19 leikskóla í sveitarfélaginu. Í leikskólum Kópavogs eru u.þ.b. 2100 börn og um 700 starfsmenn í um 550 stöðugildum.

Kópavogsbær er barnvænt og heilsuefandi sveitarfélag þar sem leikskólarnir vinna að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu sínu starfi. Starf leikskóla Kópavogs einkennist af faglegum metnaði þar sem lögð er áhersla á skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi barna og starfsmanna.

Talmeinafræðingur sinnir m.a. greiningum á málproska- og framburðarfrávikum, talþjálfun, ráðgjöf og fræðslu til foreldra og starfsfólks leikskóla. Mikilvægt er að talmeinafræðingur sé jákvæður og uppbyggjandi í samskiptum, hafi ríkan vilja til að ná árangri og brennandi áhuga á að veita börnum þjálfun og sinna fræðslu til foreldra og starfsfólks.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggiltur talmeinafræðingur.
- Réttindi á helstu próftæki.
- Reynsla af vinnu með börnum á leikskólaaldri æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum, skipulagsfærni og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi við aðra sérfræðinga
- Ef ekki fæst löggiltur talmeinafræðingur kemur til greina að ráðinn verði nýútskrifaður talmeinafræðingur, þ.e. án löggildingar, sem starfar undir eftirliti og handleiðslu reynds talmeinafræðings.

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2022. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar <https://kopavogur.alfred.is/>

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfred.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Yfirvélstjóra vantar í afleysingu á Línubátinn Fjölur GK 157

Skiptikerfi (2 og 2) fram að sumarstoppi.

Upplýsingar í síma 856-5700 Kjartan.




Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

Starfsfólk óskast á Reykhólum

Verkefnastjóri og starfsfólk óskast í vaktavinnu í skammtíma vistun hjá 15 ára stúlku á Reykhólum.

Mjög skemmtilegt og krefjandi starf í fallegu og rólegu umhverfi. Einnig vantar tvo sumarstarfsmenn í liðveislum með sömu stúlku í júní, júlí og ágúst.

Sá möguleiki er fyrir hendi að sumarstarfsmennirnir verði áfram á Reykhólum eftir sumarið og vinni á skammtíma vistuninni í framhaldi. Umsækjendur geta fengið hjálp við að finna hentugt húsnæði á staðnum, sé þess óskað.

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2022.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist Soffíu Guðmundsdóttur, félagsmálastjóra, Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík.

Upplýsingar eru veittar í síma 451-3510 og fyrirspurnir og umsóknir má einnig senda á felagsmalastjori@strandabyggd.is.



MAR styrkir hópinn

Í nýju matvælaráðuneyti mætast málaflokkar sjávarútvegs, landbúnaðar og matvæla auk landgræðslu og skógræktar. Áhersla er lögð á loftslagsmál, aðgengi að hollum mat og fæðuöryggi landsmanna. Einnig ábyrga umgengni við náttúru, sjálfbæra nýtingu auðlinda, öfluga nýsköpun og vörupróun matvæla í hæsta gæðaflokki.

Í ráðuneytinu starfar samhentur hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn og umfangsmikla

sérfræðiþekkingu. Málaflokkarnir eru mikilvægir, verkefnið ærin og andinn er léttur.

Við leitum að drífandi einstaklingum, sem þrífast á spennandi verkefnum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk þess að eiga auðvelt með að vinna í teymi. Við viljum fá jákvæða einstaklinga sem búa yfir skipulagshæfileikum, geta fylgt verkefnum vel eftir, hafa mikla samskiptafærni, þreystast ekki á að leita lausna og hafa áhuga á því að eflast í starfi.

Sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar

Sérfræðingurinn mun vinna við stefnumótun á sviði landbúnaðar, framkvæmd búvörusamninga og loftslags- og umhverfismál á sviði landbúnaðar. Einnig samskipti við hagaðila og önnur tilfallandi verkefni á málefnasviðinu.

Sérfræðingur á skrifstofu fjármála

Sérfræðingurinn mun koma að margvíslegum verkefnum varðandi mannauðsmál, gæðamál og þjónustu við starfsmenn ráðuneytisins. Starfið felst meðal annars í launavinnslu, vinnu við jafnlaunavottun, stuðning við nýráðningar og önnur tengd mannauðsmál. Einnig umsjón með ferðareikningum ráðuneytisins ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum er lúta að mannauðs- og fjármálum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí n.k.
Allar nánari upplýsingar á www.starfatorg.is

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið





Embætti aðstoðaryfirtollvarðar á Keflavíkurflugvelli

Um er að ræða starf hjá Skattinum-Tollgæslu Íslands á Keflavíkurflugvelli en meginverkefni þeirrar starfsstöðvar lúta að eftirliti og afgreiðslu á farþegum sem og hraðsendingum. Aðstoðaryfirtollvörður er yfirtollverði á Keflavíkurflugvelli til aðstoðar. Starfið er fjölbreytt og lifandi og hentar jafnt konum sem körlum.

Helstu verkefni og ábyrgð

Aðstoðaryfirtollvörður aðstoðar yfirtollvörð við daglegan rekstur í tollframkvæmd sem og aðstoðar við stjórnun starfsmanna, en undir það fellur m.a. ýmiss konar umsýsla sem snertir vaktavinnufólk. Hann tekur þátt í umfangsmiklu samstarfi milli starfsmanna og deilda innan embættisins og í samstarfi við önnur stjórnvöld innanlands og erlendis. Aðstoðaryfirtollvörður afgreiðir einnig erindi innan og utan stofnunarinnar í umboði yfirtollvarðar ásamt því að greiða götu þeirra sem eiga í samskiptum við embættið, en þar undir fellur einnig að leiðbeina og aðstoða viðskiptamenn varðandi tollframkvæmd.

Aðstoðaryfirtollvörður heldur utan um og ber ábyrgð á úrvinnslu og upplýsingagjöf tengt tölfræðigögnum og árangursmælingum á starfsstöðinni sem er nýtt fyrir fjölmiðla, ársskýrslur og til stjórnendalegra ákvarðana. Hann tryggir að stefnu stofnunarinnar sé fylgt, kemur að gerð stöðumats og eftirlitsáætlunar fyrir viðkomandi starfssvæði og stuðlar að uppfærslu og innleiðingu á verklagi og ferlum sem gildir í starfseminni. Hann leggur jafnframt til umbætur þegar við á. Þá sinnir hann enn fremur öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns.

Hæfniskilyrði

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám er skilyrði. Einnig þarf starfsmaður að hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins áður en til skipunar kemur.
- Reynsla af stjórnunarstörfum.
- Viðtæk þekking á lögum og reglum er lúta að tollamálum sem og tolleftirlitsferlinu.
- Greiningarhæfni og reynsla af greiningarstörfum.
- Reynsla af vinnslu tölfræðigagna og samantektar á skýrslum.
- Þekking á kjarasamningum út frá störfum vaktavinnumanna.
- Framúrskarandi skipulags- og leiðtogahæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Að geta sýnt sveigjanleika í starfi.
- Mjög góð tölvufærni sem nýtist í starfi, t.d. mjög góð kunnátta á Excel.
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Hæfni til frumkvæðis, sjálfstæðra og traustra vinnubragða sem og teymisvinnu.
- Almenn ökuréttindi.

Háskólamenntun eða annað nám sem nýtist í starfi og þekking á einu Norðurlandtungumáli er kostur.

Frekari upplýsingar

Um er að ræða fullt starf í dagvinnu og er megin starfsstöð á Keflavíkurflugvelli. Sett verður í embættið til reynslu í eitt ár sbr. 24. gr. laga nr. 70/1996. Ákvörðun um skipun í embættið til fimm ára verður tekin að reynslutíma loknum. Í tengslum við ráðningu aðstoðaryfirtollvarðar þurfa umsækjendur sem ekki hafa lokið Tollskóla ríkisins að þreyta inntökupróf/þrekpróf, en nánari upplýsingar um það er að finna á <https://www.skatturinn.is/um-rsk/tollskoli-rikisins/inntokuprof/inntokuprof>

Umsóknir skulu fylltar út á www.starfatorg.is. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Enginn verður skipaður til starfans sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi. Um nánari skilyrði fer skv. 6. gr. laga nr. 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, yfirtollvörður, í síma 442-1000 eða í tölvupósti á gudrun.s.rikardsdottir@skatturinn.is

Laus störf við leikskólann Mánaland, Vík í Mýrdal

Leikskólinn Mánaland auglýsir lausar stöður fyrir næsta skólaár.



Leikskólinn er tveggja deilda 30 barna leikskóli fyrir börn á aldri-
num 1-6 ára. Mánaland vinnur eftir gildum heilsuefandi leikskóla.
Við leggjum áherslu á holla og góða næringu auk góðrar almen-
narrar lýðheilsu. Við vinnum með Vináttuverkefnið Blæ á báðum
deildum leikskólans. Leikskólinn okkar er í sífelldri þróun og
leitum við því að starfsfólki sem er tilbúið til að ganga í liðið okkar
og þróa starfið enn frekar. Við hugsum stórt og erum að undirbúa
byggingu nýs, þriggja deilda, 60 barna leikskóla sem við áætlu-
m að flytja inn í á næsta ári.

Við leitum að starfsfólki í eftirtalin störf:

- Deildarstjórar
- Leikskólakennarar
- Leikskólakennarar með stuðning
- Sérkennslustjóri/Sérkennari
- Proskapjálfi
- Leiðbeinendur

Við leitum að starfsmönnum sem hafa:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti.
- Reynslu af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum.
- Lipurð og sveigjanleika í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegan metnað.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við bjóðum upp á:

- Tækifæri til símenntunar.
- Þátttöku í þróun leikskólalastarfsins.
- Að verða hluti af fersku, áhugasömu og faglegu vinnuumhverfi sem er í stöðugri þróun.
- Húsnæðishlunnindi.
- Aðstoð við að útvega húsnæði.
- Flutningsstyrk.
- Umfram allt skemmtilegan vinnustað.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/Félags leikskólakennara. Leiðbeinendur falla undir kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Foss.

Starfshlutfall: Eftir samkomulagi.


Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður ráðinn leiðbeinandi eða starfsmaður með aðra uppeldismentun.

Umsóknarfrestur er til 31. 5. 2022.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 10.08. 2022.

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.
<https://manaland.leikskolinn.is/Upplýsingar/Starfsumsokn>

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólalastjóri í síma 487 – 1241 og tölvupósti á manaland@manaland.is.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnarunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Sérfræðingur á skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu. Í boði er fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir meðal annars á sveigjanleika, skipulagningu, frumkvæði og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Undirbúningur ríkisráðsáfgreiðslna og ríkisráðsfunda
- Aðstoð við og þátttaka í verkefnum alþjóðafulltrúa ráðuneytisins
- Undirbúningur ýmissa viðburða
- Upplýsinga- og gagnaöflun og svörin erinda
- Aðkoma að undirbúningi ríkisstjórnafunda
- Þátttaka í umbótastarfi og teymisvinnu
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni og afleysingar innan ráðuneytisins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af starfi innan Stjórnarráðsins er kostur
- Góð tölvufærni og þekking á helstu Office365 forritum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Þjónustulund ásamt færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá, prófskírteini og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í 6 mánuði, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veita

Páll Þórhallsson skrifstofustjóri pall.thorhallsson@for.is
Eydis Eyjólfssdóttir mannauðsstjóri eydis.eyjolfssdottir@for.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2022

Nánari upplýsingar og umsóknarferli á starfatorg.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



TÆKNITEIKNARI ÓSKAST TIL STARFA



1. verðlaun í opinni hugmyndasamkeppni um Reykjanesbraut, þverun, uppbyggingu og tengingar í Smára.



Fjölbreytt verkefni eru framundan hjá okkur og við viljum breikka breiðan hóp okkar með tækniteiknara.

Starfsreynsla á arkitektastofu er kostur og kunnátta á helstu teikniforrit, ss. Revit er nauðsynleg.

Ákjósanlegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal senda til ASK arkitekta á netfangið ask@ask.is fyrir **28. maí 2022**.

ASK arkitektur er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði byggingarlistar, hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl. Verkefni stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga. Teiknistofan er í miðborg Reykjavíkur og eru starfsmenn nú 25 talsins.

ASK arkitektur - Geirsgötu 9 - 101 Reykjavík - 515 0300 -www.ask.is



Sérfræðingur í fjármálum og rekstri

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á nýrri skrifstofu innri þjónustu. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir meðal annars á greiningarhæfni, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og lipurð í samskiptum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjárlagagerð
- Vinna við fjármálaáætlun ásamt aðkomu að stefnumótun og kostnaðarmati
- Efnisöflun og vinna við gerð skýrslna og greinargerða
- Reikningshald og ferðauppgjör
- Aðkoma að rekstraráætlanagerð
- Þátttaka í framkvæmd fjárlaga
- Þátttaka í teymisvinnu, umbótastarfi og innri þjónustu ráðuneytisins
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af Oracle bókhaldskerfi ríkisins
- Reynsla af starfi í opinberri stjórnsýslu
- Þekking á lögum um opinber fjármál
- Reynsla af fjárlagagerð og stefnumótun
- Reynsla og þekking af reikningshaldi
- Góð þekking á Office 365 forritum
- Þekking og reynsla af Power BI
- Greiningarhæfni, þ.e. geta til að greina og vinna úr gögnum og upplýsingum
- Þjónustulund ásamt færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða verkefnum
- Skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá, prófskírteini og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í 6 mánuði, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veita

Margrét Hallgrímsdóttir skrifstofustjóri margret.hallgrimsdottir@for.is
Eydís Eyjólfssdóttir mannauðsstjóri eydis.eyjolfssdottir@for.is

Umsóknarfrestur er til og með **16. maí 2022**.

Nánari upplýsingar og umsóknarferli á starfatorg.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun og ráðgjöf

Fagstjóri ráðgjafar

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar auglýsir eftir fagstjóra ráðgjafar.

Verkefni fagstjóra er að vakta og fylgjast með eðli kvartana borgarbúa til einstakra fag- og kjarnasviða og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum. Einnig að veita borgarbúum sem leita til IER ráðgjöf, greiða götu þeirra og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Fagstjóri ber ábyrgð á starfi fagsviðs ráðgjafar og tryggir faglega yfirsýn og fagleg gæði í ráðgjafarverkefnum. Fagstjóri tryggir teymisvirkni og verkefnaskil, veitir hvatningu og endurgjöf innan teymisins og kemur fram fyrir hönd Innri endurskoðunar og ráðgjafar í verkefnisteymum, á fundum stjórnenda og stjórnar og í samskiptum út á við.

Fagsvið ráðgjafar starfar á grundvelli 3. kafla samþykktar IER sem hljóðar svo:

Ráðgjöf umboðsmanns borgarbúa

Verkefni Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar, skv. e lið 1. mgr. 2. gr., er að veita borgarbúum ráðgjöf, greiða götu þeirra, sætta sjónarmið og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Verkefni samkvæmt þessari grein ná ekki til:

- efnislegrar umfjöllunar um einstakar pólitískar ákvarðanir.
- efnislegrar umfjöllunar um starfsmannastefnu.
- erindisrekstrar fyrir einstaklinga eða fyrirtæki.
- efnislegrar umfjöllunar um mál sem eru til meðferðar hjá öðrum starfseiningum borgarinnar eða hjá öðrum stjórnvöldum, s.s. hjá sjálfstæðum úrskurðarnefndum, eða hjá Umboðsmanni Alþingis, dómstólum o.s.frv.

Þau verkefni Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar sem falla undir d lið 1. mgr. 2. gr. felast í því að vakta og fylgjast með eðli kvartana borgarbúa til einstakra fag- og kjarnasviða yfir veittri þjónustu og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum. Vöktun þessi skal þjóna því markmiði að efla samvinnu innan stjórnarsýslunnar um meðferð kvörtunarmála, ná fram skilvirkni og koma í veg fyrir of mikið flækjustig og tvíverknað í verklagi.

Menntunar- og hæfniskröfur


- Framhaldsmenntun í lögfræði
- A.m.k. fjögurra ára starfsreynsla á sviði opinberrar stjórnarsýslu.
- Þekking á stefnum, starfsháttum, reglum og lögum sem snerta rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar.
- Umtalsverð samskiptahæfni
- Færni í að leysa úr ágreiningi t.d. með aðferðafræði sáttamiðlunar.
- Faglegt frumkvæði, drifkraftur og umbótasinnuð hugsun
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góð tölvufærni

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Símonarson, Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar á netfanginu hallur.simonarson@reykjavik.is eða í síma 411-4600

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
að þér?

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

HEFUR ÞÚ ROÐ VIÐ OKKUR?

Kerecis leitar að dugmiklu og drífandi fólki til að taka þátt í örum vexti fyrirtækisins á heimsvísu!

VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN

Starfsmaður mun vinna að vöruþróunarverkefnum frá hugmynd að framleiðslu og bera ábyrgð á vöruþróunarverkefnum; þ.m.t. uppsetningu verkefnis, framvindu, kostnaðargreiningum og þeim prófunum sem þarf að gera til að vara komist á markað.

Starfssvið

- Verkefnastýring vöruþróunarverkefna
- Kostnaðar- og tímaáætlun vöruþróunarverkefna
- Kortlagning prófana og eftirfylgni með áætlunum

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í verkefnastjórnun og áhugi á tækniþróun
- Skipulag, frumkvæði og drifkraftur

Upplýsingar veitir Dóra Hlín Gísladóttir (dhg@kerecis.com)

SÉRFRÆÐINGUR Í MARKAÐSMÁLUM FYRIR EVRÓPU

Starfsmaður mun vinna að markaðsmálum fyrir meginland Evrópu og starfa náið með markaðs- og vöruteymi Kerecis og sölufólki Kerecis við markaðssetningu á vörum fyrirtækisins í Evrópu.

Starfssvið

- Þróa og innleiða markaðsaðgerðir í Evrópu
- Undirbúa og skipuleggja viðburði í samvinnu við sölu-, markaðs- og vöruteymi
- Ferðalög eru áætluð 15-20%

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af markaðsmálum
- Rík áhersla á frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Góð ensku- og þýskukunnátta í ræðu sem riti

Upplýsingar veitir Guðmundur Óskarsson (gosk@kerecis.com)

SÉRFRÆÐINGUR Í GÆÐAÐEILD

Starfsmaður mun vinna náið með gæðastjóra við að stýra og þróa gæðakerfi Kerecis sem skilgreint er skv. lögum um lækningavörur.

Starfssvið

- Innri og ytri úttektir
- Skjalastjórnun og vinnslu úrbóta
- Fyrirbyggjandi aðgerðir

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Skipulag, frumkvæði og drifkraftur

Upplýsingar veitir Klara Sveinsdóttir (ks@kerecis.com)

SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM FYRIR EVRÓPU

Starfsmaður mun vinna að verkefnum er snúa að framþróun og starfsánægju starfsmanna fyrirtækisins í Evrópu (aðallega Ísland, Þýskaland og Sviss) ásamt því að reka ráðningaferli fyrirtækisins á svæðinu. Starfsmaður er hluti af alþjóðlegu mannauðsteymi Kerecis og heyrir undir mannauðsstjóra fyrirtækisins á skrifstofu fyrirtækisins á Washington D.C. svæðinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðningarferli
- Framkvæmd mannauðsstefnu
- Þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins í mannauðsmálum
- Skýrslur og greiningar varðandi ráðningar og starfsmannamál

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þriggja til fimm ára starfsreynsla í mannauðsmálum eða á sambærilegu sviði
- Góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu sem riti ásamt a.m.k. grunnþekkingu í þýsku
- Rík áhersla á frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Upplýsingar veitir Elina Erlendsson (ee@kerecis)

SÉRFRÆÐINGUR Í SKRÁNINGARDEILD

Starfsmaður mun gegna mikilvægu hlutverki í heildarumsýslu markaðsleyfa fyrirtækisins á þeim markaðssvæðum þar sem vörur Kerecis eru seldar.

Starfssvið

- Uppfærsla á tækniskjölum
- Skráning í alþjóðlega gagnagrunna er varða vöruöryggi
- Skráning á ný markaðssvæði

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Mjög góð enskukunnátta og hæfni í textagerð
- Reynsla af skráningarvinnu á lyfjum eða lækningavörum æskileg

Upplýsingar veitir Hilmar Hilmarsson (hh@kerecis)

Kerecis er það fyrirtæki sem vex hraðast í heiminum á sviði meðferðar á vefjaskaða og byggir tækni sína á hagnýtingu á roði og fitusýrum. Vörur Kerecis eru notaðar til að meðhöndla margskonar vefjaskaða, s.s. húðvandamál, skurðsár, þrálát sár, brunasár, munnholssár, heilabastar og til enduruppbyggingar brjósta og kviðveggs.

Kerecis hefur vakið athygli á heimsvísu og á félagið í samstarfi um þróun og notkun á tækni þess víða um heim m.a. við bandarískar varnarmálastofnanir.

Um 300 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík, í Sviss, í Þýskalandi og í Bandaríkjunum.

Staðsetning starfanna er í Reykjavík eða á Ísafirði. Umsóknir berist til careers@kerecis.com fyrir lok dags **29. maí** n.k.

KERECIS.COM

KERECIS ÍSAFIRÐI
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

KERECIS REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

KERECIS SVISS
WEBEREISTRASSE 61
8134 ADLISWIL
+41 43 499 15 66

KERECIS BANDARÍKIN
2300 CLARENDON BLVD
SUITE 1210
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
+1 703 287 8752

kerecis



Leikskólaráðgjafi á leikskóladeild Kópavogsbæjar

Menntasvið Kópavogsbæjar rekur 19 leikskóla í sveitarfélaginu. Í leikskólum Kópavogs eru u.þ.b. 2100 börn og um 700 starfsmenn í um 550 stöðugildum.

Kópavogsbær er barnvænt og heilsuefandi sveitarfélag þar sem leikskólarnir vinna að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu sínu starfi. Starf leikskóla Kópavogs einkennist af faglegum metnaði þar sem lögð er áhersla á skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi barna og starfsmanna. Mikilvægt er að leikskólaráðgjafi sé jákvæður og uppbyggjandi í samskiptum, hafi ríkan vilja til að ná árangri og brennandi áhuga á þróun leikskólastarfs til framtíðar. Leikskólaráðgjafi er ráðgefandi í sérverkefnum, þróunarverkefnum og nýbreytni í leikskólastarfi og miðlar þekkingu og nýjungum á sviði leikskólafræða.

Helstu verkefni:

- Hefur eftirlit með uppeldis- og menntastarfi og aðbúnaði í leikskólum og veitir ráðgjöf.
- Ábyrgð á móttöku og stuðningi við börn með annað móðurmál en íslensku.
- Skoða og verðmet
- Góð markaðssetning
- Hafid samband í dag

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar bókið skoðun og fáid frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



Garðastræti 42

101 Reykjavík

🏠 Einbýli ↔ 269,4 fm 🛏 7 svefnherbergi



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali / sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

250.000.000

BÓKIÐ SKOÐUN



Prúðvangur 11

220 Hafnarfjörður

🏠 Einbýlishús ↔ 173,2 fm 🛏 5 herb.



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166

119.900.000



OPIÐ HÚS
18. maí 17:00-17:30

Mímisvegur 4

101 Reykjavík

🏠 Hæð ↔ 106 fm 🛏 4 herb.



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

89.900.000



Laugavegur 65

101 Reykjavík

🏠 Heil húseign - íbúð og verslun ↔ 218 fm



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is

Tilboð



OPIÐ HÚS
16. maí 17:00-17:30

Kleppsvegur 20

105 Reykjavík

🏠 Fjölbýli ↔ 74,3 fm 🛏 2 herb.



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

40.900.000



Þverá 1 lóð 5

604 Akureyri

🏠 Sumarhús 🛏 4 herb.



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

44.900.000

OPIÐ HÚS
15. maí 16:00-16:30



Berjarimi 12

112 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 113,5 fm 🏠 3 herb.

59.900.000



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

OPIÐ HÚS
15. maí 13:00 - 13:30



Frostaskjól 51

107 Reykjavík

Raðhús ↔ 182,5 fm 🏠 5 herb.

124.900.000

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6161



Stekkarhvammur 8

220 Hafnarfjörður

Fjölbýli ↔ 64,5 fm 🏠 2 herb.

49.900.000



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166



Vatnsendablettur 510

203 Kópavogur

Einbýli ↔ 228,6 fm 🏠 6 herb.

139.900.000

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is



Holtsgata 13

101 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 62,5 fm 🏠 2 herb.

49.900.000



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882



Vesturvör 13c

200 Kópavogur

Raðhús ↔ 226 fm 🏠 4-5 herb.

129.700.000



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

OPIÐ HÚS
16. maí 17:00-17:30



Neðstaleit 4

103 Reykjavík

Fjölbýli – sér garður ↔ 57,5 fm 🏠 2 herb.

46.900.000



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
864 5464



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
588 9090



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
899 1882



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
777 2882



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumíðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098



Brynjar Þór Sumaríðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096



Magna Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
861 8511



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508



Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
615 6181



Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur
899 8815



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
824 3934



Ragnhildur A. Gunnarsdóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
861 1197



Úlfar Freyr Jóhannsson
Lögmaður og löggiltur fasteignasali
588 9090



Lilja Guðmundsdóttir
Viðskiptafræðingur og nemi til löggjaldingar fasteignasala
649 3868



Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri
588 9090



María Guðrún Waltersdóttir
Móttaka
588 9090



Daniela R. Reynisdóttir
Móttaka
588 9090

Hólmaslóð 4

101 Reykjavík

Til sölu vel staðsett
2.052 fm atvinnuhúsnæði
á Grandanum

- Traustir leigutakar í húsnæðinu.
- Húsnæðið þarfnast **endurbóta að hluta**.
- Möguleg **hlutdeild** í byggingarrétti.
- **Frábært tækifæri** í ört vaxandi líflegu hverfi.

Verð: **440 millj.**



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali
Sími: 661 2100
oskar@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér
alla leið



NÝTT Í SÖLU

HAFIÐ SAMBAND
hjá Svan í síma 697 9300



569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+



Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmáður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmáður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Óska eftir

- Leita að **3-4ra herbergja íbúð í Fossvogi**
- **Má þarfnast endurnýjunnar**
- **Fyrirvaralaus kaup**

Bókið
skoðun
og fáid **frítt**
verðmat

NÁNARI UPPLÝSINGAR
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

MIKLABORG

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Þarftu að ráða starfsmann?

ráðum
ráðningarstofa

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til mótis við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Margt býr í verkfærakistu fjölskyldufræðingsins

Þorleifur Kr. Nielsson starfar sem félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur. Hann segir fagið vera afar fjölbreytt enda séu verkefni jafn ólík og þau eru mörg.

Fjölskyldufræði er ekki nýtt fag, að sögn Þorleifs. „Upphaf fjölskyldumeðferðar úti í hinni víðu veröld má finna allt aftur til byrjunar 20. aldar eða um svipað leyti og aðrar sálfélagslegar kenningar spruttu fram. Saga fjölskyldumeðferðar á Íslandi byrjaði á áttunda áratug síðustu aldar og fagfélag fjölskyldufræðinga hérlendis var stofnað árið 1994.

Kerfiskenningar (e. Systems Theory) eru þær grundvallarkenningar sem liggja að baki hugmyndafræðilegum grunni fjölskyldufræðinga. Það er illmögulegt að hugsa um það hvernig veröldin virkar án þess að hugsa um það hvernig hin ýmsu kerfi virka. Auk kerfiskenninga eru aðrar kenningar sem renna stóðum undir þetta fræðasvið. Fjölskyldumeðferð er gagnreynd og gamalgröin fræði til að aðstoða fjölskyldur og meðlimi þeirra með mismunandi úrlausnarefni.“

Fjölbreytt starf um land allt

Þorleifur býr á Akureyri og starfar þar við fag sitt. Starfið er þó ekki einskorað við Norðurland og dregur það hann víða á land. „Ég starfa sem sérfræðingur hjá hinu opinbera. Einnig starfræki ég ásamt öðrum viðtalsstofuna Skref – fjölskylduráðgjöf Norðurlands á Akureyri, þar sem fólk greiðir sjálft fyrir þjónustuna sem þar er veitt. Fólk getur þar fengið meðferðarviðtöl og býð ég þá upp á ein-



Þorleifur segir það skipta lykilmáli í starfi fjölskyldufræðings að veita heildræna meðferð sem tekur tillit til allra aðila og aðstæðna í hverju máli fyrir sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

staklingsmeðferð, paramedferð, fjölskyldumeðferð, sáttamiðlun, skilnaðarráðgjöf og handleiðslu fyrir annað fagfólk.

Það kann að hljóma undarlega, en ég starfa hjá sérfræðiteymi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þó er ég staðsettur með mína vinnustöð hjá Sýslumanni á Norðurlandi eystra á Akureyri. Sérfræðiteymið, sem ég er hluti af hjá sýslumanni, sinnir sáttameðferð, sérfræðiráðgjöf og sérfræðivinnu í forsjár-, lög-

heimilis- og umgengnisdeilum. Þetta eru málin þar sem foreldrar eru ósammála um þessi atriði hjá sínum börnum. Ég fer oft á flakk í starfi mínu hjá sýslumanni og hitti foreldra og börn alls staðar á landinu en sérfræðiteymið sinnir öllu landinu. Reyndar hefur Covid-19 gert það að verkum að foreldrar eru opnari fyrir því en áður að nýta fjarfundi þegar það er hægt.“

Börnin eru aðalatriðið

Þorleifur útskrifaðist árið 2006

sem félagsráðgjafi frá Háskóla Íslands og bætti við sig meistara-gráðu í fjölskyldumeðferð árið 2012 frá sama skóla. Einnig er hann með diplómanám í handleiðslu frá HÍ. „Menntun mín og reynsla sem félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur kemur sér afar vel í öllum ofangreindum störfum mínum. Það getur verið vandamt að feta þann mjóa veg að hlusta á aðstæður og sjónarmið fólks, sýna hluttekningu og skilning en þurfa líka að benda fólki á að það séu fleiri sjónarhorn og að hægt sé að fara aðra leið en það stefni á. Í starfi mínu hjá sýslumanni eru börnin aðalatriðið og velferð þeirra og það getur reynt á þegar foreldra greinir á um hvað sé barninu fyrir bestu.“

Heildræn nálgun

Að sögn Þorleifs er starfssvið fjölskyldufræðinga afar margþætt og oft og tíðum þverfaglegt enda sé bakgrunnur fjölskyldufræðinga margbreytilegur. „Aðalstyrkleiki fjölskyldufræðinga er að geta horft á aðstæður fólks út frá mörgum áttum og að geta hjálpað fjölskyldum, af öllum stærðum og gerðum, að takast á við sameiginleg vandamál sem geta skapast í fjölskyldulífinu. Fjölskyldufræðingar telja að horfa verði á verkefnið sem við er að eiga með heildrænum hætti en ekki út frá einstaklingunum sem eiga í hlut.

Algengasta starf fjölskyldufræðinga er að veita einstaklings-, para-, og fjölskyldumeðferð á viðtalsstofum. Þess utan starfa fjölskyldufræðingar hjá ýmsum opinberum stofnunum, eins og til dæmis á heilbrigðissviði, félagsþjónustu, barnavernd og hjá sýslumanni, svo dæmi séu tekin. Fjölskyldu-

Það getur verið vandamt að feta þann mjóa veg að hlusta á aðstæður og sjónarmið fólks, sýna hluttekningu og skilning en þurfa líka að benda fólki á að það séu fleiri sjónarhorn og að hægt sé að fara aðra leið en það stefni á.

Þorleifur Kr. Nielsson

fræðingar leynast jafnvel innan þjóðkirkjunnar og hjá óháðum félagsamtökum.“

Fag í sífelldri þróun

„Það má segja að fræðin og fagið séu í sífelldri þróun. Sumt dettur út á meðan annað kemur nýtt inn, en flest nýttist þó í verkfærakistu sérfræðingsins. Það sem mér finnst þó alltaf merkilegast er þegar sumir sérfræðingar segja að sín aðferð sé mest og best, til að ná árangri í því að hjálpa fólki til bættra lífsgæða. Það er hins vegar ekki svo. Frekar eru það einstaklingsbundnir þættir hjá þeim sem nota þjónustuna og meðferðarsambandið sem myndast á milli sérfræðinga og skjólstæðinga, sem mestu máli skipta fyrir árangur í viðtalsmeðferð. Viðtalsmeðferð virkar ef skjólstæðingar upplifa sig sem virka þátttakendur í meðferðinni, upplifa meðferðarsambandið við sérfræðinginn á jákvæðan máta og finnst meðferðin vera í tengslum við sín mál og markmið í átt að bata og betri lífsgæðum.“ ■

Fjölskyldumeðferð hluti af ættleiðingarferlinu

Félagsráðgjafinn Rut Sigurðardóttir hjá Íslenskri ættleiðingu bætti við sig námi í fjölskyldumeðferð til að geta veitt þeim sem leita til félagsins viðtækari þjónustu. Það er mikilvægt að veita fólki sem ættleiðir öflugra þjónustu, fyrir, meðan og eftir ættleiðingu og að ættleiddir fái hana líka á unglings- og fullorðinsárum.

„Íslensk ættleiðing var stofnuð í núverandi mynd árið 1978 en það var ekki fjölskyldufræðingur starfandi hér fyrir en fyrir tveimur árum, þegar ég útskrifaðist sem slíkur, en ég hef verið hér í fimm ár.“ segir Rut Sigurðardóttir hjá Íslenskri ættleiðingu. „Ég byrjaði sem félagsráðgjafi en bætti svo við mig fjölskyldufræðinámi sem eflði mig sem fagaðila og hefur gefið mér tækifæri til að auka þjónustu við fjölskyldur í ættleiðingarferlinu og til ættleiddra. Árið 2018 breyttum við ráðgjöf, stuðningi og fræðslu til fjölskyldna sem eru í ættleiðingarferlinu og svo hefur þjónustan haldið áfram að þróa á meðan ég var í náminu og eftir það.

Sérstada fjölskyldufræðinga er að við höfum færni og þekkingu til að vinna með mörgum í einu og það er mikilvægur þáttur þegar

unnið er að þjónustu við fjölskyldur sem verða til við ættleiðingu.“ segir Rut. „Ég hef séð mikla breytingu á því hvernig ég get stutt við fólk og fjölskyldur hjá félaginu eftir að ég bætti við mig þessari menntun.“

Veita þjónustu í gegnum allt ferlið

„Við veitum þjónustu fyrir, meðan og eftir ættleiðingu. Við byrjum á því að undirbúa fólk, aðstoða við umsóknarferlið og erum svo til staðar eftir ættleiðinguna. Íslensk ættleiðing sinnir milligöngu, stuðningi og ráðgjöf, en það er sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sem veitir leyfi til hjóna og einstaklinga til ættleiðinga.“ segir Rut. „Við komum eingöngu að milligöngu ættleiðinga frá öðrum löndum og erum í dag í samvinnu við Tékkland, Tógó, Kólumbíu og Kína. Í dag eru börnin sem ættleidd eru að utan yfirleitt yngst tveggja ára en meðalaldur undanfarin ár hefur verið þriggja til fjögurra ára.

Ástædan fyrir því að börnin eru yfirleitt yngst tveggja ára er sú að það þarf að vera tryggt að barnið sé lagalega laust til ættleiðingar.“ segir Rut. „Þá er búið að leita innan fjölskyldu og í upprunalandi barnsins að fjölskyldu, en ættleiðing úr landi er alltaf síðasta úrræðið fyrir barn. Ættleiðing er alltaf áfall fyrir barn, það er verið



Rut Sigurðardóttir hjá Íslenskri ættleiðingu segir að þjónustan þar sé mikilvægur þáttur í velferð fjölskyldna sem verða til við ættleiðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Það þarf að huga vel að því að fjölskyldur og börn fái viðeigandi þjónustu svo þeim farnist vel eftir ættleiðingu og það viljum við standa vörð um.

Rut Sigurðardóttir

að taka það úr aðstæðum sem það þekkir og setja það inn í nýjar aðstæður sem eru því framandi. Slíkt reynir alltaf á bæði barnið og foreldrana og því mikilvægt að undirbúningur, stuðningur og ráðgjöf í ferlinu öllu sé til staðar.“

Gera það sem er best fyrir barnið

„Hugmyndafræðin okkar sem ættleiðingafélag gengur út á það sem er best fyrir börnin og í okkar

helsta samstarfslandi í dag, Tékklandi, eru börn þöruð saman við réttu fjölskylduna, í stað þess að vera bara númer á lista.“ útskýrir Rut. „Því er það mjög misjafnt hvað fólk þarf að biða lengi, allt frá hálfu ári til fjögurra ára, eftir að fólk hefur fengið forsamþykki hjá Sýslumanni og er komið á biðlista í upprunalandi.

Sýslumaður vinnur eftir reglugerð um ættleiðingar og gefur leyfi, en það tekur níu til tólf mánuði og við vildum gjarnan stytta ferlið. Það að kerfið ákveði hvort þú megir vera foreldri er líka áskorun í sjálfu sér. „Við leggjum líka mikla áherslu á að þetta séu börn með áfallasögu sem foreldrar þurfa að vera tilbúnir að takast á við.“ útskýrir Rut.

Þjónustan stuðlar að velferð

„Þegar fólk fer að sækja barnið fær það stuðning og líka eftir að heim er komið. Þegar það er erlendis

tilnefnir það svo vini og fjölskyldumeðlimi sem fá líka fræðslu, þannig að við sinnum líka stórfjölskyldu og tengslanetinu.“ útskýrir Rut. „Svo kemur frekari fræðsla þegar börnin hefja nám í leik- og grunnskóla.

Til er ættleiðingarþunglyndi og það er töluvert algengara en fæðingarþunglyndi. Askoranirnar eru oft miklu meiri og það eru oft væntingar um að allt verði frábært eftir þessa löngu bið.“ segir Rut. „Því þarf að huga vel að því að fjölskyldur og börn fái viðeigandi þjónustu svo þeim farnist vel eftir ættleiðingu og það viljum við standa vörð um. Í ljósi aldurs barnanna njóta þau ekki sömu þjónustu og nýfædd börn, en þeirri þjónustu er ætlað að styðja við barnið og foreldra þess. Barna kemur Íslensk ættleiðing inn í staðinn og veitir stuðning og ráðgjöf sem stuðlar að velferð þeirra.“ ■

Rannsóknir hafa sýnt fram á góðan árangur af fjölskyldumeðferð sem er meðferðarvinna með þörum, fjölskyldum og hópum. Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur, hefur starfað sem félagsráðgjafi í rúma fjóra áratugi.

Fjölskyldumeðferð er sannreynd (e. evidenced based) og viðurkennd aðferð í meðferðarvinnu úti um allan heim og hafa rannsóknir sýnt fram á góðan árangur af slíkri meðferðarvinnu, segir Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur, sem hefur starfað sem félagsráðgjafi frá árinu 1981 eða í rúma fjóra áratugi. „Hugmyndafræðin byggir í grunninn á kerfiskenningum (e. systems theory), hugmyndum sem komu upp í kring um 1945. Aðferðafræðin hefur þróast og breyst mikið síðan og margir hugmyndafræðingar komið þar að, eins og Bertalanffy, Bowen, Whitaker, Bowlby, Bateson, Haley og Munuchin, svo einhverjir séu nefndir. Þeir sem hafa mest haft áhrif í seinni tíð eru Steve de Shazer, Insoo Kim Berg og Michael White. Auðvitað eru margar ólíkar nálganir og aðferðir innan fræðanna sem meðferðaraðilar sérhæfa sig í að beita og svo eru aðrir sem blanda mörgum aðferðum saman eftir því sem þeim finnst best henta hverju sinni.“

Á þeim árum sem námið hefur verið í boði hafa 142 einstaklingar útskrifast úr því og 35 útskrifast nú í júní. Fjölskyldufræðingar vinna mjög víða í samfélaginu, á ýmsum stofnunum og stofum um allt land.

Fjölbreytt starfsreynsla

Helga hóf störf sem félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur eftir útskrift úr Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og hefur starfað við mennta-, félags- og heilbrigðismál síðan. Árin 1990-92 stundaði hún nám í fjölskyldumeðferð og fór svo til Hollands í meistaranám í félagsvísindum. „Síðustu árin hef ég starfað á geðsviði LSH, aðallega í átröskunarteymi. Árið 2007 opnaði ég mína eigin stofu, Lausn,



Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur, hefur starfað sem félagsráðgjafi frá árinu 1981.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Fjölskyldumeðferð er sannreynd og viðurkennd aðferð

fjölskyldumeðferð og ráðgjöf. Jafnframt þessu hef ég verið kennslustjóri í fjölskyldumeðferðarnámi á meistarastigi við Endurmenntun HÍ. Námið er þverfaglegt, tveggja ára klínískt nám með vinnu, fyrir fagfólk á vettvangi.“

Jafnvægi skiptir máli

Helga segir sérhæfingu fjölskyldufræðinga vera færni í að vinna

meðferðarvinnu með þörum, fjölskyldum og hópum. Spurningatæknin og aðferðafræðin sem beitt er í meðferðinni og færnin til að halda jafnvægi milli aðila, eru mikilvægir þættir. „Það er mikil kúnt að vinna með tveimur eða fleirum í meðferð og krefst mikillar þjálfunar í aðferðafræði fjölskyldumeðferðar, yfirvegaðrar þekkingar í samskiptafærni og

ekki síst að hafa unnið úr eigin áföllum og erfiðleikum.“

Til að geta hjálpað öðrum þarf meðferðaraðili auk þess að vera sjálfur á góðum stað og vera meðvitaður um eigin takmarkanir. „Í náminu er mikil áhersla lögð á sjálfsvinnu nemenda, en þeir eru í hóphandleiðslu reglulega í tvö ár og í æfingum í svokölluðu Nemasetri. Í Nemasetri fær nemandinn tækifæri til að taka viðtöl, og fær endurgjöf á vinnu sína. Í náminu eru starfandi sérfræðingar með mikla meðferðar- og kennslureynslu, auk erlendra sérfræðinga.“

Sífelld aukin eftirspurn

Eftirspurn eftir fjölskyldufræðingum hefur aukist og sér Helga fyrir sér að hún eigi eftir að aukast enn meira næstu árin. „Með meiri skilningi á mikilvægi fjölskyldunn-

ar fyrir einstaklinginn og vellíðan hans, hafa samfélagslegar áherslur breyst. Við sjáum til dæmis núna í kosningabaráttu flokkanna í sveitarstjórnarkosningunum aukna áherslu á þennan málaflokk. Mikilvægt er að fjölskyldumeðferð sé í boði fyrir almenning, ekki síst fyrir barnafjölskyldur og fólk með alvarlega sjúkdóma.“

Fjölskyldumeðferð getur verið mjög fyrirbyggjandi sem snemmtækt úrræði í skólum landsins, í barnaverndinni og á heilsgæslunni. „Aðgengi þarf auðvitað að vera þannig að þjónustan sé niðurgreidd og þannig sé folki gert kleift að nýta sér þessa mikilvægu þjónustu. Fjölskyldufræðingar hafa verið í samningaviðræðum við Landlækni undanfarin ár um löggildingu starfsheitisins en ekki hefur það gengið fram að þessu, en vonandi á það eftir að breytast.“ ■

Barnið er ekki eyland

Lína Dögg Ásgeirsdóttir, fjölskyldufræðingur og faglegur teymisstjóri í farteymi hjá Skóla- og frístundasviði, segir að nú sé verið að innleiða „betri borg fyrir börn“ og er lögð áhersla á lágþröskuldabjónustu þar sem þjónustan á að vera aðgengileg og sem næst þeim sem þurfa á henni að halda.

„Núna erum við að innleiða „betri borg fyrir börn“,“ segir Lína Dögg Ásgeirsdóttir, fjölskyldufræðingur og faglegur teymisstjóri í farteymi hjá Skóla- og frístundasviði. „En „betri borg fyrir börn“ miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmennti og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi sem og að færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarfsskóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins.“ Hér sé verið að tala um lágþröskuldabjónustu þar sem þjónustan á að vera aðgengileg og sem næst þeim sem þurfa á henni að halda og þar er líka farið í að styðja við foreldra og forráðamenn barna. „Stundum erum við að kljást við börn

Við leggjum áherslu á gólfvinnu innan skólanna þar sem við komum inn og skoðum skólaumhverfi barnsins og reynum að aðlaga þörfum barnsins.

Lína Dögg Ásgeirsdóttir

sem eru í miklum erfiðleikum í skólaumhverfinu og svo kemur kannski í ljós að ástæða vanlíðanar barnsins eru erfiðleikar heima fyrir. Það gæti tengst skilnaði foreldra og ólíkum uppeldisáherslum á báðum heimilum barnsins. Það er svo margt sem spilar inn í og mikilvægt að taka mið af þegar unnið er að betri líðan barnsins.“

Mikil samvinna

Lína Dögg vinnur í grunnskóla-teymi á þjónustumiðstöð þar sem hún er faglegur teymisstjóri í sérúrræði sem vinnur með hegðunarvanda barna á grunn-



„Ég er sannfærð um að „betri borg fyrir börn“ muni verða til þess að kerfin fari að tala betur saman og að einmitt verði hægt að vinna með vanda barna á heildstæðari hátt,“ segir Lína Dögg Ásgeirsdóttir, fjölskyldufræðingur og faglegur teymisstjóri hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

skólaaldri. „Við leggjum áherslu á gólfvinnu innan skólanna þar sem við komum inn og skoðum skólaumhverfi barnsins og reynum að aðlaga þörfum barnsins. Við störfum alltaf í mikilli samvinnu við skóla sem og foreldra/forráðamenn barnsins.“

Í starfi sínu leggur Lína Dögg ríka áherslu á að barnið sé ekki



eyland og sé ávallt í miklum samskiptum við foreldra. „Enda er mikilvægt að upplifun þeirra og rödd komi fram sem og tenging við líðan barnsins í fjölskylduumhverfi þess; ekkert barn í skóla er eyland heldur á barnið alltaf fjölskyldu. Líðan og upplifun foreldra hefur áhrif á líðan barnsins innan veggja skólans. Til þess að

tryggja bættu líðan barna innan grunnskólanna skiptir máli að horfa á heildina. Ég er sannfærð um að „betri borg fyrir börn“ muni verða til þess að kerfin fari að tala betur saman og að einmitt verði hægt að vinna með vanda barna á heildstæðari hátt og almennt styðja betur við fjölskyldur og gripa inn í fyrr.“ ■

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRANÍT
LEGSTEINUM Í MAÍ



**GRANÍT
STEINAR**

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Konur sem kunna að njóta í veiðiferðum

Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður hjá LEX, sem er þekkt sem eldhúsdrottningin og annálaður sælkeri er líka mikil áhugamanneskja um laxveiði. Hún stundar laxveiði reglulega og getur ekki beðið eftir því að veiðin hefjist á sumrin.

sjofn@frettabladid.is

Kristín er í veiðiklúbb sem ein-göngu er skipaður konum og ber heitið Strekkar línur. Veiðiklúbburinn hefur vakið athygli fyrir stíl sinn og pikknikk-veislurnar sem töfraðar eru fram á metnaðarfullan hátt í hverri veiðiferð enda ekkert venjulegar kræsingar.

Veiðiklúbburinn Strekkar línur var stofnaður fyrir fjórum árum. „Í honum eru tíu forfallnar veiðikonur. Þær eru Charlotta Björk, Halldóra, Hulda, Margrét, Sandra, Sólveig Unnur, Unnur Valborg, Þóra Matthildur, Þórunn og Ég. Ég tel mig vera ofurheppna að hafa fengið boð í hópinn og að eignast þessar frábæru vinkonur. Þótt við höfum ekki þekkt allar áður þá hefur dýnamíkin í hópnum verið frábær frá fyrsta kvöldi. Árlega förum við í eina skipulagða veiði saman og bröllum ýmislegt inn á milli. Gleðin er alltaf ríkjandi þegar við hittumst og veiðiferðirnar eru hreint ólýsanlegar enda fátt jafn gefandi og að vera í góðum hópi við fallega íslenska veiðiá.“ segir Kristín.

Næst er það Þverá

Kristín segir að þær séu búnar að stunda sömu ána frá því að klúbburinn var stofnaður. „Fyrstu þrjú árin förum við í Hauku í Dölunum en nú erum við á leið í Þverá í Borgarfirði. Þverá er uppáhaldsáin mín og tilhlökkunin að fara með Strekkum línunum þangað er í hæstu hæðum.“

Strekkar línur undirbúa veiðiferðirnar vel og fara vel klyfjaðar í hverja ferð. „Við höfum gaman af því að koma hver annarri á óvart til að mynda með litlum gjafapokum, sérmerktum nytjahlutum fyrir veiðiferðina og fleira og það er sko nostrað við hlutina. Þrátt fyrir að vera brjáláðar veiðikonur sem eru



Ekkert smá girnileg spjót í veiðiferð.

ávallt mættar á bakkann á réttum tíma, „því þetta veiðir sig nú ekki sjálf“, þá höfum við líka lagt mikið upp úr samverustundum á árbakkanum. Þær sem eru að veiða saman á stöng í ferðinni sjá um eina hamingjustund. Hvortveggja áhuginn á að gleðja hópinn og metnaðurinn í veitingunum er mikill. Við þurfum því eftir fyrstu veiðiferðina að endurhugsa framkvæmdina því það eru nú takmörk fyrir hversu mörgum smáréttum konur geta torgað jafnvel þótt allar séu svangar eftir útiveru og æsta baráttu við laxa í íslenski náttúru.“

Hittust til að fagna sumri

Stelpurnar styrkja böndin enn frekar með því að hittast á milli túra. „Við hittumst einnig utan veiðitímabilsins og höfum alltaf gert eitthvað saman á vorin eða í byrjun sumars til að ræða komandi veiðisumar, njóta samverunnar og spenningsins fyrir veiðiferð ársins. Stundum höfum við farið í kastkennslu til að finnstilla köstin en núna í ár fannst okkur tilvalið að hittast í kampavini og smáréttum og fagna fyrsta degi sumars.“

Í þættinum Matur og heimili á dögnum buðu Strekkar línur áhorfendum að skyggast inn í sumarboð sitt, sem haldið var heima hjá Kristínu sem var búin að dekkja alvöru pikknikk-borð



Þetta var sko ekkert síðasta veiðiferðin hjá þessum skvísium.

innandyra. Kristín bauð upp á glæsilegt hlaðborð sælkerasmárétta og deilir hér með lesendum nokkrum uppskriftum að syndsamlega góðum smáréttum. „Hér eru uppskriftir að ostakúlum, laxakremi og hugmynd að sælkera-spjótum. Allt réttir sem einfalt og fljótlegt er að útbúa og hægt er að töfra fram með stuttum fyrirvara.“

Laxakrem

500 g reyktur lax
150 g rjómaostur
Safi úr hálfri sitrónu
1 msk. piparrót eða eftir smekk
Basilíka eða aðrar ferskar krydd-

Jurtir eftir smekk Salt og pipar

Allt sett í blandara og maukað. Kælt í um klukkustund. Laxakreminu er sprautað á gott kex eða ofurpunnar ristaðar braudsneidar og skreytt með þynnum af reyktum laxi og ferskum kryddjurtum.

Ostakúlur

1 dós gamli rjómaosturinn frá MS eða annar rjómaostur af stífar gerðinni
2 bollar rifinn cheddar-ostur
½ bolli rifinn parmesan-ostur
1 tsk. Worcestershire-sósa

Salt og pipar eftir smekk
Stökkir beikonbitar, ferskar kryddjurtir, beyglukrydd „Everything bagel“ eða annað sem hugurinn gírnist til að velta kúlunum upp úr

Hafið rjómaostinn við stofuhita. Mikilvægt er að nota rjómaost af stífar gerðinni annars er erfitt að móta kúlurnar, ef blandan verður of mjúk má bæta við rifnum cheddar-osti.

Hnóðið saman rjómaosti, cheddar-osti, parmesan-osti og Worcestershire-sósu. Kryddið með salti og pipar eftir smekk en hafið í huga hverju kúlunum er velt upp úr svo þær verði ekki of saltar. Best er að kæla blönduna í 1–2 klukkustundir á þessu stigi. Búið til litlar kúlur úr blöndunni og hafið í huga að kúlurnar verða aðeins stærri þegar þeim hefur verið velt til dæmis upp úr beikonbitum eða beyglukryddi. Veltið kúlunum því næst til dæmis upp úr söxuðum ferskum kryddjurtum, beikonbitum eða beyglukryddi. Mér finnst beyglukryddið best þessa dagana. Kælið kúlurnar þar til þær eru bornar fram. Vel er hægt að gera kúlurnar sjálfar daginn áður og velta þeim svo upp úr kryddinu áður en þær eru bornar fram.

Sólar-hamingjuspjót af ítölskum uppruna.

Litlar mozzarella-kúlur

Steinlausar ólífur
Niðurskorin þistilhjörta
Chorizo eða hráskinka
Sólþurrkaðir tómatar
Grillaðar paprikur í olíu
Tréspjót

Þessi spjót eru afar einföld en litrík og góð. Uppskriftin er einföld, radið saman á spjótin hráefnunum sem þið eruð í stuði fyrir þann daginn. Radið spjótunum á fat eða stingið þeim til dæmis í hálfra litla melónu þannig að úr verði kúla af spjótum. Passið bara upp á að þerra vel hráefni sem lagt hefur verið í olíu eins og sólþurrkaða tómata eða grillaðar paprikur áður en það er sett á spjótin. ■

Æfir af meiri krafti en áður

Sæbjúgnahylkin +D3 frá Arctic Star hafa breytt miklu fyrir Erling Guðmundsson sem stundar aflraunir í garðinum heima á Akureyri. Hann æfir af meiri krafti en áður og liðirnir eru sterkari auk þess sem auðveldara er að halda liðleika.

Erlingur Guðmundsson frá Akureyri er mikill áhugamaður um alls kyns hreyfingu og þá helst aflraunir. Hann gengur undir nafninu Icelandic Viking Erlingur á samfélagsmiðlum en hann heldur úti síðum á Facebook, Instagram og á TikTok. „Ég hef stundað alls kyns íþróttir og hreyfingu allt mitt líf. Þessa stundina eiga aflraunir hug minn allan og ég hef útbúið sérstaka æfingaádstöðu hér í garðinum heima hjá mér þar sem ég stunda æfingar allan ársins hring.“

Kynni hans af Arctic Star sæbjúgnahylkinum +D3 hófust þegar hann sá umfjöllun um þau á Facebook. „Mér fannst þau mjög sniðug og skoðaði málið betur til að athuga hvort þau gætu gert mér gott. Ég las mér til um einstök innihaldsefni og því meira sem



Sæbjúgnahylkin +D3 frá Arctic Star gera kraftaverk fyrir liðina.

ég las, því meira langaði mig að prófa. Loks lét ég verða af því og sé svo sannarlega ekki eftir því.“

Finnur mikinn mun á sér

Hann segist finna mikinn mun á sér eftir að hann hóf að taka inn Arctic Star sæbjúgnahylkin +D3. „Hylkin hafa hjálpað mér mikið með liðina sem eru sterkari auk þess sem það er auðveldara að halda liðleika. Svo get ég æft af meiri krafti en áður vegna þess

að nú verða liðirnir ekki aumir. Um leið finn ég að ég er að fá betri endurheimt en áður og hvílist mun betur.“

Erlingur segist svo sannarlega geta mælt með þessari fæðubót fyrir sem flest fólk. „Sæbjúgnahylkin eru til dæmis góð fyrir yngri fólk sem vill fyrirbyggja liðavandamál. Svo eru þau góður kostur fyrir fólk sem hefur liðavandamál og geta þannig bætt liðina og viðhaldið liðunum eins



Erlingur Guðmundsson stundar aflraunir í garðinum heima á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

” Hylkin hafa hjálpað mér mikið með liðina sem eru sterkari auk þess sem það er auðveldara að halda liðleika.

Erlingur Guðmundsson

góðum og hugsast getur. Ekki má svo gleyma því að hylkin henta ekki síst íþróttafólki til að ná lengra í sinni íþrótt. Ég hef að minnsta kosti sjálfur hugsað mér að nota þessa vöru áfram því þetta er langbesta varan sem ég hef prufað til þess að bæta liðheilsu og hef ég prufað mjög margt í þeim efnunum.“

Lesendur geta fylgst með Erlingi á Facebook (@Icelandic Viking Erlingur Guðmundsson) og á Instagram (@icelandicviking-erlingur) ■

Nánari upplýsingar á arcticstar.is.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

AÐALKAUP

Bílasala



NÝR TOYOTA PROACE CITY DÍSEL (VSK)

TOYOTA PROACE CITY. Diesel, beinskiptur. Verð aðeins kr.3.477.000- án vsk. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c. Til afhendingar strax! Endilega hringið og bókið skoðunartíma s:888-3715. Rnr.120686.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

AÐALKAUP

Bílasala



NÝR LEXUS LUXURY RAFMAGNS Á 7.977Þ!!!

LEXUS UX300e LUXURY. Árgerð 2022, 100% rafmagn með 317km drægni, 50kWh rafhlöðu. Hlaðinn aukabúnaði, t.d. leiðsögukerfi, 360° myndavél, leður, 18" álfelgur o.fl. o.fl. Sjálfskiptur. Verð aðeins kr.7.977.000- Rnr.120701. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c. s:888-3715. Til afhendingar strax! Eignum líka til einn gráan!

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar



Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málarar s: 832-6017.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 659 2323 og 790 9021

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Tilkynningar

Fundir

AÐALFUNDUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Í HÚSI FÉLAGSINS AÐ STANGARHYL 2, REYKJAVÍK, ÞRIÐJUDAGINN 24. MAÍ 2022 KL. 20:00.

Dagsskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 2. Önnur mál, löglega fram borin.
- Stjórnin**

Til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafið samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Sinum viðhaldinu saman og notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smíðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course!
! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese.
Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Vietnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 16/5, 30/5, 20/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 12/9: * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/laug/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans.is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Húsnæði til sölu



FLOTT HÚSI!

25 ferm. Reisulegt gestahús til sölu. Málín: 4,2x6,20 Staðsett í Reykjavík Verð 5,9. Uppl. 820-5181



VANTAR ÞIG HÚSI?

Flott 30 ferm. gesthús ca 5x6m. Vönduð smíð. Sendi myndir. Staðsett rétt við Hvolsvöll. Aðstoðum við flutning! Verð 5,9 Uppl. 820-5181

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

SNYRTIVÖRUHEILDSALA

Snyrtiheildsala leitar eftir starfsmanni í fullt starf. Sumarafleysing möguleg. Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Ökuréttindi og hreint sakavottorð skilyrði.

Vinsamlega sendið umsókn á Sgunnbj@simnet.is ásamt ferilskrá.

Heilsa

Heilsuvörur



EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Nú vantar bara pottinn!

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Geirslaug
279.000 kr.



Snorrslaug
299.000 kr.



Gvendarslaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

Háfar, burstar, hitamælur, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið í dag, laugardag, kl. 10-14.

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Kjarvalsstóllinn



HÖNNUN: SVEINN KJARVAL

Skeifan 6 / Kringlan / Smáralind / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is

Sveinn Kjarval hannaði Kjarvalstólinn árið 1962 fyrir Kaffi Tröð sem staðsett var í Austurstræti.

Verð kr. 139.800.-





Kjartan Ólafsson í gróðurhúsinu í Bjarkarási þar sem hann elskar að vera en hann er einnig mikill dýravinur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helena Rós Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

Óttast að hann lifi foreldrana

Foreldrar Kjartans Ólafssonar, 25 ára þroskahamlaðs manns með Downs-heilkenni, segja það sinn helsta ótta að hann lifi þau. Kjartan hefur verið á biðlista eftir húsnæði hjá Reykjavíkurborg í sjö ár og segja þau baráttuna við kerfið átakanlega.

„Það er okkar aðalótti að hann lifi okkur,“ segja Ragnheiður Gunnarsdóttir og Ólafur Hilmar Sverrisson, foreldrar Kjartans.

Kjartan fæddist þann 12. janúar 1997 og er yngstur þriggja barna þeirra Ragnheiðar og Ólafs Hilmars. Ragnheiður varð ófrísk að Kjartani 35 ára gömul og segir hnakkþykktarmælingu ekki hafa staðið til boða á þeim tíma líkt og í dag, aðeins legvatnsástungu. Meðgangnan hafi gengið vel og aldrei hafi neitt bent til þess að Kjartan myndi fæðast með einhvers konar frávik.

Að sögn Ragnheiðar töldu læknar sem hún hitti á meðgöngunni líkurnar á að Kjartan myndi fæðast með einhvers konar frávik mun minni en líkurnar á að legvatnsástunga myndi leiða til fösturláts. Fötluð Kjartans kom því þeim Ragnheiði og Ólafi Hilmari í opna skjöldu við fæðinguna.

Áföllast ekki foreldra

„Það er mjög sérstök upplifun að eignast fatlað barn, sérstaklega þegar maður fær engan undirbúningstíma eða neitt,“ segir Ólafur Hilmar og bætir við að það hafi verið mikið áfall.

„Í mínu tilvikum var það í raun þannig að maður átti kannski ekki von á því að líta gláðan dag eftir

þetta. Þetta er það mikið áfall,“ útskýrir Ólafur Hilmar og heldur áfram: „Himnarnir hrynja svolítið, þú sérð ekki fram úr hlutunum og tilveran er í raun og veru horfin. Síðan koma varnarviðbrögðin og fólk heldur áfram.“

„Mér finnst Kjartan mjög merkileg manneskja og margt sem hann hefur í raun kennt manni sem gerir mann að því sem maður er í dag,“ segir Ragnheiður. Það sé þó vissulega mjög flókið að eiga fatlað barn. „Ég geri ekki lítið úr því og mun aldrei áföllast foreldra fyrir að taka ákvörðun um að eyða fötluðu barni, það mun ég aldrei gera,“ segir Ragnheiður.

Aðspurð hvort hlutirnir hefðu farið öðruvísi hefði hún vitað hvernig málin stæðu fyrri hluta meðgöngunnar segir Ragnheiður ólíklegt að hún hefði breytt einhverju.

Kjartan er að sögn foreldra sinna mjög rólegur. Hann er vinur vina sinna og mikill dýravinur. Ólafur Hilmar segir son sinn hlusta á jóla-lög allt árið og eiga það sameiginlegt með Línu langsokk að hafa sótt skóla og vinnu til þess eins að fá sumarfrí. „Um leið og lafin fara að koma eða brumið á trén kemur og lúpinurnar fara gægjast upp úr jörðinni þá vill Kjartan fara í sumarfrí,“ segir Ólafur Hilmar og hlær.

Þarf sólarhringsgæslu

Líf Kjartans og foreldra hans flæktist til muna þegar hann greindist með insúlínháða sykursýki aðeins fimm ára gamall. Vegna skerðingar sinnar hefur hann aldrei og mun aldrei geta tekið ábyrgð á sjúkdómnum. „Ef ég á að vera alveg



Ragnheiður Gunnarsdóttir og Ólafur Hilmar Sverrisson, foreldrar Kjartans.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

hreinskilin þá finnst mér meira mál að dila við sykursýkina en það að Kjartan sé með Downs-heilkenni, því vegna hennar þarf hann 24 klukkustunda gæslu allan sólarhringinn,“ segir Ragnheiður.

Leiðir Ragnheiðar og Ólafs Hilmars skildu fyrir nokkrum árum og býr Kjartan hjá þeim til skiptis,

viku í senn. Þau eru sammála um að álagið á hjónabandið hafi verið mikið og baráttuna við kerfið sem fjölskyldan hefur þurft að standa í frá fæðingu Kjartans hafa verið erfiða. Að sögn Ragnheiðar og Ólafs Hilmars hafa þau þurft að sækja alla þjónustu fyrir Kjartan frá upphafi.

Þrátt fyrir að það hafi legið fyrir

„Ég mun aldrei áföllast foreldra fyrir að taka ákvörðun um að eyða fötluðu barni.“

Ragnheiður

frá fæðingu að Kjartan myndi þurfa eigið húsnæði með þjónustu á vegum borgarinnar við átján ára aldur hefur hann verið á biðlista eftir slíku í sjö ár. Kjartan þarf sólarhringsþjónustu vegna sykursýkinnar og hafa foreldrar hans tekið mestan þungann sem umönnunaraðilar hans frá fæðingu. Þau segja kerfið sérkennilegt og að það sé vonlaust verkefni að berjast við það. Erfitt sé að vera bjartsýn fyrir hönd Kjartans.

Erfið barátta

„Þú átt ekki að þurfa að klóra þig í gegnum kerfið,“ segir Ragnheiður. „Ég segi nú alltaf guð hjálpi þeim sem hafa bara kerfið til að reida sig á, þeir verða frýstir úti. Kerfið gerir ekki nokkurn skapadán hlut fyrir svona fólk, það verður að berjast fyrir hverri einustu tommu og þetta er alltof blóðug barátta,“ bætir Ólafur Hilmar við.

Ragnheiður líkir baráttunni við rafmagnsdyr sem eiga að opnast með rafmagni en þarf alltaf að opna með öxlinni. „Þú merst á endanum og þú getur ekki mikið meira.“

Ólafur segir að miðað við reynslu þeirra í 25 ár með Kjartani myndi hann ekki álasa neinum sem á von á fötluðu barni fyrir að fara í þungunarrof. „Mér er ekki það illa við nokkurn einasta mann að ég óski honum að lenda í þessu því þessi barátta er alveg gríðarlega erfið.“

Foreldrar Kjartans hræðast tilhugsunina um að hann lifi þau. „Ég er tæplega fjórutíu árum eldri en hann svo það er mjög líklegt að hann lifi mig og það er afskaplega erfið tilhugsun að skilja hann eftir í höndunum á kerfi sem þú treystir ekki,“ segir Ólafur Hilmar og bætir við að hann yrði rólegri ef Kjartan færi á undan. „Það er hart að segja þetta og örugglega ekkert þægilegt að heyra það en þetta er bara því miður staðan. Þegar maður getur ekki sjálfur aðstoðað hann, hver gerir það þá?“

Ragnheiður tekur undir: „Ég meina, ef þú átt börn, þá viltu ekki lifa þau en það er mín ósk að ég lifi Kjartan. Maður gæti dáíð rólegri.“

Fátt um svör

Sem fyrr segir hefur Kjartan verið á biðlista eftir húsnæði með þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar í sjö ár. Foreldrar hans hafa lengi leitað svara hjá borginni um hvar Kjartan sé staddur á biðlistum og hvenær þau geti átt von á að fá íbúð úthlutad. Þau svör hafa þó aldrei verið á reiðum höndum hjá borginni.

Frá fæðingu Kjartans hafa foreldrar hans deilt umönnuninni sín á milli ásamt því að vera bæði í fullu starfi. Kjartan er í dagvistun á virkum dögum og fær sjö daga í skammtímavistun á mánuði þar sem hann gistir. Þá hefur Ragnheiði og Ólafi Hilmar staðið til boða beingreiðslusamningur við borgina til þess að ráða starfsmenn inn á heimili sín til að aðstoða við umönnun, sem þau hafa nýtt sér.

Vegna sykursýki Kjartans þarf að fylgjast með blóðsykri hans á þriggja klukkustunda fresti og þurfa þeir sem annast hann að þekkja til og hefur það komið í hlut foreldra hans að fræða starfsmennina. Af heildartíma fjölda hvers mánaðar er Kjartan alfarið í umsjón foreldra sinni tæplega helming. Við það bætast svo veikinda-, frí- og starfsdagar. „Maður er náttúrulega löngu kominn fram yfir það að eiga nokkurn veikindarétt,“ segir Ólafur Hilmar.

Ragnheiður og Ólafur Hilmar furða sig á starfsemi ríkis og sveitarfélaga og segja rifrildi þeirra á milli ekki mega bitna á einstaklingum eins og Kjartani, „sem hefur ekkert annað gert en að fæðast.“

Enginn biðlisti

Í apríl 2020 höfðu foreldrar Kjartans mál fyrir hans hönd gegn borginni sem fór fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og var dómur kveðinn



Mér finnst Kjartan mjög merkileg manneskja og margt sem hann hefur í raun kennt manni sem gerir mann að því sem maður er í dag.

Ragnheiður

upp þeim í vil þann 16. júní 2021. Ólafur Hilmar segir grundvöllinn fyrir málaferlunum hafa verið vegna reglugerðarbreytingar sem kom út árið 2018 um húsnæðisúræði fyrir fatlað fólk.

Þar segir að ef ekki tekst að útvega húsnæði innan þriggja mánaða frá því að umsókn um húsnæðisúræði hafi verið samþykkt skuli tilkynna umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað sé að húsnæðisúræðið geti verið tilbúið.

Kjartan og foreldrar hans hafa aldrei fengið svör frá borginni um það hvar hann stendur á biðlistum né hvenær líklegt þyki að röðin

komi að honum varðandi úthlutun á húsnæði.

Flóki Ásgeirsson, lögmaður Kjartans, segir að svo virðist sem engin sérstök röðun sé fyrir hendi á biðlista borgarinnar og að það sé í raun engin leið fyrir einstaklinga að fá að vita hvaða bið þeir eiga eftir. Í mála-tilbúnaði Flóka fyrir hönd Kjartans kemur meðal annars fram að í raun sé ekki um biðlista að ræða heldur eins konar biðhít.

Í niðurstöðu dómsins segir að umsækjendum um húsnæði fatlaðra á vegum borgarinnar sé ráðað í fjóra þjónustuflokka eftir þjónustupýngd. Þá sé augljóst af gögnum

máls að borgin rafi ekki einstaklingum á biðlista á neinn gegnsæjan hátt innan hvers flokks. Sökum þess sé í raun ómögulegt fyrir einstakling að vita hvort hann sé næstur í röðinni eftir húsnæði eða hvort hann sé aftastur, enn síður hvort aðrir sem komi inn á listann verði teknir fram fyrir hann. „Við svo óljósar aðstæður verða réttindi einstaklinga til húsnæðis einungis í orði en ekki á borði.“

Héraðsdómur dæmdi málið Kjartani í hag en borgin gat ekki unað niðurstöðunni og áfrýjaði málinu til Landsréttar og verður það tekið fyrir í haust. ■

LÁSAR GERA BARA GAGN EF ÞEIR ERU LÆSTIR

Málþing ÖBÍ • 17. maí 2022 • kl. 13:00 til 15:30
Grand Hótel (Háteig) • Sigtúni 38 • Reykjavík

Dagskrá

- Ávarp
Puríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ
- Lásar gera bara gagn ef þeir eru læstir
Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur og dósent við félagsráðgjafadeild HÍ
- Hvar er kaupmáttaraukningin mín?
Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, varaformaður kjarahóps ÖBÍ
- Kaffihlé
- Pallborð
Bergþór H. Þórðarson, varaformaður ÖBÍ
Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, varaformaður kjarahóps ÖBÍ
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra
Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata
Inga Sæland, þingmaður Flokks fólksins
Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur
- Lokaorð
Atli Þór Þorvaldsson, formaður kjarahóps ÖBÍ

Rit- og tákn málstúlkun • Léttar veitingar í boði
Fundarstjóri: Eggert Skúlason
Skráning á obi.is
Allir velkomnir



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Dýrustu listaverk sögunnar

Met var slegið á alþjóðlega listmarkaðnum í vikunni þegar málverk eftir Andy Warhol var selt hjá Christie's í New York fyrir 195 milljónir Bandaríkjadala sem er hæsta verð sem fengist hefur fyrir bandarískt listaverk á uppboði. Fréttablaðið tók saman lista yfir fimm dýrustu listaverk sögunnar.



Umboðsmenn keppast við að bjóða í Salvator Mundi eftir Leonardo da Vinci á uppboði Christie's í nóvember 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2 Vixlun eftir Willem de Koonig

Hollensk-bandaríski listamaðurinn Willem de Koonig (1904–1997) var einn af brautryðjendum abstrakt-expressjónismans um miðja 20. öld. Ólíumálverkið Interchange, eða Vixlun, frá 1955 er lykilverk á ferli de Koonig og talið marka kaflaskil í ferli listamannsins þegar hann fór frá því að mála kvenmyndir yfir í óhlutbundin landslagsverk. Í miðpunkti verksins má sjá bleikan efnismassa með skellum af rauðum, gulum, bláum og sægrænum lit, sem táknar konu að halla sér aftur. Árið 2015 keypti bandaríski viðskiptajöfufurinn Kenneth C. Griffin Interchange frá David Geffen-stofnuninni fyrir 300 milljónir Bandaríkjadala, andvirði um 39,7 milljarða íslenskra króna. Í sömu sölu tryggði Griffin sér málverkið Number 17A eftir Jackson Pollock á litlar 200 milljónir Bandaríkjadala, sem gerir hann að eiganda annars og fimmta dýrasta listaverks sögunnar.



1 Frelsari heimsins eftir Leonardo da Vinci

Málverkið Salvator Mundi, Frelsari heimsins, er ekki aðeins það dýrasta í listasögunni heldur var salan á því árið 2017 einnig ein sú umdeildasta. Verkið er talið vera frá því um árið 1500 og sýnir Jesú Krist klæddan í endurreisnarföt með krossmerki á fingrum hægri handar og kristalskúlu í vinstri hendi. Flestir listfræðingar telja Salvator Mundi vera að mestu leyti málað af aðstoðarmönnum Leonardo da Vinci og aðeins fínþússað af sjálfum meistaranum en efasemdir hafa lengi ríkt um uppruna þess. Verkið var týnt í eina og hálfu öld en endureignað da Vinci á uppboði árið 2005 og gert ítarlega upp í kjölfarið, svo sumum listfræðingum þykir um of. Eftir að hafa skipt nokkrum sinnum um hendur endaði Salvator Mundi hjá Christie's-uppboðshúsinu í New York þar sem það seldist eftir langdregið uppboðsstrið fyrir 450 milljónir Bandaríkjadala, eða jafnvirði um 59,6 milljarða íslenskra króna.* Nafni kaupandans var haldið leyndu fyrst um sinn en síðar kom í ljós að krónprins Sáadí-Arabíu, Mohammed bin Salman, hreptti hnosið. Lítið hefur farið fyrir málverkinu síðan þá og ekki er vitað nákvæmlega hvar það er niðurkomið. Ýmsar getgátur eru þó á lofti, allt frá friverslunarsvæði í Genf til lúxussnekkju krónprinsins.

*Miðað er við upphaflegt söluverð en ekki uppfært verð miðað við verðbólgu.



4 Hvenær munt þú gifta þig? eftir Paul Gauguin

Árið 1891 fór franskur listamaðurinn Paul Gauguin í fyrstu heimsókn sína til eyjunnar Tahítí í Frönsku Pólýnesíu. Markmið hans var að finna „Edens-lika paradís“ hvar hann gæti skapað „hreina og frumstæða“ list. Gauguin heillaðist af menningu og konum Frönsku Pólýnesíu og átti eftir að verja stærstum hluta ævi sinnar á eyjaklasanum þar til hann lést 1903. Málverkið Nafea Faa Ipoipo?, Hvenær munt þú gifta þig? á íslensku, var málað 1892 í hinum litríka síðimpresjóníska stíl sem átti eftir að gera Gauguin heimsfrægan síðar meir. Á myndinni má sjá tvær ungar konur sitjandi á jörðinni í litríku landslagi í bláum, grænum og gulllituðum. Verkið var selt óþekktum kaupanda árið 2015, sem talið er að sé meðlimur konungsfjölskyldu Katar, fyrir um 210 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 27,8 milljarða íslenskra króna.



5 Fánaberinn eftir Rembrandt*

De vaandeldrager eða Fánaberinn er sjálfsmýnd eftir Rembrandt frá 1636. Nokkur afrit eru til af verkinu og er það talið mikilvægt verk frá fyrri hluta ferils hollenska meistarans. Verkið var áður í eigu franska listaverkasafnarans Élie de Rothschild og hafði verið í eigu Rothschild-fjölskyldunnar frá 1844. Fánaberinn var keyptur af Rijksmuseum, ríkislistasafni Hollands, með stuðningi frá hollenska ríkinu fyrir 175 milljónir evra í byrjun þessa árs, andvirði um 24,4 milljarða íslenskra króna. Málverkið mun ferðast um öll helstu listasöfn Hollands næstu árin en fær svo framtíðarheimili í heiðursgalleríi Rijksmuseum.

*Fimmta dýrasta listaverkið er vissulega hið áður nefnda Number 17A eftir Jackson Pollock en vegna þess að það hefur þegar verið nefnt í samhengi við Interchange eftir Willem de Koonig var ákveðið að fjalla um annað verk hér.

3 Spilamennirnir eftir Paul Cézanne

Franski listamaðurinn Paul Cézanne er einn áhrifamesti listamaður síðimpresjónismans og hafði mikil áhrif á uppgang modernismans og á listamenn á borð við Pablo Picasso. Cézanne málaði fimm málverk af mönnum sitjandi við borð að spila á spil á árunum 1890-1894. Verkin eru allt ólíkar útgáfur af sama þema í mismunandi stærð með mismunandi fjölda spilara. Flest þessara verka eru á listasöfnum víðs vegar um heim en eitt þeirra, sem Cézanne málaði á milli 1892 og 1893, var selt árið 2011 fyrir áður óséða upphæð. Verkið hafði verið í eigu gríska skipafrömuðarins George Embiricos en kaupandinn var konungsfjölskyldan í Katar sem greiddi 250 milljónir Bandaríkjadala fyrir gripinn, andvirði um 33 milljarða íslenskra króna.





LOKSINS!

FYRSTI ÍSLENSKI ÁFENGISLAUSI LAGERBJÓRINN

Loksins getum við fagnað nýjum kafla í bjórsögunni með ykkur. Meistaralega bruggaður úr hágæða hráefni og hinu tæra lindarvatni okkar. Með þessu ferska krispí bragði sem þú tengir við bjór í fullkomnu jafnvægi.



Gera afgangamarkaðinn aðlaðandi



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Leiðir þeirra Söru Jónsdóttur og Maríu Kristínar Jónsdóttur lágu saman í miðstöð hönnunar og arkitektúrs, en ýmsar breytingar á lífi beggja dýpkðu vinskapi og svo fengu þær áskorun og hún varð að metnaðarfullu verkefni.

Víðskipta hugmynd þeirra um alþjóðlegt, rafrænt markaðstorg og þekkingarsamfélag sem setur afgangsefni í nýtt samhengi og fékk nafnið On to Something, hlaut fyrstu verðlaun í teymisflokki víðskiptahraðals á vegum Háskóla Íslands og bandaríska sendiráðsins á dögnum.

Markmið hraðalsins er að styðja konur í að þróa áfram víðskiptahugmyndir sínar og fyrirtæki og auka hlut þeirra innan frumkvöðla- og nýsköpunargeirans.

María Kristín er menntaður vöruhönnuður og var ritstjóri og listrænn stjórnandi HA, tímarits miðstöðvar um hönnun og arkitektúr, í fjögur ár. „Tímaritið var svo sett í pásu árið 2020 vegna Covid enda þorði fólk ekki að snerta tímarit af ótta við smit.“

Sara menntaði sig í víðskipta- og markaðsfræði en örlögin höguðu því þannig að hún hefur minnst starfað við það. „Ég svo sem vissi alltaf að ég myndi vinna í kreatívum bransa,“ segir Sara, sem starfaði lengi á auglýsingastofu og við almannatengsl. „Ég var að vinna hjá auglýsingastofu og við gerð sjónvarpsauglýsinga sá ég mikið um leikmynd og búninga. Þegar stofan svo flutti á milli húsnæða var ég svo lánsöm að fá að innrétta það,“ segir hún um upphafið á hönnunarferli sínum, en hún hefur meðal annars hannað kaffihús og verslanir Brauð & Co og Hygge, nýtt kaffihús í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg.

Áskorun í matarboði

Sara stjórnaði HönnunarMars í fjögur ár og þar kynntist hún Maríu Kristínu. „Við unnum ekki beint saman en á sömu skrifstofu. Það var í lok samstarfs okkar að við kynntumst betur enda báðar að fara í gegnum miklar umbreytingar,“ segir Sara. Það var svo í matarboði hjá Kristínu Soffíu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Klaks, og vinkonu Maríu Kristínar, að hún heyrði fyrst af víðskiptahraðlinum Hringiðu hjá Klaki.

„Kristín Soffía var þá nýbúin að setja á laggirnar þennan hraðal og skoraði á mig að koma með hugmynd og sækja um. Þetta var í janúarlök á síðasta ári og hún sagði:



Þær Sara og María Kristín vilja gera fyrirtækjum auðvelt að losna við afgangsefni til þeirra sem geta nýtt þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGURARI



Við lok AWE- hraðalsins voru verkefni tengd umhverfissjónarmiðum, samgöngum, sjálfbærri ræktun, aðstoð við listamenn, umhverfisvæna verslun og veflausn tengd forvörnum gegn ofbeldi verðlaunuð. MYND/ADSEND

„Þið Sara eruð svo sniðugar, gerið þið eitthvað saman,“ rifjar María Kristín upp í léttum tón.

„Við sátum í framhaldi yfir nokkrum kaffibollum og spurðum okkur hvað við ættum að gera,“ bætir Sara við. „Við hugsuðum: „Hvað vantar og hvað höfum við fram að færa í hringrásarhagkerfinu?“

Fundu hvar þörfin lá

Þær fóru að skoða möguleikana og funduðu með fjölmörgum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. „Við vorum að skoða hvar þörfin lá og hvernig við gætum tekið tvist á það,“ segir María Kristín og Sara bætir við að hugmyndin hafi þróaðst töluvert í hraðlinum þar sem þær fengu góðan stuðning.

„Við vorum svo auðvitað í fullt af öðrum verkefnum, erum báðar fráskildar með haug af börnum og alltaf eitthvað havarí,“ segir Sara í léttum tón. „Við höfum til að mynda verið sýningarstjórnar og stjórnað

viðburðum en sóttum um í AWE-nýsköpunarhraðlinum sem Háskóli Íslands stendur fyrir í samvinnu við bandaríska sendiráðið. Það kjarnaði þetta vel fyrir okkur og við gerðum víðskiptaáætlun og fengum styrk frá Tæknipróunarsjóði sem mundaði töluvert til að vinna betur að þessu.“

En að hugmyndinni sjálfri.

„Fyrirtæki og sveitarfélög hér og annars staðar eru að losa sig við efni sem nýta mætti sem hráefni í framleiðslu hjá öðrum. Þetta eru allar tegundir efna, við til dæmis vitum að bjórframleiðsla losar sig við rosalega mikið af geri sem þau geta ekki nýtt aftur en má nýta í aðra framleiðslu. Önnur fyrirtæki og stofnanir losa sig svo við fjölbreytt verðmæt hráefni. Mikið af þessum efnunum fer í dag í brennslu, urðun og útflutning en mætti sinna betur. Hingað til hafa fyrirtæki ekki verið að stæra sig af því hverju þau eru að farga en flest eru að gera sitt



Mikið af þessum efnunum fer í dag í brennslu, urðun og útflutning en mætti sinna betur.

Sara Jónsdóttir

besta miðað við þær lausnir sem í dag bjóðast,“ útskýrir Sara.

Gera markaðinn aðlaðandi

„Við ætlum að færa þennan markað upp á yfirborðið og gera hann bæði aðgengilegan og aðlaðandi. Svo fólk, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir sjái þessi efni sem ákjósanlegan kost sem hráefni í sína starfsemi,“ segir Sara og bætir við að einhver dæmi séu um víðskipti á þessum nótum. „En ef fólk ætlar sér að ná í slík hráefni er enginn staður til þess og það þarf að hringja fjöldamörg símtöl til að finna út úr því hvar það fær rétt efni. Við ætlum því að gera markaðstorg þar sem aðilar skrá sín afgangsefni svo aðrir geti séð hvað er í boði. Þetta er þannig víðskiptavettvangur fyrir fagaðila. Forsjáradili fyrirtækisins velur svo hvort hann vilji selja efnið eða gefa það en alla vega losnar hann við að greiða fyrir förgun.“

Þar sem Sara hafði áður nefnt dæmi um bjórframleiðslu höldum við áfram í þeim geira: „Við vitum að ger má nýta í snyrtivöruframleiðslu og á einhverjum skala í brauðgerð aftur.“ Eins nefnir hún gott dæmi um þá nýtingu sem þær vilja gera almennari. „Við vitum að hrat úr byggji sem notað er í bjórframleiðslu fer beint í svínafóður sem er frábært dæmi um svona nýtingu. Það á svo eftir að koma í ljós hvaða víðskiptahugmyndir munu spretta úr þessu, þegar fólk er allt í einu komið með þetta hlaðborð fyrir framan sig.“

Fagurfræðin er X-faktorinn

María segir þær ætla að nýta sér reynslu sína úr skapandi geiranum við útfærslu á nálgun sinni. „Við höfum verið spurðar hver sé okkar X-faktor og hvers vegna fólk geti ekki bara notað þau markaðstorg sem fyrir eru. En við nálgumst þetta út frá fagurfræðilegu sjónarhorni og On to Something verður útlitslega á pari við það helsta sem gerist í tisku og hönnun.“

María segir fyrirtæki sem eru framarlega í þessari þróun skilja það sem þær eru að fara. „Það er vöntun á þessu. Við hittum fullt af hönnuðum á HönnunarMars sem spurðu okkur um verðlaunin og þegar ég fór að útskýra um hvað þetta snerist kviknuðu margar perur. Þessi hugmynd er til dæmis verðmæt fyrir hönnunargeirann, vísindasamfélagið og frumkvöðla. Enda hafa fæstir ráðrúm til að hringja um allt til að kanna hvort hægt sé að nýta afgangsefni frá þeim. En þegar þetta er allt komið á einn stað verður þetta svo mikið auðveldara fyrir alla.“

Þær hugsa stórt og sjá fyrir sér að fara á alþjóðamarkað þegar fram í sækir. „En þá skiptir máli að láta þetta ganga upp innan landsvæða til að spara kolefnisfótspor.“

Aðspurðar hvenær síðan fari í loftið segjast þær vera að leita eftir frekara fjármagni til að koma fyrirtækinu á flug.

„Það er búið að hanna grunnútlit síðunnar og næsta skref er að fara í hugbúnaðargerð. Við erum komnar með samninga við nokkur fram-sækir stórfyrirtæki sem verða með okkur í að þróa næstu skref,“ segja þær að lokum. ■

GLÓANDI MEÐ ICEHERBS

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Íslenskt
Astaxanthin 4 mg.
MEÐ E-VITAMÍNI
60 KORNUR

- Viltu einstaka vörn gegn geislum sólar og bætt rakastig húðarinnar?
- Öflug virkni fyrir glóandi húð

Eurovision fögnuður

laugardaginn 14. maí frá kl. 14-16




20%
af öllum vörum*

*nema B&O og HTH

Dagskrá:

Frikki Dór – Blaðrarinn – Happdrætti

SAMSUNG



-87.998
kr.

20% AFSLÁTTUR
SAMSUNG SJÓNVARP
75" THE FRAME QLED
351.992 kr. 439.990 kr.

AEG



-33.998
kr.

20% AFSLÁTTUR
AEG ÞVOTTAVÉL
8KG 1600SN
135.992 kr. 169.990 kr.

SAMSUNG



-43.998
kr.

20% AFSLÁTTUR
SAMSUNG VEGGOFN
CHEF 73 LÍTRA
175.992 kr. 219.990 kr.

MOCCAMASTER



-8.798
kr.

20% AFSLÁTTUR
MOCCAMASTER KAFFIVÉL
THERMO SILFUR
35.192 kr. 43.990 kr.



Þetta getur veitt rannsóknarlög- reglu- mönnum innsýn í það hvernig sakborn- ingur og brotapolí komust í samband.

Ólafur Örn Bragason



Þegar búið er að bera kennsl á gerendur þá er mikilvægt að finna þeim viðeigandi úrræði, að sögn Stephen.

Meira gefandi að koma í veg fyrir glæpi



Lovisa Arnardóttir
lovisa
@frettabladid.is

Einn helsti sérfræðingur í áhættumati kom nýverið til landsins til að aðstoða lög- regluna við rannsóknir á kyn- ferðisbrotum gegn börnum.

Ég hef rannsakað áhættu- mat í kynferðisbrotum almennt og í alls konar ólíkum týpum ofbeldis, eins og ofbeldi í nánu sam- bandi, eltiarella, hryðjuverk og hef almennt mikinn áhuga á áhættu- mati í tengslum við hvers kyns ofbeldi," segir Stephen.

Samkvæmt tölfræði lögreglunnar er meirihluti brotþola í kynferðis- brotamálum börn að aldri, eða 61 prósent, á meðan meðalaldur grun- aðra er nokkrur hærri. Innleiðing áhættumatsins er liður í aðgerðum stjórnvalda fyrir gerendur ofbeldis og er ætlað að auka við þekkingu sérfræðinga á sviðinu, að einfalda eða staðla forgangsröðun mála, huga að forvarnaaðgerðum og um leið draga úr líkum á ítrekunar- brotum.

Vinnustofan Hart á Íslandi var tvíþætt. Fyrst fjallaði hann almennt um áhættumat í kyn- ferðisbrotamálum en seinni hluti vinnustofunnar var svo nýttur til að þjálfa bæði lögreglu og ákærendur í aðferðafræði áhættumatsins og for- gangsröðun mála fyrir lögregluna.

Vilja sinna meiri forvörnum

„Það sem er ljóst af samtölum mínum við lögregluna hér er að hún vill hafa fleiri leiðir til að koma í veg fyrir að ofbeldi geti haldið áfram gegn börnum. Lögreglan annast vanalega tvö verk, að rann- saka meintan glæp en hitt er í raun að halda friðinn. Að koma í veg fyrir að glæpir séu framdir," segir Steph- en, og að lögreglan nái ekki að sinna forvörnum að því marki sem hún vill því að það sé svo mikið að gera í því að rannsaka þau brot sem búið er að fremja.

„Það er auðvitað hægt að halda því áfram, að handtaka fólk og fá það sakfelld, en það kemur ekki í veg fyrir aðra glæpi og í raun er lögreglan mögulega að leyfa fleiri glæpum að henda en þarf, með því að sinna ekki nægilegum forvörnum. Þetta er erfitt og lögreglan hefur þróað margar aðferðir til að glíma við þennan vanda, eins og að búa til verkefni þar sem unnið er að því að spá fyrir um hvað gæti gerst og gefa þannig lögreglunni einhver tól til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi," segir Stephen, en tekur þó

fram að þetta geti verið ansi flókið fyrir lögregluna því ekki gefist tími til að meta öll mál með sama hætti.

Flokka samkvæmt bráðapörf

„En það eru aðferðir til að greina þau mál frá þar sem gild ástæða er til að telja að það stafi einhver hættu af einstaklingi og að hann gæti brotið af sér, eða brotið aftur af sér," segir Stephen og að það þurfi svo, þegar það er búið að bera kennsl á þessa einstaklinga, að finna leiðir til að forgangsráða þeim og finna ein- hver úrræði fyrir þá.

„Þá er hægt að byrja á þeim ein- staklingum sem stafar mest hættu af og hægt að nota þau úrræði sem eru í boði til að minnka áhættuna.“

Hann segir að það sé auðvitað erfitt að meta hvar er hættu og hvar ekki, en líkir ferlinu við flokkun samkvæmt bráðapörf [e. Triage] á spítala þar sem sjúklingar eru spurðir grundvallarspurninga eins og hvort þeir séu með verki fyrir brjósti eða eigi erfitt með að anda.

„Það er ekki hægt að spá fyrir um margt með þessum spurningum, en það sem þær eru hannaðar til að gera er að bera kennsl á fólk sem gæti verið að deyja svo að það sé hægt að bregðast strax við. Ef fólk svarar þessu ekki játandi, þá getur það bedið. Jafnvel þótt því blæði," segir hann.

„Þetta eru ákvarðanir upp á líf og dauða til að réttlæta takmarkaðan mannafla eða úrræði, en það er það nákvæmlega sama og lögreglan þarf að gera. Það sem við ræddum á námskeiðinu er hvernig við getum framkvæmt þessa flokkun til að reyna að hjálpa lögreglunni að bera kennsl á mál þar sem kynferðisof- beldi gegn börnum hefur í för með sér mikla og alvarlega hættu," segir Stephen. Hann segir að hægt sé að nota þessa aðferð sama hvort það sé verið að meta einstakling sem búinn er að brjóta á barni og gæti gert það aftur eða þar sem grunur leikur á að einstaklingur gæti brot- ið á barni, eða jafnvel til að meta einhvern sem sýnir af sér óæskilega hegðun.

„Ég get tekið dæmi um kennara í menntaskóla sem klippir út af myndnum hausa barna og setur hausana á klámmyndir af fullorð- num konum. Það er kannski ekki ólöglegt en það er ekki í lagi og þetta væri eitthvað sem myndi flokkast undir aðstæður þar sem sérstaklega er fylgst með," segir Stephen.

Hann segir að fyrir marga lög- reglumenn sé það verulega gefandi



Ólafur segir það gott fyrir lögreglu- na að geta sinnt meiri forvörnum.

Stephen hefur mikla trú á því að hér muni lög- reglunni takast vel að innleiða áhættumatið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Gefur lögreglu betri innsýn

„Þetta er ákveðin breyting á fókusi hjá okkur að því leyttinu til að við erum að skoða forvarnir, og að sinna afbrotavarnahlutverki okkar, en ekki eingöngu rannsókn þessara brota," segir Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður mennta- og starfsþróunarseturs ríkislög- reglustjóra.

Hann segir að núna, með áhættumatinu, sé ekki aðeins metin forgangsröðun rannsókna, heldur líka hvort lögreglan hafi áhyggjur af því að viðkomandi brjóti af sér aftur eða að hann haldi áfram að brjóta af sér, án þess þó að taka afstöðu til sakleysis eða sektar.

Hann segir að þetta hjálpi einnig við rannsókn lögreglunnar.

„Þetta getur veitt rannsóknarlög- reglumönnum innsýn í það hvernig sakborningur og brotapolí komust í samband, hvernig dýnamíkin var og hvaða aðferðum var beitt við að til dæmis normalisera kynferðislegt ofbeldi," segir Ólafur, og að það hjálpi rannsóknarlög- reglumönnum að skilja betur eðli kynferðisbrota.



Lögreglan hefur vanalega tvö verk, að rann- saka meinta glæpi en hitt er í raun að halda friðinn.

Stephen D. Hart

að sinna þessu samhlíða rann- sóknunum, því þannig sjái þeir í verki hvernig þeir eru að vernda fólk fyrir glæpum.

„Að koma í veg fyrir glæp er miklu meira gefandi en að ná einhverjum sem er þegar búinn að fremja glæp.“

Spurður hvort að lögreglan á Íslandi sé vel í stakk búin til að inn- leiða áhættumatið segir Stephen að hann telji ekki mikið vanta upp á.

Þjóða gerendum í úrræði

„Ísland er að mörgu leyti eins og Kan- ada, það er stórt lítið land, þannig að fjöldi fólks miðað við stærð landsins er lítill og það er kostur, því þetta snýst ekki endilega um að vera með marga lögreglumenn, þetta snýst um að þeir sem eru til staðar vinni á gáfulegan hátt.“

Hann segir að hluti af áhættumat- inu sé að bera kennsl á þá sem geti stafað af hættu og svo að þjóða þeim

úrræði sem geti aðstoðað þá við að hætta að beita ofbeldi eða koma í veg fyrir að þeir beiti því.

Vinnustofan sem fór fram í síð- ustu viku var eins konar prufa á því sem er búið að þróa síðasta árið og næsta skref er að koma áhættumat- inu í notkun og svo eftir einhvern tíma verður metið hvort það þurfi að aðlaga það frekar íslenskum aðstæðum.

„Það var gott að sjá að lög- reglan hér leggur áherslu á öryggi almennra borgara, en ekki bara handtökutíðni. Það er erfitt fyrir lögregluna að breyta hugsunar- hætti sínum, en ég yrði ánægður ef enginn yrði handtekinn og glæpa- tíðnin væri engin. Eða ef það eru færri handteknir því það eru fáir að brjóta af sér. Það er gott að verja meiru í forvarnir því þá verður sam- félagið mögulega betra og borgar- arnir ánægðari.“ ■

ILVA

12. - 16. MAÍ

HELGARSPRENGJA

25%



RICHMOND Borðstofuborð Ø120cm. 89.900,- nú **67.425,-**
RICHMOND Sófaborð Ø90cm. 54.900,- nú **41.175,-**

30%



VOLANTI Horntungusófi - Opinn endi + 2ja sæta
H73 x B238 x L325cm. 599.900,- nú **419.930,-**

25%



RICHMOND Skenkur m/ 3 hurðum
119.900,- nú **89.925,-**

20%



TIMON Borðstofustóll
8.900,- nú **7.120,-**

30%



RETINA Skemill, ýmsir litir
19.900,- nú **13.930,-**

20%



RAW Skurðarbretti í úrvali

20%



DESDEMONA Sængurver
9.995,- nú **7.996,-**

25%



RICHMOND Skrifborð
79.900,- nú **59.925,-**

20%



VETRO Borðstofustóll, fæst í nokkrum litum
39.900,- nú **31.920,-**

30%



CALVI 3ja sæta sófi
H66 x D88 x L249cm. 174.900,- nú **122.430,-**

30%



ABSALON 3ja sæta sófi, H84 x B83 x L206cm
229.900,- nú **160.930,-**



ABSALON 2ja sæta sófi, H84 x B83 x L147cm
199.900,- nú **139.930,-**

30%



BORGIO Hornsófi H66 x B249 x L249cm
289.900,- nú **202.903,-**



CALVI Hornsófi
289.900,- nú **202.930**

VILTU FÁ GARÐSÓFANN SENDAN?

FAST SENDINGARGJALD
8.900 KR. Í RVK OG INNANBÆJAR Á AK
15.000 KR. Á AÐRA LANDSHLUTA



ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18


ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
 INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND




 Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Hörður Jóhannsson
 Krossmóa 5,
 lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
 mánudaginn 9. maí.
 Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju
 föstudaginn 20. maí klukkan 13.00.
Ragnheiður S. Ragnarsdóttir
 börn, tengdabörn og barnabörn.




 Okkar ástkæri
Róbert Rafn Óðinsson
 lést þriðjudaginn 10. maí.
 Útförin verður auglýst síðar.
Ólöf Arna Gunnlaugsdóttir
Óðinn Már Jónsson
Svava Rut Óðinsdóttir
Óttar Kolbeinsson Proppé

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT



Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Meirgæmi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar





 ÚTFARARSTOFA
 REYKJAVÍKUR
 Álfrheimum 35, 104 Reykjavík
 Sími 553 5353 og 821 5353
 www.usr.is
 isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
 Útfararstjóri Útfararþjónusta
 Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað





Sverrir Einarsson S: 896 8242
 Jóhanna Eiríksdóttir
 Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár




Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Karl James Pestka og Valgeir Sigurðsson leiða gesti um Synthabælið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Synthabæli í Grófinni

Hljóðgervlinum verður fagnað í Synthabæli í Borgarbókasafninu í Grófinni í dag. Þar gefst gestum kostur á að kynna hljóðfærinu í fjölbreyttri birtingarmynd sinni.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag fer fram svokölluð Hljóðgervlamessa eða Synthabæli í Borgarbókasafninu í Grófinni. Viðburðurinn er haldinn í tilefni þess að alþjóðlegi hljóðgervladagurinn er handan við hornið, en sá dagur er miðaður við afmæli Roberts Moog sem bjó til fyrsta nútímahljóðgervilinn.


„Þetta hittir ekki alveg á afmælisdag Moogs en við reyndum að hafa þetta á svipuðum tíma. Við verðum með tíu til tólf sýnendur sem koma úr mismunandi hornum í tónlistarsenunni,“ segir Karl James Pestka, verkefnastjóri verkstæða Borgarbókasafnsins. „Það verða líka einhverjir þarna sem hafa verið að fíka í hljóðgervlum heima hjá sér og jafnvel búa til sína eigin.“

Á messunni verður gestum og gangandi boðið að kynna sér og prófa allskyns hljóðgervla sem tónlistarfólkið stillir upp. Meðal þátttakenda verða Steinunn Eldflaug Harðardóttir (dj, flugvél og geimskip), Hljóðfærahúsið, Hákon Bragason, Hekla Magnúsdóttir, Hallmar Gauti Halldórsson og Atli Már Þorvaldsson (Orang Volante og Intelligent Instruments Lab.).

Allir fá að prófa

Að sögn Karls James er með viðburðinum verið að fagna hinum mörgu kostum hljóðfærisins, meðal annars hve aðgengilegur hljóðgervillinn er.

„Moog gerði þetta að pakka sem fólk gat tekið heim með sér og tók ekki hálf herbergi,“ segir Karl James. „Andinn sem við erum að reyna að skapa hérna er að allir eiga að fá aðgengi að svona tækni. Þótt þú leggir þetta ekki fyrir þig þá áttu



Það verða fjölbreyttir gervlar til sýnis á messunni.

MYND/ÁSEND

Hljóðgervill Moog

Robert Moog var bandarískur eðlisverkfræðingur sem er hvað þekktastur fyrir að hafa fundið upp hinn svokallaða Moog-tóngervil (e. synthesizer) sem kom á markaðinn árið 1964. Fram til þess tíma höfðu hljóðgervlar verið flóknir og fyrirferðarmiklir en Moog tókst að gera þá meðfærilega og aðgengilega almenningi.

Moog var sparsamur á einkaleyfi og hefði eflaust getað orðið gríðarlega ríkur ef hann hefði fest einkaleyfi á öllum nýjungum sínum. Fyrir vikið var aðgengileiki hljóðgervilsins undirstaðan fyrir byltingu í tónlistarheiminum og líta margir svo á að uppfinningar Moog hafi verið mólandi fyrir popptónlist síðari tíma.



Andinn sem við erum að reyna að skapa hérna er að allir eiga að fá aðgengi að svona tækni.

að geta prófað það og prófað eitthvað sem er nýtt með fjölskyldunni.“

Karl James segir messuna ætlaða byrjendum og lengra komnum.

„Það kom fullt af krökkum hérna síðast sem höfðu mjög gaman af þessu. Hekla Magnúsdóttir kom með þerminnið sitt sem vakti mikla lukku, enda kemur úr því svo skemmtilegt hljóð.“

Dyr Synthabælisins opna kl. 13 og stendur messan yfir til kl. 16. ■




 Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Ingólfsdóttir
 lést á Hjúkrunarheimilinu Eir
 mánudaginn 9. maí.
 Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
 fimmtudaginn 19. maí klukkan 13.
 Streymt verður frá útförinni: <https://www.youtube.com/channel/UCLoNRDNgA4a6tglEywDCCw>

Margrét Sigurðardóttir
Ingólfur Björn Sigurðsson
Örn Bragi Sigurðsson
Baldur Sigurðsson
Þorgeir Björnsson
Árný Inga Pálsdóttir
 og fjölskyldur.




 Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Þorvarður Brynjólfsson
 lækni,
 lést á Hrafnistu í Reykjavík
 laugardaginn 7. maí.
 Útförin fer fram frá Lindakirkju
 fimmtudaginn 19. maí klukkan 15.
 Innilegar þakkar fyrir góða umönnun til starfsfólks
 Sólteigs á Hrafnistu.

Brynjólfur Þorvarðarson
Stefanía María Dóruddóttir
Ragnheiður Á. Þorvarðardóttir
Skúli Dór Þorvarðarson
Malcolm Biggart
Þórunn Guðjónsdóttir
Veronica Thorvardarson
 og barnabörn.

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 14.-15. maí

Nauta-
pipar-
steikur

3.299 kr/kg

5.499 kr/kg

FERSKLEIPI
KJÖTBANKINN
FAGMENNSKA

40%



30%

Ferskjur
500 g

335 kr/pk

479 kr/pk



24%

Lambahryggur,
grillsagaður

2.659 kr/kg

3.499 kr/kg



STJÖRNU
GRIS

30%

Brönstvenna,
pýlsur og beikon

1.329 kr/pk

1.899 kr/pk



GODI

40%

Pítubuff
með brauðum, 6x60 g

1.379 kr/pk

2.299 kr/pk



40%

Gulrótarbrauð
úr súrdeigi, 550 g

419 kr/stk

699 kr/stk



Heilsuvara
vikunnar

MUNA
HIMNESK HÖLLUSTA

25%

Maískökur með
karamelluhjúp, 100 g

239 kr/pk

319 kr/pk



Sigraðu
innkaupin
og fáðu
betra verð
á matvöru
með
Samkaupa
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Hilberg Sigurðsson
frá Stykkishólmi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða Akranesi, þriðjudaginn 26. apríl. Útför hans fór fram föstudaginn 6. maí frá Akranes Kirkju, með nánustu fjölskyldu og vinum. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og góða umönnun.

Steinar Jónsson
Elin Jónsdóttir
Valborg Jónsdóttir
Sævar Jónsson
Sjöfn Jónsdóttir
Guðmundur H. Jónsson

Ragnheiður J. W. Hilmarsdóttir
Hörður Hjartarson
Magni Rúnar Þorvaldsson
Gerður Helga Helgadóttir
Kristján Eysteinn Harðarson
Karólína Einarsdóttir
afabörnin og langafabörnin.



Faðir okkar,
Sigurberg Hraunar Daniélsson
Hrafnistu Hafnarfirði,
áður til heimilis að Dynsölum 4,
Kópavogi,

lést fimmtudaginn 7. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðmundur G. Sigurbergsson
Kristján D. Sigurbergsson
Ingibjörn Sigurbergsson
Laufey Sigurbergsdóttir

Laufey Karlsdóttir
Ásthildur G. Guðlaugsdóttir
Guðrún Þóra Björnsdóttir
Einar Gunnar Þórisson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, vinkonu, ömmu og langömmu,

Eddu Laufeyjar Pálsdóttir

Fródengi 1, Reykjavík,
áður Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn.

Laufey Elfa Svansdóttir
Páll Kristján Svansson
Guðrún I. Svansdóttir
Árni Vilhjálmsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Tor Ulset
Kristin Berglind Kristjánsdóttir
Bjarni Jónsson



Okkar ástkæra
María Jóhannsdóttir

áður til heimilis að

Þingvallastræti 27, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu

Lögmannshlíð 4. maí sl.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju,

föstudaginn 20. maí kl. 13.

Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast Maríu er bent á Alzheimersamtökin.

Arna Borg Einarsson
Birkir Einarsson
Eydís Einarsson

Helgi Magnússon
Anna Sýlvía Sigmundsdóttir
Stefán Viðar Finnsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
amma og langamma,
Ingibjörg Vigfúsdóttir

frá Kirkjubóli í Vaðlavík,
lést á heimili sínu, Safamáryri 53
í Reykjavík, mánudaginn 9. maí.

Baldur Davíðsson
Davíð Baldursson
Kristín S. Baldursdóttir
Vigfús Baldursson
barnabörn og barnabarnabarn



Elskulegur bróðir minn
og frændi okkar,
Tómas Högni Jón Sigurðsson

Reykjavíkurvegi 52a, Hafnarfirði,
lést 3. maí.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
þriðjudaginn 17. maí kl. 13.

Hermann Sigurðsson
Ragnhildur Stefánsdóttir
Ingibjörg Sif Stefánsdóttir

Þetta gerðist 14. maí 1998

Frank Sinatra lést

Francis Albert Sinatra fæddist þann 12. desember í New Jersey. Hann lagði strax fyrir sig söng sem unglingur en lærði tónlist eftir eyranu og lærði aldrei að lesa nótur. Sinatra kom fram sem hluti af nokkrum hljómsveitum áður en hann ákvað þritugur að hann vildi hefja sólóferil sinn, en hann langaði að keppa við Bing Crosby.

Sinatra varð einn af vinsælustu skemmtikröftum tuttugustu aldarinnar en tónlistarferill hans sprakk út á fimmta áratugnum. Þekktustu lög hans eru Fly Me To The Moon, New York, New York og That's Life. Sinatra var ekki einungis vinsæll tónlistarmaður heldur líka farsæll kvikmyndaleikari og naut mikillar hylli fyrir leik sinn í The Man with the Golden Arm og The Manchurian Candidate.

Þá var Frank líka með puttana í pólitíkinni og vingaðist við fjölda Bandaríkjaforseta. Síðar meir komu fram áskanir sem ýjuðu að því að Sinatra hefði byggt frægð sína á tengslum við skipulagða glæpastarfsemi.

Síðustu tónleikar Sinatra fóru fram í Kaliforníu 1995. Hann lést úr hjartaáfalli þann 14. maí 1998 á sjúkrahúsi í Los Angeles, 82 ára að aldri.



Frank Sinatra, einn af vinsælustu skemmtikröftum tuttugustu aldar.



Konan mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Kristjana Kristjánsdóttir
hjúkrunarfræðingur,

lést 7. maí á Sjúkrahúsi Akraness.

Útför hennar verður gerð frá

Akranes Kirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 14.

Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akraness.

Hlekkur á streymi verður á mbl.is/andlat.

Stefán Magnússon

Gauti Stefánsson
Brynhildur Stefánsdóttir
Bjarni Stefánsson

Rebekka Blöndal
Daniel Ottesen

og barnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Gísli Guðmundsson
yfirlögregluþjónn,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 1. maí.

Útför hans fer fram frá Frikirkjunni
í Reykjavík þriðjudaginn 17. maí kl. 13.

Margrét Árnadóttir

Guðmundur Kr. Gíslason
Soffía M. Gísladóttir

Svanhildur Steingrimsdóttir
Ragnar Magnússon

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Arnoddur Þorgeir Tyrfingsson

Pósthússtræti 1, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum,
þriðjudaginn 10. maí. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn, 18. maí kl. 13.00.

Arnheiður Magnúsdóttir
Elisabet Arnoddsdóttir
Erla Arnoddsdóttir
Jón Ármann Arnoddsdóttir

Jóhann Þór Hopkins
Magnús Ársælsson
Vilhjálmur N. Ingvarsson
Svanhildur Leifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýju við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Eva Þórðardóttir

sjúkraliða,
hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, áður til heimilis í Sæviðarsundi 16, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Höfða, Akranesi, fyrir einstaka umönnun.

Margrét Magnúsdóttir
Þórunn Magnússon
Olga Magnúsdóttir
Þórdís Guðný Magnúsdóttir

Marinó Þór Tryggvason
Helgi Ómar Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærs eigenmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,
Sveins Aðalbergssonar

er lést 26. apríl og var jarðsunginn 5. maí sl.

Ásta María Gunnarsdóttir
Sigríður Helga Sveinsdóttir
Víktor Heiðdal Sveinsson
Aðalbergur Sveinsson
Íðunn Brynja Sveinsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Ívar S. Þorsteinsson

Hryggjarseli 3, Reykjavík,
lést miðvikudaginn 11. maí.

Sesselja Þórðardóttir

Þórður Ívarsson
Eyþór Ívarsson
Sóley Þórðardóttir
Saga Eyþórsdóttir

Þorbjörg Ólafsdóttir
Ásta Axelsdóttir
Sesselja Þórðardóttir
Eydís Þula Eyþórsdóttir

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

JEEP® WRANGLER RUBICON 4Xe

4X^e
PLUG-IN HYBRID

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAFHLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID



NÝ ÆVINTÝRI MEÐ JEEP® WRANGLER

Jeep® Wrangler Rubicon, goðsögnin rafmagnaða, hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður.

Þessi kraftmikli jeppi er nú fáanlegur sem Plug-In Hybrid með einstökum drifbúnaði og hlaðinn tækninýjungum. Alvöru fjórhjóladrif fyrir ferðir sem krefjast alvöru jeppa.

EIGUM BÍLA TIL
AFHENDINGAR STRAX!

Bjóðum upp á 35", 37"
og 40" breytingar

 ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





CARETTA FERÐAVAGN - FERÐAFÉLAGI ÁRSINS!



TRYGGÐU ÞÉR CARETTU Á TILBOÐSVERÐI EIGUM NOKKRAR TIL AFGREIÐSLU Í JÚNÍ!



CARETTA 1500 kr.2.789.900

Webasto miðstöð, fortjald, þakgluggi, kælibox o.fl. innifalið.


CARETTA OFF ROAD kr.3.798.900

Webasto miðstöð, fortjald, þakgluggi, kælibox, þakgrind o.fl. innifalið.

Nánari upplýsingar: sportis@sportis.is og í síma 520-1000

SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍs



SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Laugardagur

Hringbraut

- 18.30 Leikskólar (e)** Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
- 19.30 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að ár-bakkannum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
- 20.00 Bióbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Leikskólar (e)** Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
- 21.00 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.05 SmáRÚV**
07.06 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.20 Frímó
09.45 Húllumhæ
10.00 Hvað getum við gert? Ungt fólk og loftslagsmál.
10.05 Myndavélar
10.15 Skapalón
10.30 Á tali í Tórinó
11.00 Upp til agna
12.00 Ungu Ísland 1990-2000.
12.30 Sirkussjómennirnir
13.00 Taka tvö II Þorfinnur Guðnason.
13.50 Hið sæta sumarlíf
14.00 Vestfirðir - Flateyri Veislan.
14.30 Draumahúsið
15.10 Ég vil vera skritin!
16.25 Hljómskálinn
17.00 MótorsportTorfæra á Hellu
17.30 Soð í Dýrafirði Svalvogaviti.
17.45 KrakkaRÚV
17.46 Allt um dýrin
18.10 Reikistjórnurnar. Á tókustað The Planets. Making Of
18.20 Fréttir
18.40 Íþróttir
18.45 Veður
18.52 Lottó
19.00 Eurovision 2022 Bein útsending frá úrslitum Eurovision í Tórinó.
22.00 Sveitarstjórnarkosningar 2022. Kosningavaka RÚV verður á ferðinni um land allt á kosninganótt. Nýjustu tölur verða birtar um leið og þær berast, rætt við gesti og gangandi, stjórn-málaleiðtoga, fréttaskýr- endur og áhugafólk um stjórnmál.
05.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil**
13.45 Dr. Phil
14.30 PEN15
15.00 The Block
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Brúðkaupið mitt Brúðkaupið mitt er framhald af hinni geysivinsælu þáttaröð Jarðarförin mín. Benedikt stefnir á að giftast séra Ólöfu.
18.15 When Harry Met Sally... Rómantísk gamanmynd frá 1989 með Meg Ryan og Billy Crystal í aðalhlutverkum. Harry og Sally hafa þekkt í mörg ár og eru nánir vinir en óttast að kynlíf muni eyðileggja vináttuna.
19.50 Almost Friends Kvikmynd frá 2016. Charlie er 25 ára maður sem býr enn í foreldrahúsum og virðist algjörlega metnaðarlaus hvað framtíðina varðar og vinnur fyrir sér í miðasölu í kvikmyndahúsi.
21.30 The English Patient Myndin gerist í byrjun fjórða áratugar 20. aldarinnar og segir söguna af greifanum Almásy. Hann er ungverskur kortagerðarmaður sem the Royal Geographical Society ræður í vinnu til að gera kort af viðáttum Sahara-eyðimerkurinnar.
00.15 Blind
01.55 Case 39
03.40 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
11.40 Impractical Jokers
12.20 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.10 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
14.55 The Goldbergs
15.15 Kórar Íslands
16.25 Backyard Envy
17.15 Skítamix
17.45 Fyrsta blikið
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Top 20 Funniest
19.45 Big Miracle
21.25 Promising Young Woman
23.20 Blood Money
00.40 Under the Silver Lake
02.55 Hunter Street
03.20 Impractical Jokers
04.00 Jamie & Jimmy's Food Fight Club

Sunnudagur

Hringbraut

- 18.30 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)
- 19.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. (e)
- 19.30 Orkuveitan - Hluti af lausninni** Þáttur frá ársfundi OR 2022 í gamla Rafveituheimilinu við Elliðaár. Í umsjón Elinar Hirst.
- 20.30 Matur og heimili (e)**
21.00 Stjórnandinn með Jóni G. Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
10.00 Sóttbarnalög Hljómskálans
10.30 Ofurheilar - Svefnleysi
11.00 Silfríð
12.00 Sveitarstjórnarkosningar 2022. Aukafréttatími Aukafréttatími vegna niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga.
12.20 Norskir tónar
13.25 Borða, rækta, elska
14.20 Símfó í Japan
15.00 Ísland: bíóland Löng fæðing
16.00 Sýning sýninganna
17.15 Aldrei of seint
17.55 Tónatal - brot Valdimar - Earthquake
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Frímó
18.25 Heilabrot
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Örlæti Smjörbrekka - Ingólfsfjall
20.35 Veislan Suðurland - Traustholtshólmi
21.10 Vitjanir Dansa þau vikivaka
22.05 Í leit að ást The Pursuit of Love Bresk, leikin þáttaröð í þremur hlutum sem gerist fyrir seinni heimsstyrjöld og segir frá frænkunum og bestu vinkonunum Lindu og Fanny sem eru helteknar af hugmyndum um ást og hjónaband. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 Gómorra Gómorrah
23.45 Nærmyndir - Hönd Guðs Talking Heads. The Hand of God
00.15 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 11.00 Dr. Phil**
11.45 The Block
12:55 West Ham - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 A Million Little Things
18.25 Heil og sæl?
19.00 Sögur sem breyta heiminum
19.15 Ræktum garðinn
19.30 Young Rock
20.00 Brúðkaupið mitt
20.35 This Is Us
21.25 Law and Order. Special Victims Unit
22.15 Billions
23.15 Dexter. New Blood
00.15 Strange Angel
01.15 The Rookie
02.00 FBI. International
02.50 Blue Bloods
03.35 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
11.35 30 Rock
12.00 Hádegisfréttir Stöðvar 2
12.20 Nágrannar
13.40 Nágrannar
14.05 30 Rock
14.25 Race Across the World
15.30 Family Law
16.15 Britain's Got Talent
17.20 Okkar eigið Ísland
17.40 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Umræður um kosningar Heimur Már Pétursson fer yfir úrslit kosninganna og ræðir við fulltrúa framboða.
19.20 Skítamix
19.50 The Heart Guy
20.35 Silent Witness Breskir saka-málabættir af allra bestu gerð frá BBC sem fjalla um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar morð hafa verið framin. Nikki Alexander og samstarfsfólk hennar eru öll afar fær á sínu sviði og láta sönnunargögnin á líkinu leiða sig að sannleikanum.
21.30 Grantchester
22.20 Hotel Portofino
23.15 Tell Me Your Secrets
00.00 The Blacklist
00.40 Shameless
01.35 Are You Afraid of the Dark?
02.20 Top 20 Funniest
03.05 Race Across the World
04.10 Family Law

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Draugasögur** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu fyrir handan.
- 19.30 Undir Yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Leikskólar** Þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
21.00 X 22 (e)



Systurnar og aðdáendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Júrókosningakvöld

Íslendingar ganga til kosninga í dag og velja sveitarstjórnir til næstu fjögurra ára. Ríkissjónvarpið verður með kosningavöku frá klukkan 21.50 og má búast við spennandi nótt.



Ríkissjónvarpið verður með kosningavöku frá klukkan 21.50.

Sumir verða þó eflaust enn spennari fyrir næsta dagskrárlíð á undan því klukkan 19.00 hefst Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Þá stíga á svið hinar ástsælu Systur sem hafa færst upp á listum veðbanka á síðustu dögum og syngja lagið Með hækkandi sól. ■

■ Við tækið

Váboði á VHS



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is

Góðar hrollvekjur eru sárasjaldgæfar og hafa hryllingsunnendur í gegnum tíðina lært að setta sig við sæmilega unninn óhugnað. Það kemur þess vegna alltaf skemmtilega á óvart þegar gott hryllingsefni dukkar upp.

Archive 81 á Netflix eru finir þættir. Þeir segja frá manni sem tekur að sér furðulegt verkefni við að lagfæra VHS-spólur sem skemmdust í bruna. Á spólunum er efni frá konu sem hvarf við gerð heimildarmyndar á tíunda áratugnum og við viðgerðirnar kemur ýmislegt óhuggulegt í ljós. Sögu-sviðið er þannig samsett af tveimur mismunandi tímabilum og birtast smám saman þræðir þar á milli.

Eins og vill svo oft vera byrja þættirnir þrusuvel en missa smám saman dampinn eftir því sem á



liður. Það gengur oft vel til að byggja upp óþægindatilfinningu en inni á milli koma asnalegar tæknibrellur sem grafa undan hryllingnum.

Archive 81 halda manni þó við efnid út í gegn og sögunni lýkur ágætlega. Þó er auðvitað passað að halda dyrunum opnum fyrir framhaldsseríu sem væri vel þess virði að tékka á ef Netflix hefði ekki aflýst þeim. Ojæja. ■

Myndgæðin á þessari græju eru svaka spúki.



SKÓLAR SEM EFLA
ÖLL BÖRN

Með Íslandi í liði

798
kr./pk.



Bláber
500 g

698
kr./pk.



Jarðarber
500 g

298
kr./pk.

Ísmolar
2 kg



459
kr./pk.



Áfengislaus drykkur

198
kr./stk.



330 ml

Stella áfengislaus

598
kr./pk.



100% íslenskt
2x 120 g


129
kr./pk.



2 stk. í pk.

398
kr./pk.

Súrdeigs
300 g





Fisker Pear er smávaxinn rafbill sem er smíðaður hjá Foxconn í Taiwan.

MYND/FISKER

Fisker sýnir mynd af borgarbílnum Pear

njall@frettabladid.is

Fisker hefur sýnt myndir af næsta rafbíl sínum sem kallast mun Pear, en það stendur fyrir Personal Electric Automotive Revolution. Billinn verður frumsýndur í Evrópu í lok mánaðarins en billinn fer í framleiðslu á næsta ári.

Myndirnar sýna bíl með stórum brettum og ljósarönd utan um bílinn en ljós og glampanði yfirborð fela

vel önnur útlitseinkenni. Bílnum er ætlað að keppa við bíla eins og Renault Zoe og Mini Electric og á Pear að sameina sportlega aksturs-eiginleika ásamt „sniðugum farangurslausnum“ eins og það er kallað.

Billinn verður hannaður af Foxconn í Taiwan sem frumsýndi nýlega tvo bíla á nýjum undirvagni, sem Pear gæti einnig notað. Framleiðsla bílsins mun fara fram í Ohio og verða 250.000 eintök smíðuð árlega. ■

VW endurvekur Scout jeppann sem rafbíl

njall@frettabladid.is

Volkswagen hefur tilkynnt að nýtt merki fyrir rafjeppa og pallbíla í Bandaríkjunum muni bera hið fornfræga Scout heiti. Myndir af bílnum sýna kassalaga útlit líkt og á Scout en með meira hjólhafi. Scout jeppinn mun ekki nota MEB undirvagn Volkswagen heldur mun nýr undirvagn vera í smíðum sem sérstaklega er ætlaður rafjeppum.

Scout jepparnir verða aðeins seldir á Ameríkumarkaði og er áætlað að hann kosti frá 40.000 dollurum sem er undir því verði sem Ford F-150 og Silverado pallbílar eru boðnir á.

Rafpallbílar í Bandaríkjunum eru nýjasta æðid en fleiri ætla að róa á þessi mið eins og Tesla, Rivian, GM og Hummer. Að sögn Volkswagen munu fyrstu bílarnir verða frum-



Mun meira hjólhaf þrýðir nýjan Scout rafjeppa sem frumsýndur verður á næsta ári. MYND/VW GROUP

sýndir á næsta ári en búast má við að þeir fari á markað árið 2026. Volkswagen tryggði sér Scout nafnið í fyrra en Scout jeppar voru í framleiðslu til 1980. ■



Hámarksvaðdýpt Range Rover Sport er uppgefin við 900 mm, en hvort íslenska gljúfrið hafi boðið upp á meira skal ósagt látið.

MYND/LAND ROVER

Range Rover Sport kynntur með íslensku myndbandi

Eins og venjulega notaði Range Rover óvenjulegar leiðir til að frumsýna sportjeppa sinn og að þessu sinni var nýja bílnum ekið upp Hafrahvammagljúfur á Íslandi.

njall@frettabladid.is

Range Rover frumsýndi í vikunni nýtt útlit Range Rover Sport með sérstöku kynningarmyndbandi á netinu. Þar sést ökuþórin Jessica Hawkins aka upp Hafrahvammagljúfur skömmu áður en Hálslón

fer á yfirfall og fyllir gljúfrið. Var Ísland efst á lista hjá Land Rover fyrir kynningarmyndbandið, en fyrri módel hafa til dæmis ekið 999 þrepum upp himnastigann á Tianmen fjalli í Kína.

Ekki er að sjá að billinn sé mikið breyttur frekar en stóri bróðir hans, en samt er um alveg nýjan bíl að ræða. Hjólhafið er 75 mm lengra en lengra fráfallshorn að aftan setur sportlegri svip á hann. Efri hluti bílsins er eins og einn gluggi, þaklinan aðeins afturhallandi og endar í stórrí vindskeið. Hurðarhandföng

falla inn í hurðirnar og díóðuljósín eru enn mjórri en áður. Stærstu felgurarnar sem hægt er að fá með bílnum eru 23 tommur. Billinn er á sama MLA Flex undirvagni og Range Rover og einnig verður kynnt rafútgáfa sem kemur þó ekki fyrr en 2024. Tvær tengiltvinnútgáfur verða í boði strax með allt að 503 hestafla og 700 Nm vélbúnaði, en þriggja lítra vélin með 38,2 kWst rafhlöðu getur komið bílnum í hundraðið á aðeins 5,4 sekúndum. Mildari tvinnútgáfur og öflugri V8 útgáfa verða einnig í boði og SVR útgáfa mun koma fjótlega. ■

VW og Skoda sýna útlínur nýrra bíla

njall@frettabladid.is

Rafbílur frá Skoda er væntanlegur árið 2025 ásamt hinum bílunum og verður með svipuðu lagi og Enyaq, til að mynda. Um svipaða stærð og Skoda Fabia er að ræða og kemur billinn þá á nýja MEB Entry undirvagninum. Billinn frá Volkswagen fær nafnið ID.1 og verður með sama undirvagni. Volkswagen billinn verður kúptari en Skoda smábíllinn sem er með kantadri línunum og meira að segja hjólaskálar eru með kassa-



Útlínur VW smábilsins eru mun mýkri en sambærilegs bíls frá Skoda.

MYNDIR/VW GROUP



lagi. Hjólin eru mjög utarlega sem þýðir að pláss er fyrir stærri rafhlöðu. Rafhlöður fyrir þessa bíla verða líklega framleiddar í nýrri

verksmiðju í Sagunto á Spáni, sem hefur framleiðslu árið 2023. Búast má við allavega 58 kWst rafhlöðu sem gefur allt að 450 km drægi. ■

Bílaréttingar án málningar

Gæðasprautun ehf
Sími: 557-1515

gspr.is

Tjónaskoðun - vinnum í samstarfi við tryggingafélögin



SJÓVÁ

TM



GÆÐASPRAUTUN og GÆÐARÉTTINGAR





Portugal Albufeira

Beint flug í maí og júní

sumar 2022



SPARAÐU 30.000 KR. Á MANN MEÐ AFSLÁTTARKÓÐANUM **PORTUGAL**

Takmarkað sætaframboð!

AÐEINS 60 SÆTI Í BOÐI

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!

Verð með afslætti
Flug & hótél frá
78.050

á mann



Fyrir 2
Flug & hótél frá
94.700

á mann



↓ VERÐDÆMI MEÐ AFSLÁTTARKÓÐA

Mirachoro Albufeira

HAGKVÆMT



29. maí í 9 nætur



Frá kr. 78.050 á mann

verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 94.700 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Clube Albufeira Garden Village

FJÖLSKYLDUVÆNT

STÓRAR ÍBÚÐIR



7. júní í 7 nætur



Frá kr. 87.775 á mann

verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 122.550 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Forte da Oura

FJÖLSKYLDUVÆNT

ÚRVAL AF ÍBÚÐUM



21. júní í 7 nætur



Frá kr. 94.750 á mann

verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 127.100 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

Heimsferðir



595 1000

www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu

Súper tilboð

Taktu Sumarvönd Blómavals með þér í Eurovision veisluna

Margar litasamsetningar

28%

4.990 kr
6.990 kr



20%

Stjúpur
10 stk. 10210630
1.990 kr
2.490 kr



Pallaolía, viðarvörn og pallahreinsir

20% afsláttur



JOTUN
Trebitt
pallaolía
3ja ára ending



Laugardag og sunnudag
Ráðgjöf í Skútuvoði
Lára Jónsdóttir veitir ráðgjöf um eyðingu mosa í grasflöt, trjáklippingar o.fl. kl. 13-17



AL-KO
20% afsláttur
af AL-KO og Texas sláttuvélum

20" reiðhjól
Hentar fyrir 115-135 cm hæð



AUTHOR
Barnareiðhjól 20" Energy
Grind: 9" grind úr álblöndu. Skipting: 6 gíra (Shimano) Dekk: 20" x 1,50".
Þyngd: 10,6 kg. 3901788
39.890 kr



25%

Bergen
Rafmagnsnuddpottur
4 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur. 180x70 cm, vatnsmagn 700 lítrar, þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 38°, 118 stútar, þriggja prepa nuddstillingar. 8089108
89.990 kr
119.990 kr



Nilfisk
20% afsláttur
af Nilfisk háþrýstidælum



15%

NEXGRILL
Gasgrill Classic 3B
Grillflötur: 62,2 x 43,4 cm, 3ja brennara grill með hliðarhellu. Afl er 14,35 kW, stærð: 118,2 x 124,5 x 61,5 cm. 3002011
57.790 kr
67.990 kr



15%

NEXGRILL
Gasgrill Evolution 4B
Grillflötur: 68,1 x 43,8 cm með 4 ryðfríum brennurum, tilvaldar fyrir kjúkling og fisk, stærð: 116x129x57cm. 3000150
79.990 kr
94.990 kr



15%

OUTBACK
Gasgrill Tango
Grillflötur: 70 x 42 cm, afköst 12 kW, fjórir ryðfrír brennarar og hliðar-brennarahilla. 3000229
59.490 kr
69.990 kr



15%

OUTBACK
Gasgrill Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari. Emeluruð grillgrind, hliðarborð, neista-kveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw. 3000225
29.740 kr
34.990 kr



blómavali HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG



25%

cozze®

Pizzaofn 13"

Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum. Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur 034 cm pizzur. 3002400

35.240 kr
~~46.990~~ kr

Hoppum til sigurs

Trampólín 12 ft Durasport 3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampólíni er 150 kg. 3900557

47.990 kr

Eurovision

veisla í Húsasmiðjunni og Blómavali

Frábær kaup í Húsasmiðjunni

15%

OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhella, afköst 12,4 kW, hliðarhella 3,1 kW. 3000390

42.490 kr
~~49.990~~ kr



Nýtt Eurovision blað er komið út
Skoðu á husa.is



Ný verk frumflutt

kolbrunb@frettabladid.is

Í dag, laugardaginn 14. maí, verða flutt verk Ásbjargar Jónsdóttur á vegum 15:15 tónleikasyrpu á Breiðholtskirkju með yfirskriftinni Úr augum þér fiðrildi fljúga.



Ásbjörg Jónsdóttir, tónskáld



Á tónleikunum verða frumflutt þrjú ný verk eftir Ásbjörgu samin við ljóð eftir Ingi-björgu Haraldsdóttur og Gerði Kristnýju.



Gerður Kristný Guðjónsdóttir, rithöfundur

Á tónleikunum verða frumflutt þrjú ný verk eftir Ásbjörgu samin við ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur og Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur. Verkin eru fyrir rödd, saxófón og harmóniku. Flytjendur voru hluti af sköpunarferli og var efniviður meðal annars unninn út frá þeirra túlkun og upplifun af ljóðunum í bland við upplifun tónskáldsins.

Á tónleikunum verða einnig flutt tvö eldri verk Ásbjargar fyrir harmóniku og saxófón sem einnig voru samin út frá ljóðum, en það eru ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum og Þórarin Eldjárn.

Flytjendur á tónleikunum eru Ásta Soffía Þorgeirsdóttir harmónikuleikari, Heiða Árnadóttir söngkona og Sölvi Kolbeinsson saxófónleikari. ■



Eitt aðalverkið á sýningunni er prentverk sem birtist sem forsiðumynd Fréttablaðsins 9. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Víkkar sýninguna út í almenningsrýmið

Listamaðurinn Katrín Agnes Klar sýnir verk sín í Harbinger. Fréttablaðið tók þátt í sýningunni með birtingu forsiðumyndar eftir Katrínu í síðustu viku.

tsh@frettabladid.is

Katrín Agnes Klar opnaði einkasýninguna Myndir í galleríinu Harbinger um síðustu helgi. Sýningin samanstendur af prentverkum og ljósmyndverkum og í sýningar-texta kemur fram að í verkum sínum skoði Katrín Agnes „birtingarmyndir náttúrunnar í samhengi við mainstream myndmenningu samtímans“.

Á einum sýningarveggnum í Harbinger má sjá nokkur prentverk sem eru prentuð með svokallaðri UV prentaðferð á viðarplötur. Grunnurinn að þessum verkum eru ljósmyndir af himninum sem Katrín tók og þegar þær eru prentaðar á plötturnar myndast áferð eins og á málverki.

„Ég byrjaði að vinna með þessa tækni sem er notuð til að prenta auglýsingaskilti, fyrir nokkrum árum fyrir sýningu í Nýlistasafninu. Ég er að leika mér með eiginleika málverks og upphengingin sem vitnar í salón stíl undirstrikar það. Himinninn verður að litarymi og stafrænn prentari að málaraferð færi,“ segir Katrín Agnes.

Þrátt fyrir að um prentverk sé að ræða útfærir Katrín hverja mynd í einstöku upplagi og segir að hvert eintak sé þar að auki einstakt vegna þess að áferðin á viðnum sem notaður er sem undirlag er alltaf mismunandi og setur sitt einkenni á verkin.

Fréttablaðið á sýningunni

Eitt aðalverkið á sýningunni er prentverk sem ber titilinn Mynd og birtist sem forsiðumynd Fréttablaðsins föstudaginn 6. maí. Það verk samanstendur af einni pensilstroku sem er gerð með myndvinnsluforritinu Photoshop og er í sama bláa lit og einkennislitur blaðsins.

„Fréttablaðsforsíðuna mætti kalla lykilverk þessarar sýningar og ég lít á alla forsiðu prentútgáfunnar sem verkið. Verkin mynda eins konar ping-pong. Fréttablaðsforsíðan er í samtali við prentin á viðarplöt-



Katrín Agnes notar list sína til að víkka sýningarrýmið út í almenningsrýmið.



Fréttablaðsforsíðuna mætti kalla lykilverk þessarar sýningar og ég lít á alla forsiðu prentútgáfunnar sem verkið.

Hér náttúrlega er himinninn aftur endurtekinn. Þetta tengist allt en eru þó sjálfstæð verk,“ segir hún.

Flest enda í sorpinu

Í list sinni víkkar Katrín Agnes gjarnan sýningarrýmið út í almenningsrýmið. Verkið sem birt var á forsiðu Fréttablaðsins endurspeglar þetta einkar vel en því var dreift ókeypis til allra lesenda Fréttablaðsins auk þess sem það hangir í miðju sýningarrýmis Harbinger.

„Ég hef eiginlega gert það frá því ég var í listaháskóla. Kannski er það líka einhvers konar ping-pong að gera myndlistina aðgengilega almenningi. Sem er að sjálfsögðu ekki ný hugmynd en það er eitt-hvað sem ég hef áhuga á. Svo er ég að vinna með miðla sem tengjast hversdagslegu umhverfi, fjölmiðla, auglýsingarými og auglýsingatækni,“ segir Katrín Agnes.

Ertu búin að fá mikil viðbrögð við Fréttablaðsforsíðunni?

„Já, ég fékk eiginlega bara mjög jákvæð og skemmtileg viðbrögð. Ég auglýsti verkefnið ekkert og það voru margir sem fengu þetta bara um morguninn og fóru að skoða hvað þetta væri. Það væri spennandi að vita hvað verður eftir af þessum fjölda eintaka, flest munu enda í sorpi eins og hver önnur útgáfa og einhver verða geymd – við fáum náttúrlega aldrei að vita það.“ ■

VIDREISN

GEIR - 4. SÆTI

**MEIRA VAL
MEIRA FRELSI**

Stökktu Kritt

23. maí í 10 nætur

Frábært verð!
Flug & hótél frá
99.990 á mann

Fyrir 2
Flug & hótél frá
114.900 á mann

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
táska og handfarangur
innifalið.

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Bach, Busch og Björn

kolbrunb@frettabladid.is

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar býður, í samstarfi við Safn RÚV, til Bach-hátíðar í safninu á Laugarnesi næstkomandi þrjá sunnudaga, 15., 22., og 29. maí, klukkan 17. Þá gefst áheyrendum kostur á að hlýða á sjaldhýrðar upptök með leik Björns Ólafssonar konsertmeistara og þýska fiðlusnillingsins Adolfs Busch ásamt kammersveit. Upptök þessar eru úr fórum Ríkisútvarpsins og hefur Hreinn Valdimarsson yfirfært þær á staf-rænt form og hljóðhreinnað. Hlýtt verður á upptökurnar úr hljóðkerfi frá Stúdíó Sýrlandi. Hlíf Sigurjónsdóttir kynnis.

Á fyrstu tónleikunum, 15. maí, verða endurteknir tónleikar sem haldnir voru í Trípólí bíói fyrstu dagana í september 1945, þar sem Adolf Bush lék einleik með íslenskri kammersveit. Hlíf Sigurjónsdóttir fjallar um áhrif heimsóknar Adolfs Busch til Íslands á Björn Ólafsson.

Á síðari tónleikunum verða fluttar hljóðritanir Björns Ólafssonar á fimm fiðlueinleiksverkum Johanns Sebastian Bach sem hann hljóðritaði í Útvarpshúsinu á Skúlagötu á árunum 1959-1961. ■



Bach-hátíð verður í Listasafni Sigurjóns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Johann Sebastian Bach




Hlýtt verður á upptökurnar úr hljóðkerfi frá Stúdíó Sýrlandi. Hlíf Sigurjónsdóttir kynnis.

Nýtt landslag

kolbrunb@frettabladid.is

Ohmscape, sýning eftir Þorstein Eyfjörð, er í STAK, Hverfisgötu 32, og stendur til 30. maí.

Sýningin samanstendur af seríu nýrra verka sem eru öll unnin út frá hljódupptökum af íslenskri náttúru úr safni Magnúsar Bergssonar. Á sýningunni má finna fjögur heildræn verk í formi hljóðinnsetningar og verka á pappír sem hvetja áhorfendur til að skoða landslag út frá hljóði og virkja hlustun til myndlesturs. Verkin notast við hljóðræna eiginleika til skrásetningar á tíma



Þorsteinn Eyfjörð sýnir á Hverfisgötu. MYND/ÞSEND

og rými, en hljóðin eru einnig nýtt sem efniviður að tónverki. Upptökurnar eru að sama skapi grunnur að nýju landslagi, þar sem hljóðvist staða í tímans rás er byggingarefnið.

Magnús Bergsson (f. 1961) hefur safnað umhverfisupptökum í marga áratugi og skrásett íslenskt landslag út frá hljóðrænum eiginleikum þess. Safn hans í dag stendur út af fyrir sig sem ein víðfeðmasta skrásetningin á hljóðum úr íslenskri náttúru.

Þorsteinn Eyfjörð Þórarinsson (f. 1995) er listamaður og tónskáld búsettur í Reykjavík. ■

20% afsláttur af laserlyftingu

Laser andlitslyfting styrkir húðina með því að örva nýmyndun kollagens og eykur teygjanleika með því að bæta elastín. Við það lyftist húðin, andlitslínur minnka og húðin verður fallegri.



Tryggðu þér tilboðið með því að bóka tíma á www.hudin.is eða síma 519-3223



Verið velkomin!



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að kostnaður við Braggann hafi farið hundruðum milljóna fram úr kostnaðaráætlun.

BRUÐL

Það er jú erfitt að reikna.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG



PAWEL - 2. SÆTI

ÞÉTT BYGGÐ BETRI HVERFI

Italia
Gardavatnið

21. ágúst í 7 nætur

SÉRFERÐ

7 nætur
Flug & hótél frá
279.900

Fararstjóri:
Ágústa eða Una

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Klipið í afturendann á hinu kyninu

TÓNLIST

Kórtónleikar

Carmina Burana eftir Carl Orff

Stjórnandi: Fjóra Kristín Nikulásdóttir

Einsöngvarar: Bryndís Guðjónsdóttir, Guðmundur Karl Eiríksson og Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Stjórnandi skólakórsins:

Álfheiður Björgvinsdóttir

Norðurljós í Hörpu
sunnudagur 8. maí

Jónas Sen

Í byrjuninni á Carmina Burana eftir Carl Orff syngur kórinn „O fortuna!“ sem er latína og þýðir „Ó, forsjón.“ Því miður hefur mörgum misheyrst í gegnum tíðina og haldið að kórinn væri að syngja „go for tuna“ eða „veljið túnfisk.“ Kórinn á tónleikunum í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn var þó ágætlega skýrmæltur og sennilega misskildi enginn neitt, sem betur fer.

Kórinn samanstóð af þremur hópum, Hljómfélaginu, Selkórnum og Skólakór Kársness, en sá síðastnefndi var reyndar í langminnsta hlutverkinu og kom bara fram undir lokin. Heilt gengi af slagverksleikurum spilaði og einnig tveir pianóleikarar. Herlegheitunum var svo stjórnað af Fjólu Kristínu Nikulásdóttur.

Munkarnir fengu nóg

Textinn í Carmina Burana er úr hluta af handritum frá þrettánda öld sem uppgötvuðust fyrir um tvö hundruð árum síðan í munkaklaustri í Benedikt-Beuren í Bæjaralandi. Þetta er samansafn ljóða fyrrverandi munkna sem höfðu fengið nóg af klausturlífnum og fóru út í heim að njóta lífsins og klípa í afturendann á hinu kyninu. Andrúmsloftið í tónlistinni er yfirleitt hressilegt og þrungið lífsgleði.

Segja má að þetta sé táknrænt fyrir þá tíma sem við lifum núna. Vissulega erum við ekki uppgjafamunkar, en engu að síður höfum



Fjóra Kristín stjórnaði öllu af smekkvísi, kunnáttu og fagmennsku.

MYND/GISSUR ORRI STEINARSSON

við verið í einangrun vegna Covid. Núna er maður eins og kálfur að vor: frelsið er dýrðlegt!

Smitandi söngleði

Gleðin var svo sannarlega til staðar í flutningnum í Hörpu. Kórinn var þó nokkra stund að komast í gang. Söngurinn var fremur stírdur í byrjun og sérstaklega voru karlarnir, þegar þeir sungu einir, dálítið drafandi. Það vantaði léttleika og snerpu í sönginn. Sömuleiðis voru konurnar heldur þungar á sér í sjöunda kaflanum, Hinn eðli skógur springur út, sem og víðar. Þetta lagadist þó allt er á leið, og síðari hlutinn var prýðilega sunginn af kórnum.

Skólakór Kársness var flottur, söngur hans var tær og bjartur, og í ágætu jafnvægi.

Misjafn einsöngur

Einsöngvarar voru þrír, en Guðmundur Karl Eiríksson bariton var í veigamesta hlutverkinu. Hann átti góða spretti en söngur hans var engu að síður nokkuð misjafn. Það vantaði fleiri liti í sönginn, hann var oft sviplítill. Sópransöngur Bryndísar Guðjónsdóttur

var sömuleiðis snyrtilegur en ekki sérlega gripandi; hann var ekki nógu safaríkur.

Helst má hæla tenórnum Þorsteini Frey Sigurðssyni fyrir frammistöðu sína í því sem er líklega vanþakklátasta tenórhlutverk tónbókmenntanna. Hann var þar í hlutverki svans sem verið var að steikja á teini og söng „æ, mig auman! Orðinn svartur og krauma af krafti“. Söngvarinn var skrækroma, söng stundum í falsettu. Þetta hefði getað hljómað eins og hann væri raddlaus, enda virtist hann fremur skömmustulegur á svipinn í upplappinu. Það var þó engin ástæða til; þvert á móti.

Hljómsveitin stóð sig með einðæmum vel, bæði slagverk og píanó. Styrkleikajafnvægi á milli hlóm-sveitar, kórs og einsöngvara var eins og best verður á kosið, og Fjóra Kristín stjórnaði öllu af smekkvísi, kunnáttu og fagmennsku. Þetta voru skemmtilegir tónleikar þrátt fyrir ýmsa vankanta, enda var tónlistarfólkinu ákaft fagnað. ■

NIÐURSTADA: Söngurinn var ekki alveg fullkominn, en samt var margt verulega vel gert.

AUÐVITAÐ ER EÐLILEGT...

...að frægur kvikmyndaleikstjóri fái gefins lóð í Gufunesinu.



Það er jú gaman að vera með þessum frægu.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG

1000 metra vatnshelt

Sif Nart 1948

Með hvítri skífu



SIF NART 1948
HVÍT SKÍFA MEÐ SVÖRTUM
SJÁLFLÝSANDI STÖFUM




GRUMMAN - GOOSE
FLUGBÁTUR LANDHELGÆSLUNAR
ÁRÍÐ 1948



GILBERT ÚRSMÍÐUR
FAGMAÐUR Í YFIR 50 ÁR

SIF NART 1948 ÚRÍÐ MEÐ HVÍTRI SKÍFU,
SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG
KEMUR MEÐ BRÚNNI EÐA SVARTRI
LEÐUR ÓL EN EINNIG ER HÆGT AÐ
FÁ ÞAÐ MEÐ STÁLKEÐJU. ÚRÍÐ ER
VATNSÞÉTT NIÐUR Á 1000 METRA
DÝPI OG VAR UPPRUNALEGA HANNAÐ
SÉRSTAKLEGA FYRIR FLUGDEILD
LANDHELGISGÆSLU ÍSLANDS.
ÚRÍÐ FÆST EINNIG MEÐ
SVARTRI EÐA BLÁRRI SKÍFU.



J.S. Watch co.
REYKJAVIK
WWW.JSWATCH.COM

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

■ Á fóninum

Tólf stig MGT



Birkir Vagn Ómarsson
Líkamsræktarfrömuður

Birkir Vagn, eigandi Minus 2, spilar reglulega Eurovision-lög í MGT-tímum hjá sér. Hann er, líkt og fleiri

landsmenn, forfallinn aðdáandi Eurovision og stillir hér upp sínum uppáhaldslögum keppinnar frá upphafi.

1 Hold me now

Ég var ekki gamall þegar Johnny Logan vann keppnina 1987 en ég fæ ennþá gæshúð þegar hann droppar niður á hnéð í hvítu jakkafötunum.

2 Euphoria

Það gerðist eitthvað í lífinu þegar ég horfði á Loreen líða um sviðið í Bakú berfætta.

3 J'aime la vie

Ég hélt með Söndru Kim 1986 af því að ég var brjáláður yfir að við sendum ekki Ég lifi í draumi í lokakeppnina.

4 Grande amore

Þrjú stórglæsilegir Ítalir sem syngja óaðfínanlega. Það þarf ekkert að segja meira.

5 Non ho l'età

Heyr mína bæn var lagið hennar mömmu. Þegar ég heyrði að það væri gamalt Eurovision-lag þá flaug það beint í uppáhald hjá mér.

6 Undo

2014 hélt ég að þetta lag mundi vinna. Fannst það strax flott og hækka oft í botn í bílnum og reyni að syngja með. Svo hlusta ég bara.

Guðspjallamaðurinn er reiður RÚV

Eurovision-nördinn Jóhannes Þ. Skúlason vandar RÚV ekki kveðjurnar vegna auglýsinga sem sendar eru út yfir hálfleiksatriði söngvakeppninnar. Margir aðdáendur tóku undir með honum þegar hann fordæmdi helgisþöllin í Facebook-hópi þeirra.

odduraevar@frettabladid.is

Jóhannes Þ. Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, og félagi hans Markús Þórhallsson fréttamaður eru svo eldheitir Eurovision-aðdáendur að saman hafa þeir löngum kallað sig Eurovision-guðspjallamennina Markús og Jóhannes.

Og nú er svo komið að Jóhannes hefur fengið yfir sig nóg af þeirri goðgá RÚV að rjúfa beinu útsendingarnar með auglýsingum í hálfleik og spilla þannig upplifuninni með því að svipta áhorfendur tilkomumiklum skemmtiatriðum.

„Þetta er náttúrulega óþolandi, um það eru held ég allir Eurovision-aðdáendur á landinu sammála enda er það þannig að þessar auglýsingar ná ekki til þessa hóps, enda stillir hann bara inn á aðrar stöðvar sem sýna þetta til að missa ekki af þessu,“ segir Jóhannes sem fékk góðar undirtektir frá um það bil hundrað öðrum aðdáendum þegar hann gaf RÚV rauða spjalðið í Facebook-hópi þeirra.

Upplifunin eyðilögð

„Þú verður að spyrja Ríkisútvarpið að því! Það þarf að selja auglýsingar greinilega,“ segir Jóhannes þegar hann er spurður að því hvers vegna RÚV velji þennan kost.

„Einhver minntist á það að skemmtiatriðin væru nú spiluð beint eftir keppni. En ég segi þá, bíddu er ekki upplagt að spila þessar auglýsingar allar beint eftir keppnina úr því það eru allir að horfa á sjónvarpið þá líka?!“



Eurovision-guðspjallamanninum Jóhannesi er nóg boðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Stefán Eiríksson. MYND/RAGNAR VISAGE

Jóhannes bendir jafnframt á að Eurovision sé augljóslega ein samfelld upplifun og að skemmtiatriðin séu algert konfekt fyrir einlæga aðdáendur keppinnar. „Það er verið að leggja gríðarlega mikið í þetta og það er algjörlega óþolandi að Ríkisútvarpið skuli sýna aðdáendum þessarar keppni þá vanvirðingu, svo ég segi það bara hreint út, að halda að við viljum horfa á skjáauglýsingar frá Bakarameistararum frekar en þetta.“

Jóhannes bendir á að þannig sé út í hött að spila sex, sjö mínútna auglýsingapakka yfir þessi atriði.

„Þau eru orðin töluvert stór hluti af sýningunni og mjög mikið í þau lagt eins og sást á atriði, Fai Rumore, sem var sennilega flottasta atriðið á þriðjudagskvöld,“ útskýrir Jóhannes.

Stefán Eiríksson útvarpsstjóri



Þetta er náttúrulega óþolandi, um það eru held ég allir Eurovision-aðdáendur á landinu sammála.

hefur ekki svarað fyrirspurn Fréttablaðsins um ástæður þess að stofnunin kjósi að senda út auglýsingar þessar mínútur sem greinilega eru Jóhannesi og öðru Eurovision-fólki svo dýrmætar.

Alger rökleysa

Jóhannes ítrekar að honum finnst slöpp rök að benda á að atriðið sé sýnt beint á eftir keppninni. „Þetta er svolítið eins og ef menn myndu ákveða að spila auglýsingar á 80. mínútu í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Það dettur það engum í hug, enda yrði allt sturlað.“

Þetta er náttúrulega þrjú auglýsingatími, margir að horfa og kannski korter eftir. Þá munar nú engu að henda inn sjö mínútum af auglýsingum og sýna svo bara mörkin sem koma á meðan þegar leikurinn er búinn. Þetta er nákvæmlega sami hluturinn,“ segir Jóhannes og rekur fleiri dæmi.

„Það dettur engum í hug að spila auglýsingar í tíu mínútur á meðan eitthvað er að gerast á sviðinu á Óskarsverðlaunahátíðinni. Þetta eru sömu sjónarmið. Menn spila auglýsingar fyrir og eftir Áramótaskaupið, ef það væri í beinni útsendingu myndi engum detta í hug að spila auglýsingar í átta mínútur á meðan það væri útsending í gangi á Áramótaskaupinu. Þetta er náttúrulega bara djók.“ ■

AUÐVITAÐ ER EDLILEGT...

...að innheimta milljarða í innviðagjöld af ungu fólki en ekki af olúfélögum.



Kynslóðaskattar eru góðir fyrir rekstur borgarinnar.

Minni spilling – betri borg. Burt með meirihlutann.

BETRI BORG

GRÍPTU MED ÞÉR PRINGLES FYRIR

EUROVISION



Stigin 12 fara til...



Stigatafla er bráðnauðsynleg í hverju Eurovision-partíi. Hér eru gefin stig í fimm flokkum og gefur hver flokkur að hámarki fimm stig (0-5 stig). Lögnum er í framhaldinu raðað í sæti eftir stigum og það lag sem fær flest stig vinnur.

Nafn:

1. sæti

2. sæti

3. sæti

EUROVISION

ELKO
Segafredo
ZANETTI

Land	Flytjandi	Lag	Lagið Hvernig fannst þér?	Skemmtanagildi Skilaði stuðið á sviðinu sér heim í stofu?	Sviðsetning Vindvél, ljós og jafnvel eldur.	Taktu sopa Var Evrópu þakkað í lok lags? Drekktu.	Geðþóttastig Af því bara.	Samtals
Tékkland	We Are Domi	Lights Off						
Rúmenía	WRS	Llámame						
Portúgal	MARO	Saudade, saudade						
Finnland	The Rasmus	Jezebel						
Sviss	Marius Bear	Boys Do Cry						
Frakkland	Alvan & Ahez	Fulenn						
Noregur	Subwoolfer	Give That Wolf a Banana						
Armenía	Rosa Linn	Snap						
Ítalía	Mahmood & Blanco	Brividi						
Spánn	Chanel	SloMo						
Holland	S10	De Diepte						
Úkraína	Kalush Orchestra	Stefania						
Þýskaland	Malik Harris	Rockstars						
Litáen	Monika Liu	Sentimentai						
Aserbaísjan	Nadir Rustamli	Fade To Black						
Belgía	Jérémie Makiese	Miss You						
Grikkland	Amanda Georgiadi Tenfjord	Die Together						
Ísland	Systur	Með hækki söl						
Moldóva	Zdob și Zdub & Advahov Brothers	Trenulețul						
Svíþjóð	Cornelia Jakobs	Hold Me Closer						
Ástralía	Sheldon Riley	Not the Same						
Bretland	Sam Ryder	Space Man						
Pólland	Ochman	River						
Serbía	Konstrakta	In Corpore Sano						
Eistland	Stefan	Hope						



Írar eru sigursælasta þjóð Eurovision með sjö sigra. Hér eru bræðurnir John og Edward Grimes árið 2011.

Sturlaðar Euro-staðreyndir

Úrslit Eurovision fara fram í kvöld. Gleðin verður víða um Evrópu enda keppnin einstök. Reglur keppinnar eru margar stórfurðulegar en skemmtilegar og tók Fréttablaðið saman nokkrar sturlaðar staðreyndir um Eurovision.

1	2016	3	1956	24	1983
land hefur alltaf farið áfram úr undankeppninni. Úkraína er með 100 prósentu árangur.	var Rúmeníu vikið úr keppni vegna skuldar við EBU.	lönd fengu stig frá öllum löndum. Georgía gaf ekki Finnlandi stig, annars hefðu þau verið fjögur.	fór fyrsta keppnin fram. Ekkert land sem hefur farið númer tvö á sviðið á úrslitakvöldinu hefur hrósað sigri.	orð dugðu Noregi til sigurs árið 1995 með laginu Nocturne.	hóf Ástralía að sýna frá Eurovision en keppnin er sýnd í fimm heimsálfum.
18	64	1998	5	7	6
lönd gáfu Euphoria 12 stig árið 2012. Ekkert lag hefur fengið fleiri 12 stig.	sinnur hefur keppnin farið fram en sigurvegararnir eru 67. Árið 1969 voru fjögur lönd jöfn að stigum.	var síðasta keppnin með sífonu-hljómsveit.	heimsálfur sýna frá lokakvöldinu.	lönd tóku þátt í fyrstu keppninni. Þá söng hver þjóð tvö lög.	mega vera á sviðinu í einu.
0	49	1:27	5	7	4
stig gáfu Bretar Abba árið 1974 þegar sænska hljómsveitin vann með Waterloo.	keppnir fór Portúgal í gegnum án þess að vinna. Sigur þeirra árið 2017 var þeirra fyrsti.	var lagið Aina Mun Pitää frá Finnlandi en það er stysta lag Eurovision frá upphafi.	efstu lögin í fyrra voru sungin á öðru tungumáli en ensku. Það gerðist síðast 1996.	sinnur hefur Írland unnið og Svíþjóð 6 sinnum. Lúxemburg, Frakkland, Holland og Bretland hafa unnið 5 sinnum.	sinnur hefur Valentina Monetta tekið þátt fyrir San Marino. Hún söng eitt sinn lag Ralph Siegel en hann hefur tekið þátt í 21 skipti.

Lífi ljósið hvernig sem þið kjósið

Fréttablaðið  á Eurovision



Það er magnað að fylgjast með spennustiginu í borginni stig-magnast á meðan lokakeppnin færir nær. Það er lygin líkast að við höfum nú þegar verið hér í viku, en tíminn hefur flogið á ólýsanlegum hraða. Við erum orðnar ansi naskar á opnunartíma veitingastaða á nóttunni þar sem unnið er frá morgni til kvölds og þegar klukkan er orðin eitt að nóttu áttar kona sig á því að hafa ekkert borðað allan daginn. Það er nú samt aldeilis hægt að gera eitthvað í því, í tveggja milljóna manna borg.

Dómararensli fyrir lokakvöld Eurovision-keppinnar fór fram í gærkvöldi. Systur hafa vakið verðskuldaða athygli í Eurovision-„búblunni“ og allir sem við tölum við hafa skoðun á atriðinu og langflestir eru mjög jákvæðir í garð lagsins. Þetta er skemmtileg, lítil og skrýtin sigursaga um klifur í veðbönkum og meðal flestra hér á svæðinu er spáin á þá leið að ómögulegt sé að spá fyrir um úrslit með sama hætti og fyrri ár.

Við finnum fyrir hlýju í þessu Eurovision-samfélagi og ríkri samkennd sem hverfist í kringum úkraínsku keppendurna og samfélagið þeirra hér í Tórinó. Fólk hlær og grætur í viðtölum. Einhverjir eru á því að Úkraína eigi skilið að vinna Eurovision 2022 og slíkur sigur yrði ljós í myrkrinu á skelfilegum tímum. Það eitt er víst að Eurovision-keppnin, með allri sinni gleði og glimm-

eri, skrýtilegheitum, hæfileikamagni og skemmtanagildi – óháð stigmatölum á lokakvöldið, er ljós í myrkrinu á meðan Evrópa fer í gegnum myrka tíma.

Í anda Systra sendum við ykkur ljós og kærleika frá Tórinó og biðjum ykkur að bera ljósið áfram. Og hvernig sem þið kjósið, lífi ljósið! ■



ÞAÐ
BESTA FYRIR
HAFNARFJÖRÐ

XD

Ekki gleyma
þessum systur...

Kristín

Guðbjörg

Rósa



Dýr yrði Bensl-Geir allur

Frétt vikunnar

Tómas Steindórsson

odduraevar@frettabladid.is

Fréttavikan var lituð af annars vegar heilmiklum Eurovision-spenningi og heldur dauflegri kosningabaráttu hins vegar. Þetta fór fyrir ofan garð og neðan hjá Tómasi Steindórsyni, útvarpsmanni á X-inu, sem hnaut helst um fréttir af aktivisma

gegn rafskútum. „Það sem vakti athygli mína þessa vikuna og skildi í rauninni eftir sig fleiri spurningar en svör var fréttin um „Bensl-Geir“, hjólréiðamanninn sem stundar það að bensla Hopp-hjól í skjóli nætur.“

Geir þessi sem við benslin er kenndur gaf sig fram eftir að Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri rafhlaupahjólaleigunnar Hopps, birti á Facebook mynd af honum við iðju sína og í kjölfarið var engum benslum á spurningar

Tómasar komið og þær hrönnuðust upp.

„Fyrir það fyrsta kom framkvæmdastjóri Hopps inn á það að Geir notaði sífellt þykkara bensli sem þýðir að fyrirtækið þurfti alltaf að kaupa stærri og stærri klippur, enda eðlilegt að kaupa bara akkúrat réttu stærðina á klippum þegar kemur að stærð benslisins.“

Einnig ætlaði fyrirtækið að taka lögin í eigin hendur og alls ekki blanda lögreglunni í málið.“ ■



Tómas á X-inu.
MYND/BALDUR KRISTJÁNS

Hvar er falska, gamla, fjögurra gata fylgið mitt?

Ráðherrarnir Bjarni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson feta glaðbeittir í fótspor ræningjanna í Kardemommubænum í nýju verki listmálarans Þrándar Þórarinssonar sem sótti ekki innblásturinn yfir lækinn frekar en í fyrri ádeilumálverkum.

toti@frettabladid.is

„Þau eru bara rennandi blaut enn og ég var nú bara rétt að leggja loka-hönd á þetta áðan,“ segir listmálarinn Þrándur Þórarinsson um sínar nýjustu pólitísku pensilstrokur sem skiluðu ráðherrunum Bjarna Benediktssyni, Katrínu Jakobsdóttur og Sigurði Inga Jóhannssyni á strigann í kunnuglegum sporum Kaspers, Jespers og Jónatans. Ræningjanna goðsagnakenndu sem herjuðu á Kardemommubæ.

„Það er bara gaman hjá þeim sko. Bara fjór en það náttúrulega væri óskandi að það færi fyrir þessu illþýði eins og ræningjunum. Kata myndi gerast ljónatemjari, Bjarni slökkviliðsmaður og Sigurður Ingi bakari. Ég vona bara að þessir ræningjar ræni ekki lestinni, eða Borgarlínunni, eða sporvagninum eins og í sögunni,“ segir Þrándur sem er gjarn á að blanda pólitískri ádeilu saman við olíumálninguna.

„Þau hafa verið ærin tilefning og það hefur ekkert skort á undanfarið,“ heldur Þrándur, sem ekki þarf að sækja innblásturinn langt yfir skammt á meðan salan á bréfum í Íslandsbanka er í brennidepli, áfram.


Kaka með kardemommudropum

„Ég málaði í síðustu viku mynd af Bjarna Ben að skreyta köku en var þá líka strax byrjaður á þessari og gat ekki gert upp á milli hugmynda þannig að ég ákvað bara að mála þær báðar og fannst bara upplagt að taka mið af bókarkápunni. Það er misjafnt hversu fólk er vel að sér í Kardemommubænum en flestir kannast nú örugglega eitthvað við þetta og þekkja kápuna.“

Þrándur bætir aðspurður við að myndin sé „snarföl“ þótt hann sé ekki kominn með verðmiða á hana. Þá segist hann ekki verða var við annað en að ádeiluverkum hans sé tekið fagnandi.

Biður eftir löðrungum

„Það er það eina sem ég tek eftir en ég er ekkert svo innmúraður í Sjálfstæðisflokkinn að ég viti nokkuð hvað er sagt þar. Ef það er eitthvað. Það er stundum talað um þetta sem umdeildar myndir eða eitthvað þannig en ég verð ekkert var við það sjálfur.“



Hvar er Bjarni, hvar er Katrín, hvar er Sigurður? Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má. Hvar er kertið sem við erfðum henni ömmu frá? Ég er viss um að það var hér allt í gær. Ráðherrarnir þrír eru hressir í gervi ræningjanna á striganum hjá Þrándi.

MYND/ÞRÁNDUR



Að loknu verkinu með Bjarna að skreyta köku fór Þrándur í Kardemommubæinn þar sem Katrín og Sigurður Ingi bættust í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það náttúrulega væri óskandi að það færi fyrir þessu illþýði eins og ræningjunum.

Þeir eiga það nú svoltið til að refsa fólki sem er eitthvað að gagnrýna þá og ég er alltaf að biða eftir að fá einhvern löðrung,“ segir Þrándur æðrulaus á mörkum lífs og dauða eftir að hafa í byrjun vikunnar opnað nýja sýningu í safnaðarheimili Neskirkju þar sem hann skoðar Hólavallakirkjugarð frá ýmsum sjónarhornum. ■

SÓFADAGAR

12. - 30. maí

20%
afsláttur
af sófum



OPUS u-sófi

Kósi, djúpur og notalegur u-sófi í slitgóðu, yrrjóttu áklæði. 335 x 227 x 90 cm.

Fullt verð: 309.900 kr.

Nú 247.920 kr.



STELLA

2ja sæta sófi með fallegu grænu eða bláu áklæði. 160 x 85 x 78 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Nú 95.920 kr.



LICATA hornsófi

Glæsilegur hornsófi. Fæst hægra eða vinstra horn. Kentucky koniak bonded leður. 262 x 226 x 82 cm.

Fullt verð: 269.900 kr.

Nú 215.920 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johanwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



KFC



**ÞVI ÞU ÁTT
ÞAÐ SKILIA**

Col. Harland Sanders

VILT ÞÚ UMHVERFISVÆNT TIMBUR Á PALLINN ÞINN?

Hjá okkur færðu mikið úrval af ólíku pallaefni,
verkfærum, festingum og öðru til að klára pallinn.

LUNAWOOD
THERMOWOOD
26x140 cm, burstað greni.

Vnr. 0053424
10.914 kr./m²

Thermowood frá Lunawood er hitameðhöndlað finnskt greni með aukinni endinguna án nokkurra íblöndunarefna.

Til að auka fagað yfirborð pallsins eru faldar smellulausnir í festingum.

Svansvottað timbur.



Skannaðu kóðann
& skoðaðu blaðið



SAMAN Í
60 ÁR

BYKO



HJÓLSÖG

TC-CS frá Einhell. Auðvelt og fljótlegt að skipta um blað eða að breyta skurðarhalla. 24 tanna sagarblað og hliðarland fylgja vélinni.

Vnr. 74802081

16.995

	W	KG	
	1400	4.3	190

BORÐSÖG

Á söginni er sjálfstillandi land fyrir nákvæma skurði

Vnr. 74131139

26.396

Almennt verð: 32.995

	W	KG		
	1500	4.3	465x502mm	210



BÚTSÖG

Pro Builder sögin er auðveld í notkun og hægt er að snúa söginni til beggja hliða og halla henni í 45°.

Vnr. 74137575

26.396

Almennt verð: 32.995

	W	KG	
	1700	13,9	216



KLAUFHAMAR

20oz fiber.

Vnr. 72221007

1.596

Almennt verð: 1.995



HALLAMÁL

90cm fatmax frá Stanley.

Vnr. 70143501

8.545



MÁLBAND

5 m, basic.

Vnr. 72235085

1.395



RAFHLÖÐUBORVÉL

Einhell. Partur af Power X-Change verkfæralínunni, þar sem ein rafhlaða passar í öll tækin.

Vnr. 74804130

17.246

Almennt verð: 22.995

	V		KG	Hersla
	18	1 x 1,5Ah	1,3	35Nm



BÚKKASETT

Létt og meðfærilegt iðnaðar búkkasett frá Stanley sem er samanbrjótanlegt. Tveir búkkar með traustum ál fótum og mjög sterku plast borði, þolir allt að 340 kg. Stærðin 101,7 X 75,8 X 12,5 cm.

Vnr. 70197475

14.995



BYKO SÖGIN

Þessi klassíska, 550mm á lengd.

Vnr. 70210023

1.455



VINKILL ÞRÍHYRNINGUR

Fjölhæfur járnvinkill frá Hultafors fyrir iðnaðarmenn, 20cm. Mælir 45° og 90° horn.

Vnr. 77257010

3.235



VINNUBORD

85x60cm frá Stanley.

Vnr. 70175672

24.995

Verlaðu á byko.is



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Bakþankar

Péturs Georgs Markan



Einu sinni, einu sinni enn

Ég á minningu þar sem ég sit á teppinu fyrir framan sjónvarpið heima og horfi stjarfur á Höllu Margréti syngja lokalinurnar „einu sinni, einu sinni enn“, þannig að tíminn stóð í stað. Tók engan pípuhatt og fór ekki fet, heldur starði ástfanginn, eins og ég, á þetta undur á sviðinu. Ég jafnaði mig síðan á ástinni en lagði heillar mig í hvert sinn sem ég heyri það.

Það er þessi raunfallega og ljóðræna lýsing á stund sem tekur enda, sögðum orðum og ósögðum, nótt sem færir þögninni loksins frið. Í morgunsárinu yrkja fuglarnir síðan nýjum degi ljóð.

Í dag er kosið til bæjar- og sveitarstjórna í landinu. Ég var fenginn til að stýra sameiginlegum framboðsfundi í vikunni sem leið. Það eru þrír flokkar í sveitarfélaginu sem bjóða fram og góðleg spenna í samfélaginu. Fundurinn fór vel fram, líflegur, ástríðufullur – áhugasamur um nærsamfélag og nærþjónustu. Kjósendur í sókn og frambjóðendur vaskir í verkefnið. Allt eins og það á að vera.

Þar sem ég sat og hlýddi á eina fyrirspurnina og svörin frá framboðunum þremur mundi ég allt í einu af hverju mér finnst sjálfum sveitarstjórnarmál vera meira heillandi en landsmál. Nú hef ég tekið sæti bæði á Alþingi og setið í sveitarstjórn, auk þess að stýra sveitarfélagi. Það er þessi nánd við kjósandann og ábyrgðin sem þú getur ekki vikið þér undan. Það er orðræðan sem er enn þá einlæg og blátt áfram – kannski órlítið hrá, ólíkt þeirri tilfinningalausni orðabestun sem oft einkennir landspólitik.

Það er kosið í dag um hækkanði sól, í söng og sveit – einu sinni, einu sinni enn. ■

NYTT

Sirius
...fyrir hið ljúfa líf

NOI SIRIUS COÇA HORIZONS

Vertu til í sumarblæ

Ein auðveldasta leiðin til að færa heimilinu nýtt og ferskt yfirbragð er að skipta út eða bæta við vefnaðarvörum. Litlir hentugir hlutir á borð við púða og teppi lífga upp á stofuna og stílhreint handklæði eða baðmotta geta dregið fram heilsulindarstemningu á baðherberginu. Nýjar og bjartar línur sem fegra og bæta heimilið eru nú í hverju horni í versluninni. Líttu við og skoðuðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!

Nýtt ENSTAKA ilmkerfi í glasi, 40 klst. **495,-**

Nýtt ADLAD ilmkerfi í glasi, 20 klst. **295,-**

Nýtt TOFTBO baðmotta **1.490,-**

Nýtt VATTENMÁRA púði **795,-**

Nýtt 195,- VINARN þvottastykki

Nýtt SIESJÖN handklæði, B100x150 cm **1.490,-**

Nýtt SIESJÖN handklæði, B70xL140 cm **895,-**

Nýtt SANELA púðaver, B50xL50 cm **895,-/stk.**

Nýtt DYTÁG púðaver **1.790,-**

Nýtt DYTÁG sængurverasett, B150xL200 cm **9.990,-**

Nýtt 3.990,- INGABRITTA teppi

Nýtt VINARN handklæði, B70x140 cm **1.590,-/stk.**

Nýtt ANLEDNING púðaver **995,-/stk.**

Nýtt 1.790,- NÄSSELKLOCKA púðaver, B50xL50 cm

Nýtt DYTÁG sængurverasett, B240xL220 cm **14.990,-**

Nýtt SILOMAL púðaver **1.790,-**

Nýtt SKUGGNÁVA sængurverasett, B150xL200 cm **2.990,-**

Nýtt 395,- SMYCKA gerviblóm

GRADVIS blómavasi **595,-**

GRADVIS blómavasi **595,-**

Fullkomnaðu Eurovision-veisluna



TILBOÐ 1.995,-

Tvö pizzadeig, grænmetisbakki, tvö áleggbréf, pizzasósa og rifinn ostur. **2.465,-**

Verslun opin **11-20** alla daga – **IKEA.is**





20%
afsláttur

Washington, D.C.



20%
afsláttur

Madrid

FYRSTA FLUG: 15. JÚNÍ



Tenerife



20%
afsláttur

Gautaborg

FYRSTA FLUG: 20. MAÍ



20%
afsláttur

Boston



20%
afsláttur

Stavanger

FYRSTA FLUG: 26. MAÍ



20%
afsláttur

Lissabon



20%
afsláttur

Malaga

FYRSTA FLUG: 29. MAÍ



20%
afsláttur

Brussel

FYRSTA FLUG: 24. MAÍ



20%
afsláttur

Mallorca

FYRSTA FLUG: 1. JÚNÍ



20%
afsláttur

Prag



20%
afsláttur

Kaupmannahöfn



20%
afsláttur

London



20%
afsláttur

Salzburg



20%
afsláttur

Liverpool

FYRSTA FLUG: 7. OKTÓBER



20%
afsláttur

Bologna

FYRSTA FLUG: 7. JÚNÍ



20%
afsláttur

Berlín

PLAY

Frítt flug í heilt ár?

Borgarkosningar PLAY — kjóstu þinn áfangastað!

Við fögnum fyrsta árinu okkar með spennandi atkvæðagreiðslu. Það er til mikils að vinna því þú gætir flogið frítt í heilt ár með **PLAY**. Opnaðu kjörseðilinn þinn með því að skanna QR-kóðann eða á slóðinni flyplay.com/is/kjorsedill-play.

Takk fyrir samfylgdina á síðastliðnu ári. Þitt atkvæði skiptir máli.



flyPLAY.com